

ÁSTIN FER ALDREI ÚR TÍSKU  
Gjörningaklúbburinn heldur  
veglega yfirlitssýningu í  
Hafnarhúsinu.



NÝR BÆKLINGUR FYLGIR  
MEÐ BLAÐINU Í DAG

SUMAR FERÐIR

www.sumarferdir.is

Sumarferdir - Laugavegi 26 - 575 1515

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. september 2007 — 236. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## LAUGARDAGUR

### Vika hundrað

Skemmtileg afmælisveisla, morðótt kínverskt illmenni og sólarhringslangt sumarleyfi ber á góma í hundraðustu Dagbók Práins.

DAGBÓK PRÁINS 24

### Veðramótum úthýst

Bannað að hengja upp plakát í MR.

FÓLK 66



### Lögga eldar pylsusúpu

Loftur Kristjánsson og Kristlaug María bjóða í Ljósanæturpartí.

FÓLK 66

### Mörg lið buðu í Eið

Eiður Smári Guðjohnsen er byrjaður að æfa á fullu með Barcelona og var í gær valinn í landsliðshópin gegn Spáni og Norður-Írlandi.

ÍPRÓTTIR 60 OG 62


### Hús&heimili

Nútiðin kallast á við Eddu Snorra í nýuppgerðu Grandhótel.

Í MIÐJU  
BLAÐSINS



### VEÐRIÐ Í DAG




TALSVERÐ RIGNING um allt land í fyrstu, en dregur úr úrkomu á Suður- og Suðvesturlandi í kvöld. Híti 8-12 stig á láglandi, hlýjast suðaustanlands.

VEÐUR 4

### Laugardagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmíðlakönnun Capacent í júlí 2007

## Ríkisskattstjóri boðar róttæk- ar breytingar á skattframtali

Stefnt er að því að sem flestir einstaklingar sleppi við að skila skattframtali og skattyfirvöld telji fram fyrir þá. Ríkisskattstjóri hyggst skera upp herör gegn því að fólk og fyrirtæki skili ekki skattframtali sínu.

**SKATTAMÁL** Stefnt er að því að gera tilraun með að skattyfirvöld telji fram fyrir ákveðna einstaklinga strax árið 2009. Mögulegt er að skattgreiðendur þurfi að samþykkja framtalið, en einnig er mögulegt að aðhafist þeir ekki teljist þeir hafa samþykkt framtalið óséð.

Eftir er að útfæra þessar hugmyndir nánar segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Hann hyggst skera upp herör gegn því að einstaklingar skili ekki inn framtali. Á síðasta ári skiluðu 14.500 einstaklingar ekki skattframtali, sem var nokkur aukning frá ári á undan.

„Það getur ekki gengið út frá sjónarmiði skattframkvæmdarinnar að það séu tæplega

fimmtán þúsund manns sem ekki skila skattframtali,“ segir Skúli.

Starfshópur Ríkisskattstjóra og skattstjóra hefur undanfarið fjallað um málið, og verða tillögur hópsins til úrbóta kynntar stjórnvöldum í október. Skúli vill ekki upplýsa um tillögurnar, en boðar róttækar breytingar á því hvernig tekið er á málum einstaklinga og fyrirtækja sem ekki skila framtalsgögnum, nái þær fram að ganga.

Skúli segir hluta þeirra sem ekki skili framtali erlenda starfsmenn sem farnir séu af landi brott þegar komi að því að telja fram. Eðlilegt væri að leggja á þann hóp eftir hendinni, áður en fólkíð fer úr landi. Aðrir sem ekki skili verði

hugsanlega aðvaraðir áður en gripið verði til þess að áætla á þá opinber gjöld.

Framtíðarlausnin sé þó að losa sem flesta undan framtalsskyldu með því að skattyfirvöld geri framtöl fyrir einstaklinga. „Við treystum okkur ekki til að gera þetta fyrir alla, heldur einungis þá sem uppfylla ákveðin skilyrði,“ segir Skúli.

Eftir einhvern ótilgreindan árafjölda gæti því einstaklingur sem ekki stendur í atvinnurekstri og kaupir hvorki né selur eignir sloppið við að gera framtal, veiti hann skattyfirvöldum heimild til að fá upplýsingar um stöðu á bankareikningum. - bj



Í LJÓSUM LOGUM Sumarbústaður Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra í Kópavogi, brann til kaldra kola í gærmorgun. Eldsupptök eru ókunn, en slökkviliðs stjóri Brunavarna Árnessýslu segir ummerki benda til þess að brotist hafi verið inn. MYND/MAGNÚS L. SVEINSSON

Selur alla hluti, hættir sem stjórnarformaður og ætlar í önnur verkefni:

## Finnur floginn úr Ícelandair

**VIÐSKIPTI** Finnur Ingólfsson, stjórnarformaður Ícelandair, hefur selt alla eigin hluti í félaginu og mun í framhaldinu hætta í stjórn félagsins. Karl Wernersson mun taka kjölfestu í félaginu ásamt Einar Sveinssyni í gegnum sameiginlegt félag þeirra Mátt. Karl og Einar seldu ráðandi hlut í Glitni í vor með mesta gengishagnaði sem náðist

hefur í innlendum viðskiptum.

Gengishagnaður Finns af sölunni er um 400 milljónir ef horft er framhjá fjármagnsliðum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var eignarhlutur Finns hátt skulsettur og miðað við kaup tíma bréfanna og erlenda fjármögnun má gera ráð fyrir hagnaði af fjármögnun eignarhlutarins í ljósi styrking-

ar krónunnar frá því að Ícelandair fór á markað. Finnur fer sáttur frá félaginu. „Ég mun snúa mér að öðrum verkefnum,“ segir Finnur en hann fór nýlega fyrir hópi fjárfesta sem keypti skoðunarfyrirtækið Frumherja.

Uppgjör félagsins olli vonbrigðum og kom los á kjölfestuna í félaginu sem leiddi til sölunnar. - óká

Dóni í Hafnarfirði:

## Handtekinn fyrir að áreita unglingsstúlkur

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fimmtugsaldri hafði í frammi ósæmilega tilburði þegar hann reyndi að fróa sér fyrir framman tvær unglingsstúlkur fyrir utan verslunarmiðstöðina Fjörð í miðbæ Hafnarjarðar í gærkvöld.

Í fyrstu hafði maðurinn reynt að fá stelpurnar heim með sér, en þær færðust undan því.

Tvær lögreglukonur sinntu útkalli vegna þessa. Þegar þær náguðust manninn brást hann hinn versti við og veittist að þeim. Eftir hörð átök náðist að koma manninum í handjárn.

Önnur lögreglukonan særðist í andliti og var flutt á slyshadeild Landspítalans í Fossvogi. Hún er mjög bólgin eftir árásina en að sögn varðstjóra var ekki vitað í gærkvöld hvort hún hefði brákast eða brotnað í andliti.

Árásarmaðurinn var undir áhrifum áfengis og hefur komið við sögu lögreglu áður. Hann gisti fangageymslur í nótt. - kóp

Í NÝJU LAUGARDALS-  
HÖLLINI UM HELGINA



Gefðu þér góðan tíma  
um helgina í Höllinni  
- Við tökum vel á móti þér!

Enginn aðgangseyrir

Opið í dag Laugardag

Laugardaga  
10.00-15.00

TENGI

Smíðjuvegi 76  
200 Kópavogur

Baldursnes 6  
603 Akureyri

www.tengi.is



## SPURNING DAGSINS



Dagný, er þessi ruslpóstur að ríða ykkur að fullu?

„Við höfum að minnsta kosti enn ekki fengið fullnægjandi skýringu á þessu.“

Öllum nemendum við Háskóla Íslands barst torkennilegur tölvupóstur þar sem ung stúlka óskaði eftir að eiga nán kynni við viðtakendur. Dagný Ósk Aradóttir er formaður Stúdentaráðs HÍ.

Níðingsofbeldi í Rússlandsher:

## Ákært vegna dauða nýliða

**RÚSSLAND, AP** Saksóknarar í Rússlandi birtu á miðvikudag hermenni ákæru fyrir að bera ábyrgð á dauða nýliða í hernum, sem að sögn var barinn af tveimur drukknum undirforingjum og skilinn eftir í hundabúri yfir nótt.

Nýliðinn, Sergei Sinkonen, lést af sárum sínum á sjúkrahúsi á mánudag, tveimur vikum eftir að hann fannst í blóði sínu.

Málið hefur vakið athygli á ófremdarástandi í rússneska hernum, þar sem ofbeldi er landlægt, einkum gegn nýliðum. Hundruð nýliða og annarra hermanna láta lífið árlega af völdum níðingsofbeldis.

- aa

Suður-Kóreubúi iðrast:

## Fyrirgefið að mér var rænt

**SUDUR-KÓREA, AP** Einn Suður-Kóreubúanna níttján sem voru í haldi talibana þar til nýlega hefur beðist afsóknar á fyrirhöfninni sem mannránið olli. „Ég get ekki sofið af áhyggjum vegna vand-ræðanna sem sköpuðust vegna okkar. Mér þykir þetta mjög leitt,“ sagði hann í viðtali.

Öllum gíslunum var sleppt á þriðjudag eftir að samningar tókust milli ríkisstjórnar Suður-Kóreu og talsmanna talibana. Meðal skilyrða fyrir frelsi gíslanna var að Suður-Kórea drægi her sinn til baka úr Afganistan fyrir árslok.

- sps

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Engan sakaði í 5 bíla árekstri

Engan sakaði í fimm bíla árekstri á afreim frá Skeiðarvogi inn á Miklu-braut síðdegis í gær. Lögreglu-, sjúkra- og slökkviliðsbílar voru sendir á staðinn. Talsverðar tafir urðu á umferð og stjórnandi lögreglu umferðinni einhverja stund.

Tyrkir að venjast því að hafa íslamsk-sinnaðan forseta:

## Friður um fyrstu embættisverk

**TYRKLAND, AP** Nýkjörinn forseti Tyrklands, sanntrúaður múslimi sem hefur heitið því að virða aðskilnað ríkis og íslams, fékk á miðvikudag í hendur fyrsta embættisverk sitt: að fara yfir ráðherralista nýrrar ríkisstjórnar. Uppstokkun í stjórninni varð nauðsynleg ekki síst vegna kjörs Abdullah Gül til forseta, þar sem hann var utanríkisráðherra. Á fimmtudag sat Gül síðan við hlið yfirmanns heraflans, Yasars Büyükanit, við hátíðarhöld hersins í tilefni af 85 ára afmæli sigurs yfir Grikkjum. Büyükanit hafði beitt sér af hörku gegn forsetaframboði Güls.

Gül náði kjöri til forseta í atkvæðagreiðslu á þingi á þriðjudag, að undangengnum mánaðalöngum hörðum átökum milli hins trúarlega sinnaða stjórnarflokks, sem hann var í framboði fyrir, og hinna veraldlega sinnuðu mót-herja hans. Forsetaembættið hefur fram til þessa verið mikið vígi veraldarhyggjunnar í tyrkneskum stjórnarmálum.

Forsetinn hefur vald til að hafna einstökum ráðherraefnum, en ekki var gert ráð fyrir að Gül gerði neinar athugasemdir við ráðherra val samherja síns, Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra. Búist var við að Ali Babacan, sem



Í BRÓÐERNI Yasar Büyükanit, yfirmaður Tyrklands hers, og Abdullah Gül forseti fylgjast með hersýningu í Ankara á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hefur stýrt aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, tók við utanríkisráðherraembættinu. - aa

## Brynja sig í slagnum gegn einkavæðingu

Pingflokkur VG vill að afleiðingar markaðs- og einkavæðingar almannapjónustu verði kannaðar. Beiðni um slíka könnun verður lögð fram við upphaf þings í haust. Steingrímur J. Sigfússon býst við nýrri holskeflu einkavæðingar.

**STJÓRNMÁL** „Við erum öðrum þræði að brynja okkur í slagnum gegn nýrri holskeflu einkavæðingar,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, en þingflokkur VG ætlar við upphaf þings í haust að óska eftir að gerð verði úttekt á afleiðingum markaðs- og einkavæðingar á undirstöðustofnum almannapjónustunnar.

VG skilgreinir almannapjónustu vítt; horfir til fjarskipta, samgangna og orkumála, ekki síður en mennta og heilbrigðisþjónustu. Vilji VG stendur til að úttektin nái bæði til stofnana og þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Áhyggjur Steingríms af frekari markaðs- og einkavæðingu grundvallast bæði á yfirlýsingum stjórnarmálanna og upplýsingum úr stjórnkerfinu. „Við höfum vitneskju innan úr heilbrigðiskerfinu um að heilbrigðisráðherra [Guðlaugur Þór Þórðarson] hafi nánast gefið fyrirmæli um að það skuli alls staðar leita logandi ljósi að slíkum möguleikum.“ Þá séu sjónarmið í þessa átt ekki einskorðuð við Sjálfstæðisflokkinn. „Innan raða Samfylkingarinnar hafa verið raddir í þessa átt. Varaformaðurinn [Ágúst Ólafur Ágústsson] hefur til dæmis talað býsna afdráttarlausum um að nýta kosti einkaframtskins.“

Í ræðu á flokksráðsfundi VG á Flúðum í gær sagði Steingrímur að heilbrigðisráðherra mætti vita að grannt verði fylgt með ef „einkavæðingarvaltarinn á næst að rúlla yfir heilbrigðismálin að bandarískri fyrirmynd“.

Í ræðunni sagði Steingrímur flokk sinn þann eina sem væri fær um að vera höfuðandstæðingur og



RÆÐA FORMANNS Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði flokk sinn þann eina sem væri fær um að vera höfuðandstæðingur og mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn.

### ÚR DRÖGUM AÐ ÁLYKTUNUM VG

#### Velferðarmál

„Flokksráð VG krefst þess að fallið verði frá öllum áformum um frekari einkavæðingu og einkarekstur að sinni.“

#### Umhverfismál

„Almennar leikreglur eru óskýrar og takmarkaðar og mikið skortir á að lýðræðisleg vinnubrögð hafi verið stunduð við stefnumótun eða laga-setningu. Orkufyrirtækin eru notuð sem keyri og beitt er aflsmunar gegn náttúruverndarsamtökum, einstaklingum og fámennum sveitarfélögum til að knýja fram niðurstöðu sem er

stóriðjusinum þóknarleg.“

#### Utanríkisráð

„Enn bólar ekkert á efndum loforða um að skapa nýjan samskiptavettvang stjórnmalaflokkanna í landinu á sviði öryggismála til umræðna og stefnumótunar.“

„Fundurinn felur stjórn og þingflokki flokksins að berjast áfram fyrir því að hinn hörmulegi og misráðni stuðningur fyrirverandi ríkisstjórnar við Íraksstríðið verði formlega afturkallaður og nafn Íslands tekið af lista hinna vígfúsu þjóða.“

mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn eftir að Samfylkingin hefði sagt sig frá verkefninu. Framsóknarflokkurinn væri enda tæður upp af sambúðinni við Sjálfstæðisflokkinn og Frjálslyndi flokkurinn hægra megin við miðju.

Kvað hann þá sem haft hafi áhyggjur af fálíðaðri stjórnarandstöðu geta verið rólega; Vinstri hreyfingin - grænt framboð muni skila sínu og það af fullum þunga þess aukna afls sem flokkurinn býi yfir.

bjorn@frettabladid.is

Slagurinn harðnar um Stork:

## LME hefur náð 43,3 prósentum

**VIÐSKIPTI** Eignarhlutur LME, eignarhaldsfélags Landsbankans, Marel og Eyrís Invest, í Stork í Hollandi er nú 43,3 prósent.

LME hefur markvisst aukið hlut sinn í Stork, en Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrís, segir að með því sé sýnd langtímaskuld-binding gagnvart samstæðunni. „Aukinn eignarhlutur er jafnframt ætlaður til að tryggja og vernda þá fjárfestingu sem þegar hefur verið lögð í félagið,“ segir hann. LME verst yfirtökuáætlunum fjárfestingafélagsins Candover sem Árni segir ætla að beita aðra hluthafa þrýsting jafnvel þó það næði bara 51 prósent hlut í Stork.

- óka



LÖGREGLAN Uppsagnir fleiri lögreglumanna sagðar væntanlegar.

Vilja hitta fjármálaráðherra:

## Lögreglumenn eru í biðstöðu

**KJARAMÁL** Landssamband lögreglumanna hefur farið fram á fund með fjármálaráðherra vegna þeirrar stöðu sem uppi er hjá lögreglunni, að sögn Steinars Adolffssonar, framkvæmdastjóra sambandsins.

Tugir lögreglumanna hafa sagt upp vegna óánægju með launakjör og aðrir bíða eftir viðbrögðum ráðuneytisins.

„Það heyrir eftir okkar stjórnarmönnum sem starfa í embættum víðs vegar um landið að það séu margir félagsmenn sem bíði með

upsagnir þar til niðurstaða úr viðræðum Landssambandsins og fjármálaráðuneytisins liggja fyrir,“ segir Steinar.

- jss

Tólf ára og yngri inn fyrir átta:

## Útivistartími barna styttist

**UPPELDI** Útivistartími barna og unglinga breytist í dag. Frá og með 1. september mega tólf ára börn og yngri vera úti til klukkan átta á kvöldin, en þrettán til sextán ára unglingar mega vera úti til klukkan tju.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum, en þeim er meðal annars ætlað að tryggja nægan svefn barna og unglinga. Ætla má að börn og unglingar á grunnskólaaldri þurfi tíu tíma svefn á nóttu, segir í tilkynningu frá lögreglu.

- sps

Mál Olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu:

## Matsmenn kvaddir fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Matsmenn verða kvaddir fyrir dóminn í máli Olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu. Úrskurðað var um þetta í gær en olíufélögin voru dæmd til þess að greiða 100 þúsund krónur í málskostnað. Olíufélögin krefjast þess að sektir samkeppnisfirvalda verði dæmdar ógildar.

Þess var krafist af hálfu Samkeppniseftirlitsins og ríkisins að yfirmatsnefnd yrði skipuð til þess að fara yfir álitamál sem snúast um, með einum eða öðrum hætti, hvaða forsendur eru notaðar til þess að meta það hvort samráð olíufélaganna Olís, Skeljungs og Kers, áður Olíufélagansins, á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001, hafi valdið tjóni eða ekki. Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Samkeppnis- eftirlitsins, segir ómögulegt að



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Olíufélögin hafa tvær vikur til þess að áfrýja niðurstöðunni til Hæstaréttar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

segja hvaða áhrif þetta muni hafa á málsmeðferðina fyrir dómi en segir álit matsmanna geta skipt miklu máli þegar tekist er á um málið fyrir dómi.

Hörður F. Harðarson, lögmaður Skeljungs, segir það hafa verið mat lögmanna olíufélaganna að matsbeiðnirnar sem tekist var á um hafi ekki verið í samræmi við réttarfarsreglur og því hefði ekki átt að taka þær til greina.

Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðmundur K. Magnússon unnu að matsgerð fyrir olíufélögin og komust að þeirri niðurstöðu að ávinningur félaganna hefði verið á bilinu núll til 800 milljónir króna.

Meðal annars á grundvelli þessa mats telja lögmenn olíufélaganna aðferðafræði við ákvörðun stjórnvaldssekta samkeppnisfirvalda ranga. Olíufélögin voru sektuð um 1,5 milljarða króna fyrir samráðið.

Olíufélögin hafa tvær vikur til þess að kæra niðurstöðuna til Hæstaréttar.

- mh

## INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

ALLT AÐ 100% LÁNI!

### HREINSUNARDAGAR!

Um helgina verða hreinsunardagar hjá Ingvari Helgasyni. Starfsmenn okkar ætla að hreinsa til í fyrirtækinu. Kiktu á okkur um helgina, hjálpaðu til við tiltekta og nældu þér í bíl á flottu verði.

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020





# Merkjavara

Auðvitað vilja meðvitaðir neytendur vita hvaðan varan sem þeir kaupa er upprunnin. Íslenskir kartöflubændur vinna nú að því að **auðkenna** framleiðslu sína með röndinni í íslensku fánalitunum. **Íslenskir neytendur velja íslenskar kartöflur, ræktaðar í hreinu lofti í íslenskum jarðvegi.**





GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	63,04 63,34
Sterlingspund	127,29 127,91
Evra	86,12 86,60
Dönsk króna	11,560 11,628
Norsk króna	10,832 10,896
Sænsk króna	9,197 9,251
Japanskt jen	0,5416 0,5448

SDR 96,57 97,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 116,911

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Valgerður Svverrisdóttir segir stefnu nýs ráðherra í varnarmálum keimlíka sinni:

# Þverpólitísk samstaða möguleg

**UTANRÍKISMÁL** „Við eigum að geta náð algjörrri þverpólitískri samstöðu um varnarmál,“ segir Valgerður Svverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra flutti ræðu í Norræna húsinu í vikunni, þar sem hún sagði ráðuneytið vinna að mati á ögnum og framtíðarstefnu í varnarmálum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er útkomu að vænta á næstunni.

„Mér sýnist ræðan vera mjög sambærileg ræðu sem ég flutti 18. janúar í Háskóla Íslands. Ég



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**  
Fyrrverandi utanríkisráðherra segir stefnu stjórn-málaflökkanna í varnarmálum svipaða.  
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

er að sjálfsgöðu ánægð með að hún tali á svipuðum notum og ég gerði í embætti,“ segir Valgerður.

„Að vísu notaði ég ekki orðið

„ógnarmat“ en ég talaði um að setja á fót öryggis- og varnarmálasetur, þar sem væru bæði fræðimenn og embættismenn, sem störfuðu sjálfstætt gagnvart þeim sem móta stefnuna hverju sinni. Það er ekki óþekkt því sem hún er að tala um,“ segir Valgerður.

Valgerður segir stjórn-málaflökkana alla geta nátt um varnarstefnu. „Hins vegar er hugsanlegt að Vinstri græn vilji pólitíkurinnar vegna hafa einhverja sérstöðu.

En ég fæ ekki séð að það geti verið djúpur ágreiningur,“ segir Valgerður.

-sgj

Ráðstefna um landgræðslu:

# Í skugga stærri umhverfismála

**UMHVERFISMÁL** „Hnatrænar áhyggjur af stóru umhverfismálunum, til dæmis hlýnun jarðar, hafa skyggt á önnur vandamál, eins og landeyðingu,“ segir Andrew Campbell, ástralskur umhverfissinni. Hann er einn af fjölmörgum ræðumönnum á alþjóðlegu samráðsþingi um jarðvegsvernd, sem hófst í gær á Selfossi. Ráðstefnan er haldin í tilefni af aldarafmæli Landgræðslu ríkisins, en ekki er talið að nokkur þjóð hafi starfrækt lengur samfleytt samtök um landgræðslu og stöðvun jarðeyðingar. Hundrað erlendir og fjörutíu innlendir gestir taka þátt í ráðstefnunni. -sgj



**FIARSTÝRÐI BÍLLINN** Þetta er bíllinn sem maðurinn hótaði að skjóta. Eigandi bílsins hafði keyrt hann í tæpar fimm mínútur eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudaginn.

Byssumaður í Hafnarfirði:

# Rannsókn lýkur á næstunni

**LÖGREGLUMÁL** „Málsatvik liggja nokkuð ljóst fyrir. Málið verður sent til saksóknara á næstunni,“ segir Óskar Sigurðsson lögreglu-fulltrúi.

Atvikið átti sér stað á sunnudag þegar karlmaður fór út með haglabyssu og hótaði að skjóta fjarstýrðan bensínbíl, sem 23 ára piltur var að keyra í götunni, ef hann dræpi ekki á bílnum.

Pilturinn forðaði sér hið snarasta og hringdi í lögregluna sem hafði nokkurn viðbúnað.

Maðurinn var færður á lögreglustöð og sleppt að loknum yfirheyrslum daginn eftir.

-aví

## LEIÐRÉTTING

### Staða barna eflid

Í upptalningu á verkom ríkisstjórnarinnar fyrstu hundrad starfsdaga hennar í Fréttablaðinu í gær láðist að geta samþykktar Alþingis á tillögu félagsmálaráðherra um að gerð verði aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra.

# Stefnt í lífshættu af sambylismönnum

Þrjár konur sem leitað hafa aðstoðar Áfallamiðstöðvar eru taldar í stöðugri lífshættu vegna ofbeldis sambylismanns. Fjórðungur kvenna hefur orðið fyrir ofbeldi. Gerandi ofbeldis gagnvart konum er oftast einhver nákominn þeim.

**HEIMILISOFBELDI** Þrjár konur, sem leitað hafa til Áfallamiðstöðvar Landspítalans í Fossvogi, eru í stöðugri lífshættu vegna kúgunar sambylismanns. Þetta segir dr. Berglind Guðmundsdóttir, sálfræðingur á Áfallamiðstöðinni.

„Þær hafa leitað til okkar og árasirnar, ógnirnar og áverkarnir, þetta hefur allt verið mjög alvarlegt. Þetta er endurtekið ofbeldi sem er enn í gangi. Ofbeldismaðurinn er stöðugt að ógna og maður veit aldrei hvernær lífshættuleg árás getur átt sér stað,“ segir Berglind.

Fjöldi kvenna leitar aðstoðar Áfallamiðstöðvar vegna ofbeldis. „Konur koma annaðhvort til okkar beint út af ofbeldinu, eða leita til okkar vegna áverka sem grunur leikur á að séu vegna heimilisofbeldis,“ segir Berglind.

„Oft koma konurnar inn með ofbeldismanninum,“ segir Berglind. „Hann kemur og stendur vörð um þær, til að tryggja að þær segi ekki frá. Starfsfólk þarf að geta greint vandann þegar konur koma ítrekað inn með óskilgreinda áverka.“

Berglind segir að konurnar þori oft ekki að segja frá ofbeldi-



**HEIMILISOFBELDI** Samkvæmt rannsóknnum hefur þriðjungur kvenna orðið fyrir ofbeldi, oftast af hendi einhvers sem þær þekkjá.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

inu og stundum sé nauðsynlegt að spyrja þær beint um það. „Þær óttast mennina svo mikið að þær eru hræddar við að kæra og fara lagalegu hliðina. Þær óttast jafnvel að fara úr ofbeldissambandinu, en rannsóknir sýna að ofbeldi versnar oft við að þær fara úr sambandinu,“ segir Berglind.

Oft hafa lögreglan og stuðningsamtök engin ráð til að stöðva

ofbeldismenn, að sögn Berglindar. „Stundum hverfa konurnar frá okkur og afþakka þjónustu. Þá vitum við ekki hvað verður um þær. Ef ofbeldismaðurinn er á einhvern hátt í lífi konunnar stoppar ofbeldið ekki nema hann leiti sér hjálpar.“

Í kynferðisafbrotamálum fær þolandinn lögfræði- og sálfræðisþjónustu og eftirfylgd ef hann vill. Berglind segir stefnt að því að setja heimilisofbeldismálin í sama farveg, en til þess vanti peninga. „Við bindum vonir við að það fáiast fjármagn til að byggja þessa þjónustu upp enn frekar og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur sagst ætla að setja málaflökkinn í forgang,“ segir Berglind.

steindor@frettabladid.is

Allsherjarþing í september:

# Hjálmar einn varaforseta SP

**UTANRÍKISMÁL** Hjálmar W. Hannesson sendiherra hefur verið kjörinn einn af varaforsetum 62. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem hefst í



**HJÁLMAR W. HANNESSON**

september. Hjálmar er einn sextán kjörinna varaforseta þingsins, en hann er fastafulltrúi Íslands hjá SP.

Varaforseti allsherjarþings tekur þátt í starfi nefndar þingsins sem ákveður dagskrá þess og hleypur í skarð forseta þegar svo ber undir. Áður hafa Thor Thors, Tómas Á. Tómasson og Þorsteinn Ingólfsson gegnt embættinu. -sps



**SKILLANDSÁ** Mennirnir voru orðnir blautir þegar björgunarsveit bar að.

Björgunarsveitin Ingunn:

# Bíl bjargað úr Skillandsánni

**SLYS** Björgunarsveitin Iðunn á Laugarvatni dró í gær bifreið með tveimur mönnum úr Skillandsá, við bæinn Miðdal í Bláskógabyggð.

Sveitin var kölluð út um klukkan 17.30 og gekk björgunarstarf vel fyrir sig.

Mennirnir voru orðnir nokkuð blautir þegar sveitina bar að, því flætt hafði inn í bílinn. -kóp

## Bakleikfimi í vatni

Betri liðan í hálsi, herðum og baki. Skemmtileg og árangursrik þjálfun undir leiðsögn sjúkrapjálfa.

Rólegir- og kröftugir hópar, í hádeginu og eftirmiðdaga í nýlegri og bjartri sundlaug við Laugarás.

Sjúkrapjálfafor: Harpa Helgadóttir MTC, MHSc, Hildur Guðny Ásgeirsdóttir og Gunnur Róbertsdóttir.

Skráning for fram í síma 511 1575 / 897-2896

Verfaða: www.bakleikfimi.is • Netfang: harpa@ch.is

## VEÐURSPÁ

**um hádegi »**

**» á morgun**

Hæg norðlæg átt um allt land

**» mánudagur**

Sunnanáttir, 5-10, hvasst sunnantil.

Stað	Veður	Temperatúra
Kaupmannahöfn	17°C hálfskýjað	London 21°C léttskýjað
Billund	16°C rigning	Paris 21°C léttskýjað
Oslo	13°C skýjað	Frankfurt 20°C skúrir
Stokkhólmur	15°C skýjað	Friedrichshafen 18°C skúrir
Gautaborg	15°C léttskýjað	Berlin 21°C skýjað
Eindhoven	19°C skúrir	
Basel	24°C skúrir	
Alicante	27°C léttskýjað	
Róm	29°C heiðskirt	
Las Palmas	23°C heiðskirt	

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavinanna

## Viðskiptavinir Vodafone í fyrsta sæti

Við lítum ekki bara á það sem skyldu okkar að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu, okkur finnst hreinlega ekkert annað koma til greina. Þetta hefur líka skilað sér í því að viðskiptavinir Vodafone eru ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

Hringdu í 1414 og vandamálið er úr sögunni

Gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone





Finnst þér lögregluþjórnar of lágt launaðir?

Já	81%
Nei	19%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér ríkisstjórnin hafa staðið sig vel á fyrstu hundrað dögnum við völd?

Segðu skoðun þína á visir.is



Bókaútgáfa Eddu og JPV-útgáfa hafa undirritað viljayfirlýsingu um að sameinast í nýju Forlagi:

# Sögulegar sættir á íslenskum bókamarkaði

**BÓKAMARKAÐUR** „Já, þú mátt alveg kalla það sögulegar sættir. Eg myndi kannski ekki hafa orðið „sögulegt“ um þetta en þetta er merkilegt og vonandi farsælt skref,“ segir Halldór Guðmundsson, væntanlegur stjórnarformaður Forlagsins, nýrrar bókaútgáfu.

Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi undirritaði í gær viljayfirlýsingu um nýtt útgáfufyrirtæki með gömlum félögum, þeim Árna Einarssyni og Halldóri Guðmundssyni. Forlagið yrði sameinuð bókaútgáfa Máls og menningar, JPV-útgáfu, Vöku-Helgafells og annarra forlaga, sem áður voru undir Eddu-miðlun, utan Almenna bókafélagsins.

Jóhann tengdist Máli og menningu, Eftir að hún keypti eldra Forlag hans árið 1990. Jóhann yfirgaf seinna fyrirtækið við litla hrifningu Menningarmanna.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON

Halldór segir að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan og löngu gróíð um heilt. Hann hafi til að mynda gefið út tvær bækur hjá JPV í millitíðinni. Mál og menning vinnur nú að því að kaupa bókaútgáfu Eddu og kæmi Jóhann Páll inn í kaupin til helminga, að því loknu.

Undanfarin ár hafa verið erfið í bókaútgáfu, segir í tilkynningu vegna þessa, en með nýju félagi verði stefnt að aukinni hagræðingu og nýtingu bókalagers og réttinda.



JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON

með sameiningu Máls og menningar og Vöku-Helgafells, en þeirri tilraun lauk nærri gjaldþroti. „Allir aðilar þessa máls hafa í sögu íslensks bókamarkaðar gert ýmis mistök. En við eigum líka flotta og stolta bókaútgáfusögu og við höfum ýmislegt lært.“

Ef af verður, sest Árni Einarsson, núverandi forstjóri Eddu, í stjórn hins nýja félags. Jóhann Páll tekur við stöðu útgefanda og sonur hans, Egill Örn, verður framkvæmdastjóri Forlagsins. Halldór fer með stjórnarformennsku, sem fyrr segir.

- kóp



Tilboðið gildir aðeins í dag



**40%** afsláttur

FLEX fataskápur, hvítur, B:150 D:60 H:220 cm.

**34.980**

áður: 59.980

Gildir meðan birgðir endast



HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • opið í dag frá kl. 11-18

# Niðurdreginn eftir bruna griðastaðarins

Sumarbústaður Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra Kópavogs, brann til kaldra kola í gærmorgun. Ummerki benda til þess að kviknað hafi í af völdum innbrotspjöfa eða hústökufólks. Slökkviliðsmenn sluppu heilir frá öflugri eldsprengingu.

**BRUNI** „Maður er óneitanlega frekar niðurdreginn eftir svona fréttir,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi. Sumarbústaður Gunnars í Grímsnesi brann til kaldra kola í gær. Ummerki á vettvangi benda til þess að brotist hafi verið inn í bústaðinn.

„Þetta er hundleiðinlegt mál. Þetta var griðastaður fjölskyldunnar. Maður gat farið þarna til að hvíla sig,“ segir Gunnar. Hann segir mikið af persónulegum munum hafa verið geymda í bústaðnum.

Tilkynnt var um eldinn á níunda tímanum í gærmorgun. Logaði þá glatt og sást reykurinn frá Selfossi. Eldsprenging varð í bústaðnum þegar reykkafarar Brunavarna Arnessýslu ætluðu að ráðast til inngöngu til að kanna hvort einhver væri inni.

„Við héldum fyrst að það væri kannski eitthvað fólk inni,“ segir Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri. „Það var enginn bíll á svæðinu en maður veit aldrei.“ Slökkviliðsmennirnir sluppu heilir á húfi úr sprengingunni. Enginn hefur verið í bústaðnum með vitneskju Gunnars síðan á sunnudaginn síðasta.

Unnið er að rannsókn á eldsupptökum. Kristján segir að ummerki bendi til þess að brotist hafi verið inn. „Mínir menn sem komu fyrstir á staðinn sáu að það



MYND TEKIN KLUKKAN 9.09 Slökkvilið kom á vettvang klukkan 8.45 og rúmum 20 mínútum síðar teygði reykjarsúlan sig hátt til lofts. MYND/MAGNÚS L. SVEINSSON



MYND TEKIN KLUKKAN 9.19 Bústaðurinn stóð í ljósum logum áður en langt um leið. MYND/MAGNÚS L. SVEINSSON



RÚSTIR EINAR Slökkvistörfum lauk rétt fyrir klukkan tíu. Þá var svona umhofs á svæðinu. Myndin er tekin síðdegis. MYND/EGILL BJARNASON

hafði örugglega verið brotist inn í bústaðinn. Það var búið að spenna upp glugga á honum. Okkur datt í hug að þetta gæti

hafa verið hústökufólk eða eitthvað slíkt. En það er ekkert sem er vitað að svo stöddu.“

stigur@frettabladid.is

Aflaheimildir dragast saman um nítján prósent á nýju fiskveiðiári sem hefst í dag:

## Tíu þúsund tonn af þorski óveidd

**SJÁVARÚTVEGUR** Tæp 300 þúsund þorskígildistonn skiptast á milli 767 skipa og báta á nýju fiskveiðiári sem hefst í dag.

Bróðurparturinn, 268 þúsund tonn, kemur í hlut 345 skipa í aflamarkskerfinu en rúmum 33 þúsund tonnum er úthlutað til 422 krókabáta.

Aflaheimildir nýja fiskveiðiársins eru tæpum nítján prósentum minni en þess nýliðna. Er þetta mesti samdráttur aflaheimilda á milli ára frá því kvótakerfið var innleitt.

Enn eru óveidd um tíu þúsund tonn af þorski frá fiskveiðiárinu sem lauk í gær og rúm fjórtán þúsund tonn af ýsu. Að sama skapi veiddist talsvert meira af löngu, keilu og steinbít en útgefið aflamark síðasta árs sagði til um. Heimilt er að flytja ónýttar afla-

**KVÓTAMESTU FYRIRTÆKIN**

HB Grandi	30.305
Samherji	21.499
Brim	21.078
Porbjörn	15.457
FISK-Seafood	13.526

Tölur eru í þúsundum þorskígildistonna.

**KVÓTAMESTU SKIPIN**

Guðmundur í Nesi RE	8.803
Brimnes RE	8.585
Arnar HU	5.386
Baldvin Njálsson GK	5.208
Björgúlfur EA	5.132

Tölur eru í þúsundum þorskígildistonna.



**SIGLTIÐ HEIMAHAFNAR** Brimnesið býr yfir rúmlega 8.500 þorskígildistonnum á nýju fiskveiðiári.

heimildir milli ára. HB Grandi er kvótahæsta útgerð landsins en á eftir koma Samherji og Brim.

Skip Brims; Guðmundur í Nesi og Brimnes hafa mestar aflaheimildir skipa í þorskígildistonnunum talið.

- bps



# VERÐHIRUN Á HJÓLUM

allt að

# 50%

afsláttur



# 20%

afsláttur af Lazer og  
sixsixone hjálmum



## Ágætu foreldrar/forráðamenn

Þegar krakkar fara að vera meira úti á hjólum, línuskautum, brettum er að ýmsu að huga til að sú skemmtun verði örugg.

- Yngstu börnin eiga ekki að hjóla nálægt umferðargötum. Farið út með barninu og kennið því hvar öruggt er að hjóla.
- Þó yngstu börnin geti hjólað með hjálpardekk þá þarf að kenna þeim að bremsa og að líta vel í kringum sig.
- Börn yngri en 12 ára ættu aldrei að hjóla úti í umferðinni. Mikilvægt er að þau virði umferðarreglurnar, gæti vel að sér við götur og teymi hjól yfir þær.
- Börn eiga að vera á öruggum svæðum á hlaupahjólum, hjólabrettum og línuskautum. Kennið börnunum að stöðva. Mikilvægt er að stilla hlaupahjól rétt fyrir barnið þannig að það sé upprétt á hjólinu og sjái vel í kringum sig.
- Brýnið fyrir börnum að nota alltaf viðeigandi öryggisbúnað og farið yfir umferðarreglur með þeim.

	Hjálmur	Olnboga- hlífar	Hné- hlífar	Úlniðs- hlífar
Reiðhjól	•			
Línuskautar	•	•	•	•
Hjólabretti	•	•	•	•
Hlaupahjól	•	•	•	
Þríhjól	•			

Herdís L. Storgaard  
Forstöðumaður Forvarnahússins, [www.forvarnahusid.is](http://www.forvarnahusid.is)

SIÖVA  
FORVARNAHÚSIÐ

Gildir til 9. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





- 1 Hversu mörg vopn hafa fundist í tollinum í sumar?
- 2 Hvað heitir forstjóri Samkeppniseftirlitsins?
- 3 Hversu margir hundar hafa greinst með lifrabólgu í ár?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Arkitektar leggja lokahönd á hönnun nýbygginga við Laugaveg 17 til 21:

## Nýr búðaklasi mun rísa á Laugavegi

**SKIPULAG** Arkitektar munu fyrir lok þessa mánaðar skila hugmyndum að hönnun nýbyggingar við Laugaveg 17 til 21 og reitnum þar fyrir aftan að Smiðjustíg.

Benedikt T. Sigurðsson, hjá eignarhaldsfélaginu Festum sem á lóðir upp á samtals um fjögur þúsund fermetra á þessum reit, segir ljóst að húsið á Laugavegi 19, þar sem nú er veitingastaðurinn Indókína, verði rífið.

Heimild sé til að flytja Laugaveg 21, svokallað Hljómalindarhús, á annan stað í borginni en framtíð þess sé óráðin.

Einnig segir Benedikt að Smiðjustígur 4a þar sem nú er



**LAUGAVEGUR 21** Hljómalindarhúsið kann að verða flutt af Laugaveginum.

barinn Grandrokk verði rifinn. Hið sama gildi um bakhús á



**LAUGAVEGUR 19** Byggt 1904 og verður rífið.

Laugavegi 17 en aðalhúsið muni standa þar áfram.

Benedikt segir of snemmt að segja nákvæmlega hvaða starfsemi verði í nýju byggingunum.

„Arkitektarnir fóru af stað með að þarna yrðu skrifstofur, verslun, þjónusta, veitingastaðir og að þar gæti verið hótél og íbúðir. Það gefur hins vegar auga leið að verslun verður á fyrstu hæðinni,“ segir Benedikt. Undir húsinu verður bílastæðakjallari.

Deiliskipulag fyrir þann hluta lóðar Festa sem snýr að Laugavegi er nokkurra ára gamalt. Benedikt segir eftir að vinna skipulag fyrir Smiðjustígshlutann. Það verði gert að fengnum tillögum arkitektanna.

- gar

## FRÆGASTA BÓKABÚÐ Í HEIMI

– opið til kl. 22.00 öll kvöld

**BOKABÚÐ**  
MÁL & MENNINGAR  
LAUGAVEGI 18



### DÓMSMÁL

#### Með kannabis heima

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa í fórum sínum 193 grömm af hassi og 55 grömm af marjúana sem fundust við húsléit á heimili mannsins í Hafnarfirði í mars í fyrra.

#### Gervitennurnar brotnuðu

Tæplega sextugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að slá 48 ára karlmann hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að gervitennur í efri góm brotnuðu. Mönnunum lenti saman inni á veitingastaðnum Kaffi Stíg á Rauðarárstíg í Reykjavík.

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Stal flatskjá úr bát

Einhver óprúttinn braust inn í bát í Reykjavíkurböfn í fyrrinótt. Þegar eigandinn kom í bátinn í gærmorgun var flatskjár horfinn þaðan. Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur enginn verið handtekinn vegna málsins.



**MATHIAS HINZ** Mathias var 28 ára lögreglumaður og þrautreyndur fjallgöngumaður, rétt eins og vinur hans Thomas.

## Þjóðverjanna ákæft saknað

Ættingjar Þjóðverjanna tveggja sem týndust á Svínafellsjökli vilja koma á framfæri þakklæti sínu til leitarfólks. Annar þeirra hefði orðið 25 ára í dag.

**MANNSHVÖRF** Thomas Grundt, annar Þjóðverjanna tveggja, sem týndust á Svínafellsjökli fyrir mánuði, hefði orðið 25 ára í dag. Móðir hans, Brigitte Glinke, er hér á landi ásamt eiginmanni sínum og hélt austur að Svínafellsjökli í gær, en snýr aftur til Þýskalands á morgun.

Hún vill koma á framfæri einlægu þakklæti fjölskyldunnar til allra sem tóku þátt í leitinni, sem er ein sú umfangsmesta sem gerð hefur verið hér á landi. Barbara Hinz, móðir Mathiasar Hinz var einnig hér á landi í síðustu viku og hafði þá einnig komið á framfæri þökkum til leitarfólks.


Ættingjar og vinir þeirra beggja fylgdust grannt með leitinni og þeirra er sárt saknað. Þeir hafa lengi verið góðir vinir og voru báðir þrautreyndir í fjallgöngum og ísklifri. Þeir komu til Íslands til að láta gamlan draum rætast, sem var að ganga á íslensk fjöll og jökla.

Í minningarorðum, sem ættingjar þeirra beggja hafa sent frá sér, kemur fram að Mathias hafi verið lögreglumaður en Thomas fjarskiptarafeindafræðingur.

„Mathias var áhugasamur um allt milli himins og jarðar,“ segja ættingjar hans í minningarorðum sínum um hann. „Helstu áhugamál hans í frítíma voru fjallgöngur og klifur og hafði hann því klifið mörg há fjöll og jökla. Draumur hans var að sjá og klífa íslensk fjöll.“

Ættingjar Thomasar segja áhugamál hans hafa verið „fjalla-hjólreiðar, maraþon, fjallaklifur og ísklifur. Stærsta ósk hans var að stunda ísklifur á íslenskum jökli.“

Þeir komu til landsins 27. júlí og áttu pantað flugfar heim 17.



**THOMAS GRUNDT** Thomas hefði orðið 25 ára í dag, 1. september. Myndin er tekin í 4.206 metra hæð í Alpaöllunum, á tindi fjallsins Alphubel árið 2006.

ágúst. Fátt var vitað um ferðir þeirra en leit hófst 21. ágúst á Svínafellsjökli, þar sem tjöld þeirra fundust yfirgefin, og stóð í fimm daga. Aftur var hafin leit tveimur dögum síðar, en hún bar engan árangur.

„Við óskum þess öll að þeir finni friðsæld í þessu fallega hvíta umhverfi. Við söknum hans ákaflega,“ segir fjölskylda Mathiasar.

„Við óskum honum þess að hann finni hér frið og að við getum bráðum fengið hann heim,“ segja ættingjar og vinir Thomasar í minningarorðum sínum.

gudsteinn@frettabladid.is

## Faroese design when it is best



Verðum í Reykjanesbæ á Ljósanótt 31. ágúst til 2. sept.

**Töting**

Frábær tilboð á færeyskri hönnun

TÖTING  
ÁRVEYJAR 14 • TÖRSIÁVN • TEL. 313624

VILMA  
KINGAGATA • TÖRSIÁVN • TEL. 313673

TÖTING  
VIÐ JÖKUNARÁ 9 • SYÐRUGATA • TEL. 441020

WWW.TOETING.COM



# INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

ALLT AÐ 100% LÁN!



HJÁLPAÐU OKKUR AÐ HREINSA TIL!  
Viljum losna við bíla

**SUBARU IMPREZA GL**

Ekinn 133 þús. Nýskr. 09/03  
Verð ~~669.000~~ **Tilboð 390.000**

**HYUNDAI GETZ**

Ekinn 63 þús. Nýskr. 08/02  
Verð ~~899.000~~ **Tilboð 550.000**

**RENAULT MEGANE SCENIC**

Ekinn 8 þús. Nýskr. 07/06  
Verð ~~2.359.000~~ **Tilboð 1.950.000**

**NISSAN PATROL ELEGANT**

Ekinn 175 þús. Nýskr. 06/00  
Verð ~~2.690.000~~ **Tilboð 2.090.000**

600.000 kr. afsláttur

**HYUNDAI SANTA FE**

Ekinn 185 þús. Nýskr. 10/01  
Verð ~~1.199.000~~ **Verð 690.000**

**FORD ESCAPE**

Ekinn 25 þús. Nýskr. 09/05  
Verð ~~2.999.000~~ **Tilboð 2.590.000**

**FORD FOCUS C-MAX**

Ekinn 32 þús. Nýskr. 03/06  
Verð ~~2.269.000~~ **Tilboð 1.900.000**

BÍLAR Á TILBOÐI				
OPEL VECTRA-B-C	Ekinn 126	Nýskr. 05/00	Verð <del>790.000</del>	<b>Tilboð 590.000</b>
OPEL ZAFIRA-A	Ekinn 125	Nýskr. 02/00	Verð <del>760.000</del>	<b>Tilboð 550.000</b>
FORD FOCUS	Ekinn 82	Nýskr. 03/04	Verð <del>1.220.000</del>	<b>Tilboð 990.000</b>
NISSAN MICRA ACENTA	Ekinn 52	Nýskr. 04/03	Verð <del>1.030.000</del>	<b>Tilboð 790.000</b>
TOYOTA COROLLA	Ekinn 73	Nýskr. 07/03	Verð <del>1.240.000</del>	<b>Tilboð 990.000</b>
NISSAN PRIMERA	Ekinn 110	Nýskr. 06/01	Verð <del>770.000</del>	<b>Tilboð 520.000</b>
NISSAN X-TRAIL SPORT	Ekinn 27	Nýskr. 12/05	Verð <del>2.540.000</del>	<b>Tilboð 2.290.000</b>
FORD FOCUS	Ekinn 26	Nýskr. 12/05	Verð <del>1.970.000</del>	<b>Tilboð 1.690.000</b>
OPEL ASTRA 1.8	Ekinn 22	Nýskr. 01/06	Verð <del>1.830.000</del>	<b>Tilboð 1.550.000</b>
OPEL ASTRA 1.8	Ekinn 25	Nýskr. 01/06	Verð <del>1.830.000</del>	<b>Tilboð 1.550.000</b>
FORD FOCUS	Ekinn 88	Nýskr. 11/02	Verð <del>1.080.000</del>	<b>Tilboð 790.000</b>
OPEL COMBO	Ekinn 68	Nýskr. 10/03	Verð <del>990.000</del>	<b>Tilboð 690.000</b>
RENAULT MEGANE SCENIC	Ekinn 30	Nýskr. 04/05	Verð <del>2.130.000</del>	<b>Tilboð 1.790.000</b>
RENAULT MEGANE	Ekinn 35	Nýskr. 02/05	Verð <del>1.590.000</del>	<b>Tilboð 1.250.000</b>
FORD ESCAPE	Ekinn 45	Nýskr. 04/04	Verð <del>2.240.000</del>	<b>Tilboð 1.890.000</b>
OPEL VECTRA 2.5 V6	Ekinn 80	Nýskr. 09/00	Verð <del>990.000</del>	<b>Tilboð 630.000</b>
NISSAN PATHFINDER	Ekinn 28	Nýskr. 02/06	Verð <del>3.760.000</del>	<b>Tilboð 3.390.000</b>
SUZUKI JIMNY	Ekinn 26	Nýskr. 06/05	Verð <del>1.480.000</del>	<b>Tilboð 980.000</b>
NISSAN PATHFINDER	Ekinn 81	Nýskr. 03/04	Verð <del>1.990.000</del>	<b>Tilboð 1.490.000</b>

**KIA OPIRUS**

Ekinn 64 þús. Nýskr. 08/04  
Verð ~~2.680.000~~ **Tilboð 2.090.000**

590.000 kr. afsláttur

## HREINSUNARDAGAR!

Um helgina verða hreinsunardagar hjá Ingvari Helgasyni. Starfsmenn okkar ætla að hreinsa til í fyrirtækinu. Kíktu á okkur um helgina, hjálpaðu til við tiltektina og nældu þér í bíl á flottu verði.

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00

NOTAÐIR BÍLAR

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Reykjavík - Óseyri 5 Akureyri - Holtsgötu 52 Reykjanesbæ - Sími 525 8000 www.ih.is





**KOSIÐ Í ÚKRAÍNU** Vegfarandi í Kaenugarði, höfuðborg Úkraínu, hjólar yfir brú með kosningaráróðurspöllum í aðdraganda þingkosninga sem haldnar verða 30. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skóla bætt við í Úlfarsárdal:

## Aukið val í stærri deild

**MENNTUN** „Það er æskilegra að unglíngadeildin sé fjölmenn eigi hún að vera öflug,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs.



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

Breyta á skipulagi varðandi skólalag í Úlfarsárdal þar sem gert er ráð fyrir 3.500 íbúðum. Upphaflega var gert ráð fyrir þremur skólum frá

fyrsta og upp í tíunda bekk en nú hefur verið ákveðið að fjölga skólum um einn og hafa sérstak- an skóla fyrir unglíngadeild.

Júlíus Vífill segir mikilvægt að bjóða unglíngum upp á fjölbreytni.

- lbb

Lifrabólguafaraldurinn sem geisar í hundum:

## Fólk veit af smithættunni

**DÝRAHALD** „Fólk veit af þessari smithættu og það verður að vera hvers og eins að meta hvort farið er með hundana á sameiginleg útivistarsvæði,“ segir Auður Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir hjá Landbúnaðarstofnun.

Lifrabólguafaraldur geisar nú í hundum á suðvesturhorni landsins. Rúmlega 60 hundar hafa smitast og fimmtán drepist, samkvæmt upplýsingum frá Landbúnaðarstofnun.

„Við höfum velt því fyrir okkur hvers vegna faraldurinn er bundinn við Suðvesturland,“ segir Auður enn fremur. „Við höfum enga skýringu en teljum það geta stafað af því að þar er mestur

fjöldi hunda,“ útskýrir hún.

„Það hefur ekki verið bóluset við lifrabólgu síðan 2003. Það er því orðinn til stór hópur sem hefur ekki mótefni gegn þessum sjúkdómi og hann stækkar ört. Þessi veira er einhvers staðar í hópnum og hefur verið þar í mörg ár. Hún hefur fleiri hunda til að smita núna en áður.“

Auður segir að Landbúnaðarstofnun hafi rætt við lyfjafyrirtæki erlendis um að framleiða lyf gegn lifrabólgu fyrir íslenskan markað.

Undirtektir hafi verið nokkuð góðar, en lyfið komi ekki á markað hér fyrir en eftir nokkra mánuði, ef samkomulag takist. - jss



**LIFRABÓLGA Í HUNDUM** Smitast ekki í menn.

Farþegi í flugvél vestra:

## Óttaðist arabísku-mælandi menn

**BANDARÍKIN** Stanslausar kvartanir farþega í flugvél á þriðjudagskvöld urðu til þess að fresta þurfti fluginu þar til morguninn eftir. Kona nokkur var óánægð með sex karlmenn sem töluðu arabísku í flugvélinni, sem fljúga átti frá San Diego til Chicago í Bandaríkjunum.

Flugvélin þurfti að snúa aftur til flugstöðvarinnar og hætta við flugtak og voru mennirnir sex og konan yfirheyrð. Í ljós kom að mennirnir voru bandarískir, af íröskum uppruna. Þeir höfðu allir verið í æfingabúðum Bandaríkja- hers og voru á leið til að taka þátt í stríðinu í Írak. - sgi

Minningarathöfn í London um Díönu prinsessu tíu árum eftir andlát hennar:

## Lífsglöð, örlát og besta móðir í heimi

**BRETALAND, AP** Bretar og fjölmargir aðdáendur Díönu prinsessu víða um heim minntust þess í gær að tíu ár voru liðin frá and-



**AÐDÁENDUR DÍÖNU** John Loughrey er einn heitasti aðdáandi Díönu prinsessu. Hann hefur komið til Kensingtonhallar í London á hverju ári á dánardegi Díönu, og lét sig ekki vanta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

láti hennar í umferðarslysi í París.

Konungsfjölskyldan í Bretlandi minntist hennar með minningarathöfn í Kensingtonhöll í London.

Í ræðu sinni sagði Harry prins, sonur Díönu og Karls, að móður hans ætti að minnast „eins og hún hefði viljað láta minnast sín, eins og hún var: lífsglöð, örlát, jarðbundin og besta móðir í heimi“.

Athöfnin fór fram af konunglegum virðuleika. Þó skyggði á hana skammarræða frá einum vina Díönu sem varð til þess að Camilla, seinni eiginkona Karls Bretaprins, hætti við að vera viðstödd.

Í augum nánustu vina Díönu og fjölmargra aðdáenda er Camilla konan sem eyðilagði hjónabandið.

Richard Chartres, biskup í London, stýrði athöfninni og sagðist vonast til þess að með henni yrði hægt að slá botninn í stanslausar



**FÉDGAR HITTAST** Harry prins heilsar föður sínum, Karli, við komu þeirra til minningarathafnarinnar. Vilhjálmur fylgisti með.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

deilur um Díönu, og héðan í frá geti fólk leyft henni hvíla í friði.

Ólíklegt þykir þó að honum verði að ósk sinni. Andlit Díönu er enn notað grimmt til að selja tímarit og

dagblöð og saga hennar er efni í sífellt nýjar bækur.

Samkvæmt skoðanakönnun, telur fjórði hver Breti að hún hafi verið myrt. - gb

## Brjótum til að byggja upp! Sigtún 40 – Gamla Blómaval

**Eykt auglýsir eftir verktökum til að taka að sér niðurrif, eyðingu og förgun allra mannvirkja á lóðinni við Sigtún 40.**

Hús á lóðinni eru tæplega 3.500 m<sup>2</sup> auk gróðurhúsa, hellulagna, gangstétta, girðinga og allra tengdra mannvirkja að bílplani við Sigtún. Væntanlegur verktaki getur nýtt sér búnað og hús á lóðinni til endursölu samhliða niðurrifi.

Verktaki skal afla sér nauðsynlegra leyfa og bera ábyrgð á öllu sem lýtur að því að rífa mannvirki, hreinsa af lóðinni og farga með viðeigandi hætti. Niðurrif fer fram í grónu íbúðahverfi og er mikilvægt að gera ráðstafanir til að valda sem minnstu ónæði.

**Tilboðum í verkefnið skal skila á skrifstofu Eyktar hf. eða á netfangið arngrimur@eykt.is í síðasta lagi 12. september 2007.**

Áhugasamir geta skoðað eignirnar og fengið frekari upplýsingar hjá **Arngrími Blöndahl (arngrimur@eykt.is) í síma 595 4400 eða 822 4401.**



ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARÍÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghalsi 4 / 110 Reykjavík  
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499  
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is



**NÝ SKÝRSLA** Mohammed ElBaradei, yfirmaður IAEA í Vín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný skýrsla IAEA um Íran:

## Minni kjarnorkustarfsemi

**VÍNARBORG, AP** Í nýrri skýrslu Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA, segir að Íranar framleiði minna kjarnorkueldsneyti en búist hefði verið við. Þar segir einnig að stjórnvöld í Teheran hefðu „tekið verulegt skref“ í átt að því að útskýra þau atriði í kjarnorkustarfsemi sinni sem vakið hefðu tortryggni á liðnum misserum.

Þess er vænst að skýrslan muni gera bandarískum ráðamönnum erfiðara fyrir að safna stuðningi við nýjar refsiaðgerðir gegn Íran.

Þó er jafnframt staðfest í skýrslunni að Íranar hafi haldið áfram að auka auðgun úrans, þvert á ályktanir Öryggisráðs SP. - aa

### VIÐSKIPTI

#### 66°N í fleiri Evrópulöndum

Sjúklæðagerðin 66°Norður hefur opnað tvær nýjar verslanir, aðra í Vílnis í Litháen og hina í Kaupmannahöfn. Þar með eru vörur frá fyrirtækinu seldar í verslunum í fimmtán löndum, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. 66°Norður rekur tíu verslanir hér á landi.

### FÉLAGSMÁL

#### Styrkir í tilefni Evrópuárs

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra veitti styrki í tilefni Evrópuársins 2007, Árs jafna tækifæra, í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Meðal þeirra sem hlutu styrk voru Mannréttindaskrifstofa Íslands, Kvennaathvarfið og Feministafélag Íslands.



# Töfraheimur tónlistarinnar

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS býður þér í ferðalag um töfraheim tónlistarinnar á nýju og glæsilegu starfsári. Fjölbreyttar áskriftarleiðir í boði. **Láttu þig ekki vanta!**

- Gul, rauð og græn tónleikaröð
- TÓNSPROTINN – fyrir yngstu kynslóðina
- Kammertónleikaröðin KRISTALL
- HEYRÐU MIG NÚ! ([myspace.com/heyrdumignu](http://myspace.com/heyrdumignu))
- REGNBOGAKORT – settu saman þína eigin tónleikaröð

## 8/9

SINFÓNÍUDAGURINN  
8. SEPTEMBER KL. 13

Við bjóðum alla,  
unga sem aldna,  
velkomna í Háskólabíó  
til að kynna sér starf  
hljómveitarinnar.

Einnig er hægt að kaupa  
staka miða á alla tónleika.

Kynntu þér málið á  
[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) eða  
hringdu í síma 545 2500.  
Einnig getur þú nálgast  
allar upplýsingar í hand-  
hægu og ítarlegu yfirlits-  
riti um starfsárið, þér að  
kostnaðarlausu.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 :: [WWW.SINFONIA.IS](http://WWW.SINFONIA.IS)







**BEÐIST FYRIR Í KARBALA** Drengur heldur á kerti í minningu fórnarlamba átaka milli ólíkra hópa sjálmúslima á trúarhátíð í hinni helgu borg Karbala í Irak. Yfir 50 manns létu lífið í átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ásakanir um misbeitingu valds í nýju stjórnsmálahneyksli í Póllandi:

## Rekinn ráðherra handtekinn

**PÓLLAND, AP** Lögregla í Póllandi handtók á fimmtudag fyrrverandi innanríkisráðherra landsins, sem sakar forsætisráðherrann, Jaroslaw Kaczynski, um að beita leyniþjónustunni til að njósna um stjórnarandstæðinga og blaðamenn.

Handtaka Janusz Kaczmarek, sem Kaczynski rak úr embætti innanríkisráðherra í byrjun ágúst, kyndir enn frekar undir nýjasta hneykslinu í pólskum stjórnsmálum, sem snýst um ásakanir um misbeitingu valds af hálfu hins íhaldssama stjórnarflokks, Laga- og réttlætisflokksins, í aðdraganda þingkosninga

sem stefnir í að verði haldnar í haust.

Saksóknaraembættið í Varsjá staðfesti að Kaczmarek hefði verið handtekinn, ásamt fyrrverandi yfirmanni pólsku lögreglunnar, Konrad Kornatowski, og Jaromil Netzel, yfirmanni tryggingafélagsins PZU, sem er að meirihluta í ríkiseigu.

Er Kaczynski rak Kaczmarek gaf hann upp þá ástæðu að hann lægi undir grun um að hafa lekið upplýsingum sem spilltu fyrir spillingarrannsókn. Síðan þá hefur Kaczmarek sakað Kaczynski og fleiri framámenn í ríkisstjórninni um að beita leyni-



**HANDTEKINN** Janusz Kaczmarek í fylgd sérsveitarlögreglumanna í Varsjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þjónustunni til að grafa upp eitt-hvað misjafnt um stjórnarandstæðinga og til að njósna um blaðamenn.

Fyrirhuguð aftaka í Texas:

## Lífi dauða-dæmnds þyrmt

**BANDARÍKIN, AP** Taka átti Kenneth Foster, sem var ökumaður flóttabíls í vopnuðu ráni sem endaði með mannsdrápi, af lífi í fangelsi í Texas í fyrrinótt, en Rick Perry, ríkisstjóri Texas, ákvað á elleftu stundu að dómnum skyldi breytt í lífstíðarfangelsi.

Mikil mótmæli höfðu verið gegn fyrirhugaðri aftöku Fosters. Larry Cox, talsmaður Amnesty International, sagði aftöku manns, sem ekki hleypti af skoti, vera „hneykslanlega misbeitingu laganna“

Aftaka Fosters hefði orðið sú 24. í Texas í ár.

Ósattir fangar á Írlandi:

## Ætla að koma fíkniefnahundi fyrir kattarnef

**ÍRLAND** Hundurinn Rocky í Limerick-fangelsinu á Írlandi finnur svo mikið af fíkniefnum að fangarnir hafa sigað leigumorð-



**ROCKY**

ingja á hann. Að sögn norður-írska dagblaðsins The Belfast Telegraph eru fangarnir orðnir svo pirraðir á velgengni hundsins að þeir hafa beðið kollega sína utan veggja fangelsins að drepa hann.

Fangelsið er nánast fíkniefnalaust þökk sé hundinum, og hefur heimsóknnum fækkað um 30 prósent síðan hann hóf störf.

Mun færri útgerðarfélög krefjast skaðabóta vegna samráðs olúfélaganna en talið var þegar það kom upp:

## Dala-Rafn fer eitt útgerðarfélaga í mál

**DÓMSMÁL** Dala-Rafn er eina útgerðarfélagið sem hefur ákveðið að höfða mál á hendur olúfélögum Olís, Skeljungu og Keri, áður Olúféluginu, vegna samráðs olúfélaganna á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Útgerðarfélagsins Brims, segir málsókn að hálfu fyrirtækisins hafa verið slegna út af borðinu að athuguðu máli. „Lögræðingar

töldu það ekki borga sig fyrir okkur að fara í mál,“ sagði Guðmundur. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna, sagðist ekki vita til þess að önnur útgerðarfélög en Dala-Rafn ætluðu sér að fara í mál við olúfélögin, en LÍÚ aðstoðaði forsvarsmenn Dala-Rafns við undirbúning málsins.

Samkvæmt málgögnum sem Samkeppnisýfirvöld öfluðu við

rannsókn á samráðinu þá höfðu olúfélögin skýrlega samráð vegna viðskipta við útgerðarfélög víða um landið, meðal annars í Vestmannaeyjum og á Akureyri.

Í stefnunni í máli Dala-Rafns gegn olúfélögum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er meðal annars vitnað til fundar forstjóra olúfélaganna, Kristins Björnssonar, Geirs Magnússonar og Einars Benediktssonar, sem fór

fram 24. júní 1997. Í svarbréfi til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta segir Kristinn: „Það kom fram á fundi með [Einari Benediktssyni forstjóra Olís] og [Geir Magnússyni forstjóra Olúfélagsins] í gær, að þeir væru sem næst búnir að afleggja að afgreiða gasolíu til kúnna sem skipagas eða SD, F-5. Kæmu kúnna á SD/MD inn á hafnir, þar sem bara væri gasaolía þá þýddi ekki um að tala annað verð en gasolía, eða þá keyrt væri í þá. Þetta VERÐUM við að skoða einkum á stærri stöðum, t.d. Akranesi og víðar. Við erum sennilega að toppa hin félögin í eftirgjöfum og afsláttum.“

Dala-Rafn, sem hefur höfuðstöðvar í Vestmannaeyjum, krefst 8,3 milljóna króna í bætur vegna samráðsins, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum.

### OLÚKOSTNAÐUR ÚTGERÐARFÉLAGSINS DALA-RAFNS SEM HLUTFALL AF HEILDARREKSTRARKOSTNAÐI

Ár	Olúkostnaður	Rekstrarkostnaður skips	Hlutfall af rekstrarkostnaði	Heildarkostnaður	Hlutfall
1996	16 m.kr.	91 m.kr.	17,7%	155 m.kr.	10,3%
1997	17 m.kr.	93 m.kr.	18,2%	162 m.kr.	10,4%
1998	14 m.kr.	94 m.kr.	14,8%	174 m.kr.	8%
1999	12 m.kr.	84 m.kr.	14,4%	164 m.kr.	7,4%
2000	24 m.kr.	90 m.kr.	26,4%	160 m.kr.	14,9%
2001	24 m.kr.	103 m.kr.	23,6%	200 m.kr.	12,2%

## 38 milljónir ungmenna eru að breyta heiminum



### Fyrir ungt fólk sem vill...

● Áskorun

● Ævintýri

● Vináttu

● Taka þátt

● Ábyrgð til að byggja betri og friðsælli heim

■ Skátastarf gefur ungu fólk tækifæri til að kanna heiminn fyrir utan skólastofuna, læra af öðrum og gefa af sér

■ Skátastarfið veitir þekkingu sem hjálpar ungu fólk til að kanna, uppgötva og læra

■ Skátastarf mætir þörfum sem aðrir uppfylla ekki



■ Skátastarf er opið öllum 7-22 ára sem fylgja tilgangi, markmiðum og aðferðum hreyfingarinnar

### Kynntu þér skátastarfið í þinni heimabyggð!

Skátar í Reykjavík kynna sitt starf í Laugardalnum (gengt Laugardalshöllinni) í dag milli kl. 11-18.

### Viltu taka þátt?

Kíktu á [www.skatar.is](http://www.skatar.is) eða hringdu í síma 550 9800 til að fá frekari upplýsingar.



**HÁTEIGSVEGUR** Matrið átti að standa á lóð Kennaraháskóla Íslands og Fjöltækni-skólans að Háteigsvegi 43 í Reykjavík. Það var tölvuteiknað inn á myndina.

Athugasemdir báru árangur:

## Hætt við Háteigsmastur

**SKIPULAG** Umsókn Nova um að reisa fjarskiptamastur við Háteigsveg 43 hefur verið dregin til baka. Fjöldi athugasemda barst skipulags- og byggingarsviði vegna umsóknarinnar, meðal annars vegna hugsanlegra krabbameinsáhrifa mastursins á íbúa í kring og skólabörn í Háteigsskóla.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir umsóknina hafa verið afturkallaða meðal annars vegna þessara athugasemda. „Við ákváðum að draga umsóknina til baka á meðan við ræðum við sérfræðinga og skoðum hvernig hægt er að standa betur að málinu.“

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Ruslbruni ræsti út slökkvilið

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að Breiðagerðisskóla um klukkan ellefu í fyrrkvöld. Í ljós kom að kveikt hafði verið í ruslafötu sem stóð við skólann. Reykur hafði smogið inn um opna glugga og ræst eldvarnarkerfi. Ekkert skemmdist.

#### Varað við hruni úr Gígjökli

Lögreglan á Hvolsvelli hefur varað ferðalanga við því að undanfarið hafi orðið vart við hrún úr Gígjökli ofan í lónið og það valdið minniháttar flóðbylgjum í ánni. Við þetta hafi áin dýpkað og jakar og hröngl borist niður ána. Ferðalöngum er bent á að hafa varann á sérstaklega í myrkri.



# Í DAG

## VERÐUR TIL STÆRSTA FYRIRTÆKI SINNAR TEGUNDAR Á ÍSLANDI

Frá og með 1. september sameinast Eskill og Innn og til verður öflugasta hugbúnaðar-  
fyrirtæki landsins á sviði veflausna. Sameinað fyrirtæki sérhæfir sig í veflausnum byggðum  
á Microsoft-tækni með áherslu á framúrskarandi hönnun og frábæra þjónustu. Við erum  
leiðandi á sviði lausna sem byggja á Microsoft Sharepoint 2007 og vefumsjónarkerfinu LiSA  
sem er eitt það útbreiddasta hér á landi.



## VILTU SLÁST Í HÓPINN?

### Forritun

#### Microsoft .NET

- » Við leitum að forritara með haldgóða reynslu af Microsoft .NET forritunarumhverfinu sem býr yfir frumkvæði, dugnaði og krafti til að standa sig í krefjandi umhverfi.
- » Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í tölvunarfræði eða haldgóða reynslu í hugbúnaðargerð.

### Forritun

#### Microsoft SharePoint 2007

- » Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi með reynslu af Microsoft .NET til að slást í hóp sérfræðinga okkar á sviði Microsoft SharePoint tækni. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, útsjónarsamur og eiga auðvelt með að vinna í teymi.
- » Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í tölvunarfræði eða sambærilega reynslu/menntun.

### Margmiðlunarhönnun

#### Flash

- » Við leitum að margmiðlunarhönnuði með haldgóða reynslu af Flash vinnslu og ActionScript forritun. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa gott auga fyrir hönnun.
- » Æskilegt er að viðkomandi hafi þó nokkra starfsreynslu og/eða þekkingu á þessu sviði.

**Umsóknir sendist á [umsokn@eskill.is](mailto:umsokn@eskill.is)  
Umsóknarfrestur er til 10. september.**











## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
8.294 +1,18%Fjöldi viðskipta: 429  
Velta: 6.764 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ ICELANDAIR +1,68%  
KAUÐING +1,66%  
CENTURY AL. +1,45%

## MESTA LÆKKUN

↓ 365 -3,61%  
FØROYA BANKI -1,09%  
EIK BANKI -0,73%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,33 -0,43% ... Bakkavör 66,90 +0,15% ... Eimskipafélagið 41,10 -0,48% ... Exista 33,80 +1,20% ... FL Group 26,20 +1,16% ... Glitnir 28,45 +1,07% ... Icelandair 27,20 +1,68% ... Kaupþing 1.162 +1,66% ... Landsbankinn 41,45 +1,22% ... Straumur-Burðarás 20,45 +0,49% ... Össur 105,00 +0,00% ... Teymi 6,15 -0,32%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Frekara strandhögg hjá LÍ?

Gengi hlutabréfa í Landsbankanum náði hæsta gildi frá upphafi í gær vegna orðróms á markaði um að bankinn ætli sér að kaupa írska sparissjóðinn Irish Nationwide sem er í söluferli. Markaðsvirði Landsbankans stendur í 464 milljörðum og er gengið 41,45 krónur á hlut.

Samkvæmt frétt The Irish Times hefur Landsbankinn fengið HSBC til liðs við sig sem ráðgjafa vegna mögulegs tilbods í írska fjármálfyrirtækið. Fram kemur að Landsbankinn hafi hafið áreiðanleikakönnun en samkvæmt fréttinni er talið sennilegt að fleiri bankar séu að skoða bækur Irish Nationwide.

Írski sparissjóðurinn er í eigu 125 þúsund félagsmanna sem ýmist eru lánveitendur eða



BANKASTJÓRAR LÍ Bankinn, sem keypti helmingshlut í Merrion árið 2005, er orðaður við írskan sparissjóð.

lántakar. Hlutur hvers og eins gæti numið 10-15 þúsund evrum fallist þeir á að selja bankann.

Landsbankinn heldur utan um 68 prósent hlut í írska verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital. Þegar bankinn keypti sig inn í Merrion árið 2005 sagði Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, að írski fjármálamarkaðurinn væri afar áhugaverður kostur fyrir Landsbankann vegna stærðar, staðsetningar og ein-

kenna. Ekki náðist í Sigurjón vegna fréttar Irish Times.

Fjárfestingargeta Landsbankans er um þrjátíu milljarðar króna þessa stundina án útgáfu nýs hlutafjár.

## Rúmlega tvöfaldur hagnaður

Hagnaður Sparissjóðs Mýrasýslu nam tæpum 2,4 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins. Þetta er rúmlega tvöfalt meiri hagnaður en



GÍSLI KIARTANSSON

á sama tíma í fyrri þegar hann nam 921 milljón króna.

Heildareignir Sparissjóðsins nema 42,5 milljörðum króna og höfðu þær aukist um um sautján prósent frá áramótum. Eigið fé nam tæpum 7,8 milljörðum í lok júní samanborið við tæpa 5,4 milljarða í lok síðasta árs. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli nemur 89,5 prósentum.

## Viðurkenning á fjárstyrk Existu

Exista hefur tekið 500 milljóna evra sambankalán, eða sem nemur rúmum 43 milljörðum króna, til endurfjármögnunar á eldra láni.

Lánið er í tveimur hlutum: 407,5 milljónir evra til þriggja ára með 130 punkta álagi á evrópska millibankavexti og lán til eins árs upp á 92,5 milljónir evra með 62,5 punkta álagi. Smærra lánið er framlengjanlegt til þriggja ára. Alls taka 27 bankar frá tólf löndum þátt í sambankaláninu.

Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Existu, segir að sveiflur á fjármálamörkuðum hafi ekki haft áhrif á þátttöku í láninu eða á kjör þess. Jafnframt sé mikilvægt að lánið sé án vedsetningar. „Þetta hefðum við væntanlega ekki getað fyrir rúmu ári þegar við vorum hreint fjárfestingarfélag,“ segir hann og túlkar sem traust sambankahópsins á fjárhagsstyrk Existu.

## SPRON komið yfir hagnað síðasta árs

Sparissjóðurinn hagnaðist yfir tíu milljarða á fyrri hluta ársins. Hreinar rekstrartekjur þrefölduðust á milli ára en hreinar vaxtatekjur drógust saman um þriðjung.

SPRON var rekinn með 10,1 milljarðs króna hagnaði á fyrri hluta ársins sem er tæplega fjórfalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrri. Þetta er metafrkoma en til samanburðar nam hagnaður sparissjóðsins, sem varð hlutafélag á dögnum, níu milljörðum króna allt árið 2006.


Arðsemi eigin fjár var 63,8 prósent á ársgrundvelli.

Hreinar rekstrartekjur SPRON voru tæpir fimmtán milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins sem er nærri þreföldun frá

fyrri ári. Sem fyrr vógu fjárfestingar SPRON þungt á metunum. Tekjur af hlutabréfaeign og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagu voru um 13,3 milljarðar. SPRON er stór hluthafi með beinum og óbeinum hætti í Existu en hlutabréf þess félags hækkuðu um 52 prósent á fyrri hluta ársins. Sparissjóðurinn er einnig stór hluthafi í Icebank sem hagnaðist ríflega á tímabilinu og þá skilaði dótturfélagið Frjálsi fjárfestingarbankinn rúmum einum milljarði króna í hagnað.

Hreinar vaxtatekjur voru um 1,1 milljarður og vekur athygli að þær drógust saman um þriðjung. Vaxtamunur sparissjóðsins var 1,1 prósent á móti 2,5 prósentum árið áður en hafa ber í huga að stór hluti af eignum er bundinn í eignum sem mynda annars konar tekjur en vaxtatekjur.

Rekstrarkostnaður fór úr 1,8 milljörðum í 2,5 milljarða sem var um 41 prósent aukning. Launakostnaður, sem var um helmingur kostnaðar, jókst um tæp 38 prósent. Kostnaðarhlut-



fall SPRON var ekki nema 16,7 prósent.

Heildareignir fjármálfyrirtækisins voru komnar í 208,5 milljarða króna í lok júní og höfðu aukist um þrettán prósent á árinu. Eigið fé nam þá 35,9 milljörðum og hækkaði um 3,4 prósent. Eiginfjárlutfall (CAD) var 13,6 prósent en eiginfjárbáttur A um 29 prósent.

eggert@frettabladid.is

## Þitt heimili á Spáni

# Opið hús í dag 12-17

Um leið og við höldum uppá formlega opnun okkar á Íslandi, bjóðum við ykkur að kíkja við og skoða fjölbreytta söluskrá okkar ásamt því að fagna með okkur þessum áfanga.

bSpain leiðandi byggingaraðili frá 1966

Kaupið beint af byggingaraðila  
10 ára ábyrgð á nýjum eignum  
Íslensk leiðsögn og aðstoð alla leið  
Allt að 90% lán



**bspain**

Property builders since 1966

Snorrabraut 27, Reykjavík • s. 534 1599 • bspain@internet.is

### Golfarar!

Höfum til leigu og sölu íbúðir og hús á Campoamor golfvællinum á góðu verði.



www.bspain.com



Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINI UM HELGINA

# ÍSMÖT 2007

Íslandsmeistaramót hársnyrta,  
snyrtifræðinga, gullsmiða,  
klæðskera og ljósmyndara innan  
Samtaka iðnaðarins

Yfir 200 meistarar og sveinar  
**KEPPNI OG SÝNING**

Um 50 fyrirtæki taka vel á móti gestum  
**KYNNING OG SALA Á STAÐNUM**

Tískusýningar fagfólksins  
**HÁR, HÖNNUN OG TÍSKA**

Tískuteymi-SI  
**SJÖ TEYMI KEPPA Á SVIÐI**

Heilsueyjan Íslands  
**HEILSA, DEKUR, VELLÍÐAN**

Demantasýning  
**Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI**

Hönnunarkerppni nemenda  
**TÍMAVÉLIN**

Nordic Youth Skills  
**OG HÁRSNYRTIR ÁRSINS**

Skartgripur ársins  
**FYRIR DÖMUR OG HERRA**

Ljósmynd ársins  
**LJÓSMYNDASÝNING**

Stúdíómyndatökur

Símakosning fyrir alla

Galakvöld ársins

- og margt fleira



Gefðu þér góðan tíma  
um helgina í Höllinni  
- Við tökum vel á móti þér!

Sýningin er opin laugardag  
og sunnudag frá 10:00 til 17:00

**Enginn aðgangseyrir**

Athugið: Börnum yngri en 14 ára er ekkð hleypt inn nema í fylgd með fullorðnum

Upplýsingar á  
[www.si.is/ismot](http://www.si.is/ismot)





Mikilvægt að taka mark á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum:

## Erum fráleitt komin fyrir vind

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Ný skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um Ísland var birt í vikunni. Þar kveður við kunnuglegan tón þar sem stjórnvöld eru hvött til aðhalds og að draga úr þátttöku ríkisins á lánamarkaði umfram það sem þegar hefur verið gert.

Skýrsla sjóðsins er að mörgu leyti jákvæð í garð íslensks efnahagslífs og fjármálakerfið fær ágæta einkunn. Athugasemdir sjóðsins um frekari þróun álagsprófa fyrir bankakerfið eru í samræmi við það sem Fjármálaeftirlitið hefur boðað undanfarin ár.

Eðli málsins samkvæmt skiptir fjármálakerfið æ meira máli og harðindum á fjármálamörkuðum má líkja við verulegan aflabrest fyrir áratug eða svo. Það er því afar mikilvægt að eftirlit sé virkt og stjórnendur fjármálafrirtækja haldi vöku sinni eins og verið hefur.

Það er enn góður möguleiki á að aðlögun hagkerfisins verði þannig að sem fæstir verði fyrir tjóni. Því lengur sem þetta ástand, með háum stýrivöxtum og sterkum gjaldmiðli, varir þeim mun meiri hætta á harkalegri lendingu. Sú hætta er raunveruleg og aðhaldskrafan rík á hendur núverandi ríkisstjórn, ekki síður en á þá fyrri sem því miður sló slöku við í hagstjórn.

Framundan eru kjarasamningar. Þar blasir við erfiður röður.

*Verðbólguþrot og fall krónu myndi valda verulegum búsigjum hjá skuldsettustu heimilunum, þar sem unga fólkið er í meirihluta.*

Mikið launaskrið hefur verið á vinnumarkaði og langvarandi þensla farin að valda flóttu úr ýmsum starfsstéttum. Erfitt verður að halda aftur af launakröfum og verðbólguháttu mikil á komandi misserum. Það er gríðarlegt hagsmunamál að missa ekki tölkin í komandi samningaviðræðum. Afleiðingarnar gætu orðið skelfilegar fyrir þá sem veikast standa. Verðbólguþrot og fall krónu myndi valda verulegum búsigjum hjá skuldsettustu heimilunum, þar sem unga fólkið er í meirihluta. Ungt fólk er jafnframt sá hópur sem verst verður úti ef harkalegri lendingu fylgir atvinnuleysi.

Það er afar brýnt að varlega verði farið. Kröfur lægst launuðu stéttanna eru skiljanlegar í ljósi almennrar launaþróunar. Þar gæti þurft að horfa sértækt til einstakra stétta. Vandinn er bara sá að tilhneiging er til þess að aðrir fylgi á eftir.

Þeim fer fjölgandi í samfélaginu sem ekki muna tíma óðaverðbólu á Íslandi. Það tímabil óstjórnar í efnahagslífinu leiddi til langvarandi verri lífskjara en annars hefði orðið. Það eru verulegir heildarhagsmunir af því að halda aftur af opinberum útgjöldum og launahækkun umfram framleiðsluaukningu samfélagsins. Reikningurinn af slíkri óráðsiu yrði því miður sendur á skuldsett ungt fólk. Það væri vond niðurstaða.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

## Til sölu

Lager af nýinnfluttum fiskabúrum

Allar stærðir

Upplýsingar í síma 8481845

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fréttir og pólitík

Greint var frá uppsögn fréttakonu Stöðvar 2, Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur, í gær. Ráðning Steingríms Sævars í stöðu fréttastjóra á Stöð 2 segir Þóra Kristín vera ástæðu uppsagnarinnar. Hún hafi talið ófaglegt að ráða fyrirverandi upplýsingafulltrúa forsætisráðherra Framsóknar, Halldórs Ásgrímssonar, í starf fréttastjóra. Sjálfur segir Steingrímur uppsögnina ekkert hafa með pólitík að gera. Nokkuð óvenjuleg pólitísk slag-síða er hins vegar í frétt mbl.is um málið en henni fylgir mynd af Þóru Kristínu, þar sem Sív Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrirverandi ráðherra, er tilgreind sem ljósmyndari.

#### Flóknir útreikningar?

Nemendur í tíunda bekk grunnskóla þreyttu samræmd próf síðastliðið vor. Nokkrum vikum síðar lágu einkunnir fyrir, meðaltöl og útkoma landshluta. Hins vegar bólar ekkert á upplýsingum um hvernig einstakir skólar komu út úr samræmdu prófunum en talnaðum þykja það áhugaverðar upplýsingar. Meðaleinkunn skóla í prófunum þykir og gefa góða vísbendingu um gæði kennslunnar þó að vissulega segi hún einhliða sögu. Forvitnir þurfa þó ekki að örventa; von er á tölunum þótt síðar verði.

#### Margir um hituna

Nýverið var auglýst ný staða upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins. 36 manns sóttu um stöðuna eins og sjá má á vef utanríkisráðuneytisins. Eins og við var að búast eru fjölmiðlamenn þar margir á blaði og stjórnmalafraeðingar nokkrir sömuleiðis. Ein leikkona sótti um stöðuna, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir sem kunn er fyrir leik sinn í grínþáttunum Stelpurnar, sem sýndir hafa verið á Stöð 2. Nú er forvitnilegt að sjá hvort hæfileikar Guðlaugar sem leikkonu verða til þess að hún fær starfið eða hvort farin verður hefðbundnari leið við ráðninguna. sigridur@frettabladid.is

## Nú er að bíta í skjaldarrendur

Kosningabaráttan í vor er liðin. Ný ríkisstjórn hefur verið mynduð. Velferðarstjórn. Nú stendur ekkert eftir nema að efna kosningaloförðin. Þau eru meira að segja sum komin inn í stjórnarsáttmálann. Það auðveldar eftirleikinn því væntanlega hafa stjórnarflokkarnir meint það sem þeir segja og sögðu, bæði fyrir og eftir kosningar. Það er sem sagt eftirvænting í loftinu. Fólk bíður úrlausnar og athafna. Mér eru auðvitað fyrst og fremst hugleikin þau mál, sem snúa að eldri borgurum. Bæði af því að þetta er mín kynslóð og svo líka af hinu að þar er pottur víða brotinn.



ELLERT B. SCHRAM  
Í DAG | Lífskjör

breyta þeirri skattastefnu, sem felur í sér mismunun í álagningu, eftir því hvers eðlis tekjurnar eru. Sá sem hefur tekjur af arði og ávöxtum fjár greiðir ekki nema tíu prósentu fjármagnstekjuskatt, meðan lífeyrissjóðsþegar, hvort heldur frá almannatryggingakerfinu eða frá lífeyrissjóðum, greiða rúmlega 35% í tekjuskatt. Þetta er óþolandi óréttlæti, félagslegt ranglæti, sem verður að leiðrétta.

Greiðslur í lífeyrissjóði eru í eðli sínu aðferð til að ávaxta tekjur sínar og er sparnaður lífeyrisþegans með sama hætti og hver annar leggur tekjur sínar í banka eða hlutabréf.

Þessi leiðrétting rataði ekki inn í stjórnarsáttmálann. Því miður. Þúsundir eldri borgara lifa af lífeyrisgreiðslum. Obbinn af þeim er á bilinu fjórtíu þúsund og upp í hundrad og fimmtíu þúsund krónur á mánuði. Af þessu á fólk að lifa. Það gengur auðvitað ekki að skattleggja lágmarksframfærslu, draga úr tryggingabótum af þeirra völdum og leiða fólk inn í þennan vítahring tekna, bóta og skatta. Hvað þá að leggja misháa skatta á þessar tekjur, eftir því hvernig þær verða til.

#### Velferð er stórt orð

Það verður að einfalda þetta kerfi

og gera það skilvirkt. Sjálfsagt er það flókið dæmi, enda er svo komið að það er ekki á valdi nema sérfræðinga að skilja tengingarnar og skerðingarnar og þennan hrærigraut allan. En kjarni málsins er sá að kerfið með öllum sínum annmörkum bitnar á fólki, sem hefur ekki gert annað af sér en lifa og verða gamalt. Spurningin er þessi: er kerfið til fyrir gamla fólkið eða öfugt?

Skortur á hjúkrunarrými og þjónustu er svo annar handleggur, sem er brýnt úrlausnarefni ríkisstjórnar, sem vill standa við stóru orðin og rétta hjálparhönd þeim sem gjalda fyrir ástandið. Það mun koma í hlut heilbrigðisráðherra og þar er vaskur maður fyrir, sem vonandi mun láta hendur standa fram úr ermum.

Velferð er stórt orð. En nú þarf að bíta í skjaldarrendur og sýna að hugur fylgi máli. Við þekkjum öll, í fjölskyldum okkar og nánasta umhverfi, þessar aðstæður og þessi kjör, sem hér er verið að lýsa. Og Íslendingar eru með stórt hjarta og hafa efni á myndarlegum úrlausnum. Það er að minnsta kosti alveg ljóst að ef hér verður ekki tekið til hendi, mun það verða bautasteinn ríkisstjórnarinnar í næstu kosningum. Ekki aðeins hvað varðar kjósendur, heldur einnig í þingmannaliðinu. Ég er sannfærður um að það góða fólk sem valist hefur á þing, ekki síst í stjórnarflokkunum tveim, er meðvitað um mikilvægi málsins. Eitt er víst, sjálfur er ég ekki kominn á hið háa alþingi til að láta fara vel um mig og sitja með hendur í skauti. Þar er verk að vinna.

Til þess er ný ríkisstjórn mynduð að takast á við það sem miður hefur farið. Í velferðinni.

## Byrgjum brunninn

#### UMRÆÐAN

Erlent starfsfólk

Brot gegn atvinnulögum og mannréttindum erlendra starfsmanna eru daglegt brauð hér á landi, eins og nýlegt mál verktafyrirtækisins Arnarfelds sýnir. Það hefði ekki átt að koma neinum á óvart að slíkt tíðkist á Íslandi. Það er gott að atvinnurekendur séu sendar viðvaranir vegna slíkra brota, en það er ekki nóg. Markmiðið ætti að vera að slíkt eigi sér ekki stað yfirleitt.

Til þess eru ýmis ráð. Í fyrsta lagi þarf að veita einstaklingum atvinnuleysi en ekki atvinnurekendum. Eins og málum er nú háttað er einstaklingurinn bundinn við þennan eina vinnustað. Vilji hann skipta um vinnu þarf hann að sækja um aftur. Þetta ferli er bæði ósveigjanlegt og erfitt. Ætti ekki frekar að veita erlendum starfsmönnum frelsi til að vinna þar sem þeirra er þörf og þar sem þeir vilja sjálfir starfa? Atvinnurekendur sem fara illa með starfsfólk ættu þá á hættu að missa starfskrafta, en hinir sem virða réttindi starfsfólks laða til sín góðan mannskap. Auk þess myndi slíkt fyrirkomulag gera atvinnumarkaðinn sveigjanlegri og bæta efnahag þjóðarinnar.



PAUL NIKOLOV

Í öðru lagi vantar mikið upp á að þeir sem hingað koma fái fræðslu um atvinnuréttindi sín. ASÍ hefur nú þegar þýtt atvinnuréttindi erlendra starfsmanna yfir á tæp 20 tungumál. Þegar einstaklingur sækir um atvinnuleysi hér á landi er bráðnaudsýnlegt að hann fái þessar upplýsingar á móðurmáli sínu. Það er líka brýnt að kjarasamningur hans sé þýddur. Þannig mætti koma í veg fyrir að brotið sé á ýmsum réttindum, t.d. með því að bjóða erlendum starfsmönnum lægri laun en Íslendingur myndi fá.

Í þriðja lagi er ekki nóg að efla eftirlit með atvinnurekendum. Það þarf líka að refsa þeim sem brjóta lögin, jafnvel loka fyrirtækjunum ef brotin eru alvarleg. Sérstaklega þarf að skoða fyrirtæki sem nota starfsmannaleigur sem eru alræmdar fyrir mannréttindabrot til að ná í erlent starfsfólk.

Þess vegna hefði verið skynsamlega að opna Ísland fyrir Búlgörum og Rúmenum, sem nú hafa fengið aðild að ESB, frekar en að þeir komi hingað í gegnum þjónustusamninga og starfsmannaleigur. Félagsmálaráðherra var á öðru máli í vor.

Nú sjáum við árangurinn af þeirri stefnu í fjölmiðlum.

Höfundur er fyrsti varaþingmaður Vinstri grænna í Reykjavíkurborgardæmi norður.



# Grænt frímerki á valista

## UMRÆÐAN

Skipulagsmál



ÓLÖF I. DAVÍÐSDÓTTIR

Það vill einhver byggja á græna útivistarsvæðinu í hverfinu mínu! Þetta er sneið af þeim 15% svæðisins sem eftir eru utan girðinga, hafa ekki verið lögð undir malbikuð bílastæði eða múruð undir steinsteypu. Þetta er sneið af því litla rými sem er eftir sem ég þarf ekki að borga mig inn á eða ganga í klúbb til að mega vera þar.

Af hverju má ekkert vera í friði? Hví verður að leggja allt undir sig með arðsemisfrankvæmdum þró-

unarhyggju nútíma steinaldarhugsunar? Ég kalla það steinaldarhugsun að geta ekki séð auðan blett án þess að byrja strax í huganum að hræra steypu og reisa grjóttveggi. Það hefur ekki farið hátt um væntanleg byggingaráform í austurluta Laugardals. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði IV sem nú liggur fyrir hjá skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar til að ráðstafa grænu útivistarsvæði undir fjölbýlishús. Íbúasamtök Laugardals hafa andmælt þessum áformum kröftuglega frá fyrsta degi eftir viðurkenndum leiðum stjórnsýslunnar.

Tillagan sem nú liggur fyrir er sú síðari af tveimur. Hinni fyrri hafnaði skipulagsráð í kjölfar

fjölda mótmæla íbúa og stofnana í grenndinni. Á sama fundi var lögð fram önnur tillaga þar sem byggingamagnið var minnkað um helming og staðsetningu hliðrað um nokkra tugi metra. Hátt á annað hundrað andmæli bárust gegn síðari tillögunni og fékkst athugasemdafresti hennar seinkað til 30. ágúst. Það er því engin ástæða til að ætla að seinni tillagan sé íbúum við Laugardal frekar að skapi.

Borgarfulltrúi nokkur fullyrti á bloggi sínu að seinni tillagan væri dæmi um virkt samráð borgaryfirvalda og borgarbúa og óskaði Íbúasamtökunum til hamingju. Það er þó engu að fagna því samráð var ekkert. Seinni tillagan var lögð fram á sama fundi skipulagsráðs og þeirri fyrri var

hafnað. Hún var því til frá upphafi, tilbúin til matreiðslu og borin fram á opinberum vettvangi með samráðssósu yfirklórs. Hún var aldrei kynnt né rædd við Íbúasamtökin. Embættismennborgarinnar sögðu ekki frá því að hún væri þegar til á kynningarfundum fyrri tillögunna sem borgaryfirvöld efndu til í sumarbyrjun. Umsækjendur umræddra frankvæmda létu heldur ekki uppi um áform sín. Á þeim fundi kom skýrt fram einöð afstaða íbúa við Laugardal að þeir vilja ekki meiri mannvirkjagerð í Laugardal. Það gildir einu hver notkunin á að vera. Stærð og umfang gildir einu. Íbúar vilja ekki meira. Þeir vilja útivistarsvæði þar sem manneskur geta leikið sér með flugdreka, æft golfsveiflu og

flugukast eða bara sest í grasið og verið til. Manneskjur þurfa andrými í borgarumhverfi, græna náttúru til að efla heilbrigði og vellíðan. Ef byggt er á grænum svæðum þá einfaldlega hverfa þau og hinn raunverulegi ábati grænna skrefa Reykjavíkurborgar er fyrir bí.

Það er eftirtektarvert að í skipulagi nýrra hverfa sem nú eru í bígerð er ekki frátekið rými fyrir borgargarða til almennrar útivistar. Þess vegna verða svona lítil græn frímerki sem eftir standa enn mikilvægari og dýrmætari. Áskorunin er þessi: Byggjum í grennd við græn svæði en ekki á þeim.

Höfundur er íbúi við Laugardal í Reykjavík.

## Bæjarstjóra svarað

### UMRÆÐAN

Samgöngur við Vestmannaeyjar



GRÉTAR MAR EINARSSON

Af hverju vill Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum ekki ræða kosningar um samgöngumál í Eyjum. Það eru mjög skiptar skoðanir í Vestmannaeyjum um Bakkafjörühöfn. Fólki úti í Eyjum ætti að fá að kjósa um tvo valkosti, annars vegar um höfn í Bakkafjöru eða hraðskreiðara og stærra skip sem sigldi til Þorlákshafnar á tveimur tímum. Það eru skiptar skoðanir um

Fólk úti í Eyjum ætti að fá að kjósa um tvo valkosti, annars vegar um höfn í Bakkafjöru eða hraðskreiðara og stærra skip sem sigldi til Þorlákshafnar á tveimur tímum.

sandburð inn í Bakkafjörühöfn og sandfok af landi í höfnina. Rifið utan við fyrirhugaða hafnargarða er það sem ég óttast mest í þessari hafnargerð. Ég hef átt langan fund með Gísla Viggóssyni frá Siglingastofnun um hafnargarð í Bakkafjöru og breyttist afstaða mín ekki eftir þann fund nema síður væri. Fjaran á þessum slóðum er alltaf á fleygiferð eftir straumum og veðrum, briminu ekki síst.

Við Vestmannaeyinga vil ég segja að ég er til þjónustu reiðubúinn í hvaða málum sem er og tilbúinn að berjast með og fyrir hagsmunum Vestmannaeyinga hvar og hvenær sem er.

Bæjarstjórnin og fólk úti í Eyjum getur alltaf haft samband við undirritaðan í hvaða málum sem eru og ég legg mig allan fram við að hjálpa til.

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.

# Págen fjölskyldan stækkar

Nýtt

Snúðar með karamellubragði



PIPAR • SIA • 71485

Págen

VÍSIR.IS  
Fyrstur með fréttirnar



# DÝNUVEISLA

## ALLRA SÍÐUSTU DAGAR

Allar Nocturne-dýnumar eru prófaðar fyrir daglega notkun. Við erum örugg um gæðin og veitum þess vegna á milli 2 og 15 ára ábyrgð. Allir geta fundið dýnu við sifft hæfi í Húsgagnahöllinni. Í boði eru á þriðja tug mismunandi Nocturne-dýna sem hver og ein hefur sín svefnþægindi. Verið velkomin að koma og prófa.

**15%**  
AFSLÁTTUR



\* Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi



NOCTURNE®



**NOCTURNE 328**  
80/90/120/140/160/180 x 200 cm  
TILBOÐIÐ INNIHELDUR:

Boxdýnu með tvöföldu gormakerfi.  
Neðra lag 150 Bonell-gormar á m<sup>2</sup>. Efra lag 498 svæðaskiptir Multi-pokagormar á m<sup>2</sup>.  
40 mm latex yfirdýna. Hægt er að taka áklæði af og þvo í þvottavél.

• 15 ára ábyrgð á gormakerfi

80/90 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta

\* **3.747** **54.980**  
á mán/18 mán áður: 73.960

120 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta

\* **3.797** **99.980**  
á mán/36 mán áður: 134.960

140 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta

\* **3.979** **104.980**  
á mán/36 mán áður: 144.960



**NOCTURNE 322**  
80/90/120/140/160/180 x 200 cm  
TILBOÐIÐ INNIHELDUR:

Boxdýnu með tvöföldu gormakerfi.  
Neðra lag 150 Bonell-gormar á m<sup>2</sup>.  
Efra lag 265 svæðaskiptir pokagormar á m<sup>2</sup>.  
Yfirdýna með 25 mm latex, hægt að taka áklæði af og þvo í þvottavél.

• 15 ára ábyrgð á gormakerfi

80/90 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta

\* **3.452** **34.980**  
á mán/12 mán áður: 49.960

120 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta

\* **3.095** **44.980**  
á mán/18 mán áður: 64.960

160/180 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta

\* **3.716** **69.980**  
á mán/24 mán áður: 99.940



NOCTURNE 425



BOTN 8058

**NOCTURNE LYFTIBOTNARÚM**  
TILBOÐIÐ INNIHELDUR:

- 1 stk. **NOCTURNE 8058** Lyftibotn. Rafdrifinn fóta- og höfuðgafi. 42 fjalar, þar af eru 5 með stillanlegan stífleika. Bólstraður rammi með þrjónaefni. Með dýnustoppa. Rafbúnaður: 2 x 3,5 kN
- 1 stk. **NOCTURNE 425** lúxus dýna sem má snúa. 261 stk. 5 svæða pokafjaðrir á m<sup>2</sup>. Bólstruð dýna með 25 mm latex ofan á fjöðrunum. Þrjónað áklæði.
- 1 stk. yfirdýna 25 mm latex. Hægt er að taka áklæði af og þvo í þvottavél.

• 15 ára ábyrgð á gormakerfi  
• 5 ára ábyrgð á rafbúnaði

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



**25%**  
AFSLÁTTUR

160/180 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta.

\* **4.161** **109.980**  
á mán/36 mán áður: 147.940



**30%**  
AFSLÁTTUR

140 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta.

\* **3.551** **51.980**  
á mán/18 mán áður: 74.960



**30%**  
AFSLÁTTUR

90 x 200 cm með yfirdýnu, án fóta.

\* **3.761** **98.980**  
á mán/36 mán áður: 141.940



## Frönskunámskeið

hefst 17. september

Námskeið fyrir fólk á öllum aldri,  
byrjendur og lengra komna



Alliance Française

Tryggvagata 8,  
101 Reykjavík,



Innritun í síma  
**552 3870**  
**3.-14. sept.**

Veffang: [www.af.is](http://www.af.is)  
Netfang: [alliance@af.is](mailto:alliance@af.is)



Langar þig að læra  
tungumál Risessunnar?

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

## Útsölulok 20-70% afsláttur

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00  
sun 13:00-16:00 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)

Auglýsingasími

# 512 50 50

Mest lesið

## MAÐUR VIKUNNAR

# Valmenni sem ann útivist

**É**g er búinn að panta tíma fyrir ykkur hjá geðlækni," sagði Benóný Ásgrímsson, flugstjóri þyrllu Landhelgisgæslunnar TF-GNÁR, í gríni við Hlyn Stefánsson og fjóra félagar hans úr björgunar-sveitunum, við Hrótfjallstinda þegar hann náði í þá um kvöldmatarleytið síðasta laugardag.

Hlynur og félagar hans voru valdir til að leita tveggja Þjóðverja á fjallinu við afar erfiðar aðstæður og hefur Benóný líklega verið að vísa til þess að leiðangur þeirra væri óðs manns æði. Ekkert hefur spurst til Þjóðverjanna síðan í lok júlí og tóku um tvö hundruð björgunar-sveitarmenn þátt í að leita að þeim um liðna helgi. Fimmmenningarnir stukku úr þyrllunni yfir fjallinu og leituðu að Þjóðverjunum í sjö klukkustundir.

Nákvæmnin og yfirvegundin sem einkennir Hlyn er talin nýttast honum vel í slíkum aðstæðum og er hann oft valinn til að stjórna björgunar-leiðöngurum. „Hlynur er maðurinn sem ég vil hafa við hliðina á mér í erfiðum og krefjandi björgunarverkefnum því hann veit alltaf hvað hann á að gera," segir félagi hans í björgunar-sveitinni. „Pottþéttur björgunar-sveitarmaður og gull af manni," segir annar.

Þessir eiginleikar nýttast Hlyni einnig vel í starfi hans sem verkfræðingur. „Hann vinnur að sínu í rólegheitum, að minnsta kosti á yfirborðinu; það er aldrei neinn gusgangur í honum þó að hann sé afskaplega duglegur og skari alls staðar fram úr." Hlynur fékk meðal annars einkunnina þrettán fyrir lokaverkefni sitt í mastersnámi í aðgerðastjórnun við danskan háskóla: einkunn sem er sögð sambærileg við ellefu á íslenska skalanum.

Hann er talinn ígrunda mál sitt vel, vera rökfastur, frjór og skapandi í vinnu sem og góður sölumaður: ákveðni og þrjúska eru orð sem eru notuð til að lýsa honum. „Hann gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana." Þrátt fyrir dugnaðinn og ákveðnina getur Hlynur samt haldið sér til hlés ef svo ber undir og honum er lýst sem ljúfmenni. „Hann er ekkert fyrir það að trana sér fram að öþörfu."

Miðað við þessar lýsingar er eðlilegt að blaðamaður hafi gripið í tómt þegar hann reyndi að kreista eitthvað vafasamt um Hlyn út úr vinnum hans og vandamönnum: enginn gat bent á bresti í

### HLYNUR STEFÁNSSON



### ÆVIÁGRIP

Hlynur Stefánsson fæddist í Reykjavík 24. júní árið 1976. Hann er sonur hjónanna Guðjóns Stefáns Guðbergssonar verkfræðings og Sigríðar Hjartar lyfjafræðings og er yngstur þriggja bræðra.

Hlynur er alinn upp í Smáibúðahverfinu í Reykjavík. Hann gekk í Breiðagerðisskóla, Réttarholtsskóla og síðar í Menntaskólann við Sund. Að því loknu fór hann í véla- og iðnaðarverkfræði í Háskóla Íslands og síðar í framhaldsnám til Danmerkur og Englands. Hlynur lauk doktorsprófi frá Imperial College í London í sumar.

Hann er aðjunkt við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík en starfaði áður sem verkfræðingur hjá AGR-Aðgerðagreiningu og sem stundakennari við Tækniháskóla Íslands. Hlynur hefur verið björgunarsveitarmaður í tólf ár. Hlynur er í sambúð með Brynju Björk Magnúsdóttur, sálfræðingi á Landspítalanum.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Hlynur var í hópi tvö hundruð björgunarsveitarmanna sem tóku þátt í að leita að Þjóðverjunum tveimur sem týndust á Svínafellsjökli í sumar og hafa ekki fundist enn. Hlynur var einn af fimm björgunarsveitarmönnum sem voru valdir í eitt mest krefjandi verkefnið í leitinni: að reyna að finna ummerki eftir Þjóðverjana á hinum hrikalegu Hrótfjallstindum í jöklinum síðasta laugardag. Fótspor höfðu sést úr lofti á fjallinu og var talið að þau væru eftir Þjóðverjana. Fimmmenningarnir voru fluttir upp í sautján hundruð metra hæð á fjallinu með þyrllu Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ. Þeir þurftu að stökva út úr þyrllunni í 1,5 til 2 metra hæð því ómögulegt var að lenda á fjallinu. „Við hrúguðum okkur hver ofan á annan eftir að hafa stökkið út, grófum ísaxinar ofan í fjallahrygginn og vonuðum það besta; rokið frá þyrllusöðunum hefði getað feykt okkur af fjallinu," segir einn af fimmmenningunum. Hópurinn leitaði Þjóðverjanna á fjallinu í sjö klukkustundir við erfiðar aðstæður áður en TF-GNÁ kom aftur og náði í þá. Þeir fundu engin ummerki eftir Þjóðverjana tvo þrátt fyrir fótsporin sem snjóað hafði ofan í.

umhverfisverndarsinni. „Honum er umhugað um þetta annað heimili sitt." Hlynur er meðal annars af þessum sökum sagður vera hugsjónamaður sem er ekki sama hvernig fer fyrir landi og þjóð.

Áralangt starf hans í björgunarsveitunum er án efa hluti af þessari hugsjón, en hann hefur auk þess áhuga á lýðheilsu og menntamála. Vinir hans og vandamenn geta hins vegar ekki staðsett hann í pólitík. „Ég veit til dæmis ekki hvað hann kaus í síðustu kosningum og hann er ekki skráður í stjórnmalaflokk."

Hlynur er sagður vera jafnréttissinni sem sinnir heimilisverkunum til jafns við sambýliskonu sína, Brynju Björk Magnúsdóttur sálfræðing, enda eru þau sögð vera nútímafólk: eldamennska Hlyns er þó bara sögð svona la-la.

Hlynur og Brynja eru að byggja sér hús í Norðlingaholti sem þau keyptu fohkelt. Þau vinna nú að því hörðum höndum að gera húsið íbúðarhæft og ver Hlynur flestum kvöldum við þá vinnu þessa dagana, sem kemur ekki á óvart því hann er sagður vera liðtækur smiður, og er stefna þeirra að flytja inn í nýja húsið seinni hluta vetrar.

fari hans eða bærskubrek - nema ef vera skyldi gallaleysið og rauða hárið sem vinir hans stríða honum stundum á í gríni. „Hann er aðeins of rúðustrikaður fyrir minn smekk, of pottþéttur: hann mætti vera breyskari. Ég hef stundum sagt að Hlynur yrði fullkominn forseti því ekkert úr fortíð hans getur varpað skugga á mannorð hans."

Hlynur hefur alla tíð verið afskaplega skipulagður og markviss. Hann þótti ljúft og kurteist barn sem dásamaði matinn sem honum var borinn svo mikið að bræður hans stríddu honum góðlátlega vegna þess. „Bræður hans sögðu oft að hann segði „Mikið er þetta gott," áður en að hann fékk matinn og smakkaði á honum," en þetta er talið lýsa eðlislægri kurteisi og jákvæðni Hlyns.

Hlynur hefur verið björgunarsveitarmaður í tólf ár og ver miklu af frítíma sínum í starfið sem og í alls konar útivist eins og skíði, hjólríðar og kajakróður. Áhugann á útivist fékk Hlynur strax í æsku því foreldrar hans fóru gjarnan með þá bræður á fjöll og ferðuðust mikið um í náttúru Íslands. „Hann hefur verið á fjöllum frá blautu barnsbæni og hálendi Íslands er hans annað heimili."

Það er því ekki óeðlilegt að Hlynur er sagður mikill



**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

NÚ Á **2** STÖÐUM

**OPIÐ ALLA HELGINA Í TÍLEFNI  
LJÓSANÆTUR Í REYKJANESBÆ!**

# RAFMAGNSVERKFERI

Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



**1290-**

BORVÉL 500W



**3990-**

HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFERI



**2995-**

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V



**1295-**

HLEÐSLUSKRÚFJÁRN



**4995-**

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V



**5890-**

HÖGGBOR/BROTVEÐL 850W



**4995-**

BELTASLÍPIVÉL 900W



**2290-**

HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM



**2990-**

RAFMAGNSHEFILL

**TILBOÐ!**



**990-**

HLEÐSLUBORVÉL 12V



**1390-**

STINGSÖG 350W



**1595-**

SLÍPIROKKUR 600W



**9990-**

BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W



**5850-**

FLÍASÖG



**12.900-**

KEÐJUSÖG RAFM.



**2950-**

HJÓLSÖG 1400W



**12.990-**

BÚTSÖG 2100W



RAFSTÖÐVAR  
800W **19900-**  
2200W **34900-**  
5500W **59500-**



**1995-**

SLÍPIMÚS



**1290-**

JUÐARI



**4995-**

BÚTSÖG 1300W



**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ: Mánud. til föstud. kl 9 - 18  
Laugard. kl 10 - 17  
Sunnud. kl 12 - 16



# Hjónabands- og sveitasæla

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá skemmtilegri afmælisveislu, morðóðu kínversku illmenni (sem fór aldrei í bað) og einnig er rætt um sólarhringslangt sumarleyfi og fréttabréf um fjármál.



## KÆRA DAGBÓK

Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 24. ÁGÚST.

### Góð veisla

Hrikalegt er til þess að vita hversu margir eru farnir að eldast. Sumir slá þessu þó upp í kæruleysi og halda upp á afmælin sín eins og það sé mikið fagnaðarefni að verða sífellt eldri og eldri.

Alla vega var mikið um dýrðir þegar helsta leikritaskáld þjóðarinnar, Ólafur Haukur Símonarson, hélt upp á sextugsafmælið sitt í Íðón. Þetta var skemmtileg veisla og eins og alltaf þegar Óli Haukur á í hlut var húsfyllir.

Fyrir utan innblásin ræðuhöld voru þarna hin prýðilegustu skemmtiatriði, Erlingur Gíslason las upp ljóð af því líkri snilld að ég hef ekki hrifist jafn mikið af ljóðalestri síðan í gamla daga þegar ég heyrði

Dylan Thomas lesa eigin ljóð á hljómplötu.

Auðvitað var líka tónlist í afmælinu. Sá óviðjafnanlegi Örn Arnason reið á vaðið með ein-söng og svo kom Egill Ólafsson og fór á kostum – en á góðum degi kemst enginn söngvari með úfinn þar sem hann hefur þindina – og síðan kom hver stór-stjarnan á fætur annarri og sló Íslandsmet í skemmtilegheitum.

Það var veislustjórinn sem gaf tóninn og undir hans stjórn gat þetta ekki orðið annað en skemmtileg veisla. Ég hef verið í veislum undir stjórn margra góðra veislustjóra um dagana, en enginn þeirra stenst samanburð við Guðmund Ólafsson, leikara og rithöfund, sem stýrði þessari góðu afmælisveislu af einstakri snilld.

Satt best að segja þykja mér veislur yfirleitt ekkert mjög skemmtilegar en þessi var svo vel lukuð að ég get varla beðið eftir því að Óli Haukur verði sjötugur.

LAUGARDAGUR, 25. ÁGÚST.

### Verklök

Í fyrra fór ég á mjög löng ferð í kringum fjármálanámskeið hjá Ingólfi H. Ingólfsyni – og bý að því enn þá. Reyndar má þjóðin þakka fyrir að ég skyldi ekki fara á svona námskeið þegar ég var tvítugur því að þá væri ég sjálfsagt margfaldur milljarðamæringur í

dag og erfiður viðfangs.

Sem fyrrverandi nemandi Ingólfs fæ ég fréttabréf frá honum með reglulegu millibili. Þetta fréttabréf er svo skemmtilega stílað að jafnvel staurblankir menn geta lesið það sér til skemmtunar. Í fréttabréfinu sem kom í gær er Ingólfur fremur svartstýrn á þróun peningamála hér á næstunni, einkum með tilliti til fjárhagslegrar stöðu heimilanna í landinu – sem standa hjarta mínu nær en fyrir-tækin. Þar segir m.a.:

„Hvergi í hinum siðmenntaða heimi láta fyrirtæki eða heimili 20% gengissveiflur, og þaðan af meiri, ganga yfir sig. Hvergi sætta menn sig við þvífarkir öfgar í peningastjórnun eins og við Íslendingar. Það er ekkert skritið þó að við bregðumst við með öfgakenndum hætti. Þrátt fyrir hæstu vextina og hæsta vöruverðið eyðum við peningum og tökum hærri lán sem aldrei fyrr. Geggjað umhverfi kallar á geggjúð viðbrögð.“

Í kvöld kláraði ég að skrifa bókina mína, ENGLAR DAUÐANS. Loksins. Klukkan 21.40 lauk ég við síðustu setninguna. Nú fer bókinn til lesarans míns sem lagfærir klaufavillur og stingur upp á einhverjum lagfæringum svo að nokkrir dagar fara í að finpússa verkið. Meiri háttar breytingar verður varla um að ræða enda hefur lesarinn fylgst með verkinu frá upphafi og haldið í höndina á mér, leiðbeint mér og stappað í mig stálinu.

Með þessari bók langar mig að sameina tvennt.

Í fyrsta lagi að skrifa spennandi sakamálasögu.

Í öðru lagi að vekja máls á hlutskipti þeirra fjölmörgu sem lenda óforvarandis í því hlutverki að vera aðstandendur fíkkils, drykkjumanns eða fíkniefnaneytanda.

Það hefur margt verið skrifað um fíkn og fíkla en sáralítið hefur verið fjallað um fólk sem verður fórnarlömb fíknar annarra – maka, barna, foreldra,

vina, starfsmanna, yfirmanna. Þessi stóri hópur hefur verið þögull sem gröfin og mér finnst vera kominn tími til að fjalla um það hlutskipti að verða nauðugur þátttakandi í ógæfu og óhamingju fyrir athafnir annarra.

SUNNUDAGUR, 26. ÁGÚST.



### Sveitasæla

Í dag var mikill hátíðisdagur.

Ég fór með frú Sólveigu og litlu Sól austur í Bolholt – í fyrsta sinn eftir að kotið komst formlega aftur í okkar eigu. Þar eru meðeigendur okkar og vinir búnir að vinna mikið þrekvirki við að taka húsið í gegn. Í minn stað hafa synir mínir, Þór og Hrafn, farið austur og tekið þátt í viðgerðunum.



Þetta var yndislegur dagur. Finnur og Fanney voru fyrir austan með barnabarninu sínu, honum Úlfi, sem er nokkurn veginn jafnaldra litlu Sól.

Unga parið heimaði að fá að fara á hestbak og það var falleg sjón á þessum sólbjarta degi þegar þau tvímenntu á Óðni fram og aftur heimtröðina.

Trén sem við Sólveigu gróðursettum eru orðin óskaplega falleg og setja mikinn svip á umhverfið. Mikið hlakka ég til að gróðursetja fleiri tré. Innst inni neita ég að trúna því að aldintré geti ekki dafnað á Íslandi.



MÁNUDAGUR, 27. ÁGÚST.

### Morðóður Kínverji

Í gærkvöldi kláraði ég að lesa bók sem kínversk kona, Jung Chang, skrifaði um Maó formann ásamt breskum eiginmanni sínum sem heitir Jon Halliday. Þessi bók er svo vel skrifuð að það er unun að lesa hana. Hins vegar er aðalsöguhetjunni, Maó formanni, lýst sem svo viðbjóðslegu afstyrmi að maður á fullt í fangi með að trúna að nokkur manneskja geti verið alvond – en þannig er karlskarfinum lýst í bókinni – án þess að nokkurs staðar sé hægt að greina neitt geðfellt í fari hans. Andfúll, með skemmdar tennur, baðaði sig ekki árum saman, saurlífisseggur, fjöldamorðingi, sjálfhverf-



ur, fullur af mannfyrirlitningu, hrokafullur, öfundsjúkur, lygginn og ómerkilegur svo að eitthvað sé nefnt.

Nýlega las ég tvo doðranta um Stalín eftir breskan sagnfræðing, Simon Sebag Montefiore. Mér fannst nóg um mannvönsku Stalíns og glæpi sem þar voru tíundaðir en í samanburði við Maó formann hefur Stalín verið eins og saklaus skátadrengr – ef trúna má frásögn þeirra Jung Chang og Hallidays.

Það eru reyndar ekki nýjar fréttir að vald spilli jafnvel besta fólk og alræðisvald spilli fólk algjörlega og mikið hefur mannkynið mátt þola að fá yfir sig þrjú villidýr í mannsmynd á einni og sömu öldinni, Hitler, Stalín og Maó. Í samanburði við þá þrjá verða pólitískir andstæðingar manns og valdmenn hérna á skerinu að meinlitlum pappfrístígrum.

MÍÐVIKUDAGUR, 29. ÁGÚST.

### Sumarfrí í sólarhring

Um hádegi á þriðjudag ákváðum við frú Sólveig að taka okkur sólarhringslangt sumarleyfi frá börnun og buru og brugðum okkur austur í Bolholt. Synir okkar sáu um barnabörnin.

Dvölin í Bolholti var yndisleg. Ég smjörsteikti humar fyrir mína heittelskuðu og svo kveikti ég upp í arninum til að magna rómantikina þótt vel væri hlýtt í húsinu og við fundum hvað líffið er dásamlegt.

Til marks um hvað við vorum lukkuleg þá var klukkan farin að ganga níu um kvöldið þegar frú Sólveig gat ekki hamið sig lengur og hringdi heim í Norska bakaríði til að gá hvort allir væru lifandi.

Við dóluðum okkur svo í bæinn í dag í miklum rólegheitum með viðkomu í Sundhöllinni á Selfossi og vorum sammála um að við hefðum aldrei farið í betra sumarleyfi.

Hjónabandsæla og sveitasæla fara vel saman.



## HEILDSÖLU LAGERSALA

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði. Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golfatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

# 50-80% afsláttur

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	11.900,-
Skíðabuxur:	15.900,-	7.900,-
Soft Shell peysur	13.900,-	6.900,-
Barnaúlpur	7.900,-	3.900,-
Skíðaúlpur	18.900,-	8.900,-
Golfjakkar	16.900,-	7.900,-

### Opnunartími:

Fimmtudagur	30. ágúst	kl. 14-20
Föstudagur	31. ágúst	kl. 14-20
Laugardagur	1. september	kl. 10-18
Sunnudagur	2. september	kl. 11-18
Mánudagur	3. september	kl. 14-20

FYRSTUR  
KEMUR  
FYRSTUR  
FAER

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 - Kópavogi

ZO-ON  
ICELAND





Allar  
pottaplöntur  
á útsölu.

Allt að

**70%**  
afsláttur

# útsala



**3 stk**  
**Erikur**  
Stórar og flottar  
**999**



**Krýsi**  
í körfum  
Glæsileg haustplanta  
bæði úti og inni  
verð frá  
**990**



frostpölnir  
útipottar  
**30%**  
afsláttur



**blómaval**  
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



FordEscape AWD



# Ford Escape - nýtt tákni um

**Komdu í Brimborg – prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford**

Með einbeitni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákni verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákni um lífsgæði.

  
**visthæf skref**  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

©2007 FORD MOTOR COMPANY

\*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bill á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.





Nýtt tákni um gæði



Kaffi og kleinur  
**frumsýning**

Komdu í Brimborg í dag  
Akureyri, Reykjavík

# félagslegan hreyfanleika

Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægna vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseginaleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og visthæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.

## Nýtt tákni um lífsgæði

FORD ESCAPE AWD  
5 dyra, sjálfskiptur  
Verð frá 3.350.000 kr.\*

Spurðu um hvað  
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar  
þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á



DR. PHIL MCGRAW SJÓNVARPS-  
SÁLFRÆÐINGUR ER 57 ÁRA

„Ég er nú bara þannig gerður að mér finnst ekki að maður geti verið einhvers konar manneskja og annars konar forseti.“

Hinn þekkti sjónvarpsálfraðingur Dr. Phil, sem hefur hjálpað milljónum manna að öðlast betri sjálfsmynd, grennast, laga til og verða betri foreldrar, hefur sterkar skoðanir á forseta landsins.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 1. SEPTEMBER 1958

## Porskastríð hófst á miðunum

Íslenska fiskveiðilögsagan var færð úr fjórum mílum í tólf hinn 1. september árið 1958. Sama dag hófst Þorskastríð Breta sem öfugt við aðrar þjóðir neituðu að viðurkenna þennan gjörning. Ellefu breskir togarar og fjögur herskip voru á miðunum þegar 12 mílna lögsagan tók gildi. Við lá að Íslendingar lentu í háska strax fyrsta daginn vestur á Dýrafirði þegar herskipið Palliser kom með mannaðar fallbyssur á móti varðskipinu Ægi er það hugðist stugga við togurum þar. Herskipið stefndi beint á Ægi um tíma en Ægir sveigði frá til að forðast árekstur.

Þorskastríðið hélt áfram út árið og fyrisagnir blaðanna segja sína sögu: „Freygátan Eastbourne tekur með ofbeldi níu varðskipsmenn og hefur þá í haldi um borð.“ „Við semjum ekki við Breta, við sigrum þá.“ „Hættulegar tilraunir til að sigla á varðskipin.“ „Munum aldrei hvika.“

Deilunni við Breta um 12 mílurnar lauk

þ með samkomulagi í mars 1961 en þær upphófust aftur árið 1972 þegar lögsagan var færð í 50 mílur hinn 1. september.



HERSKIP BETA STÍMIR Á VARÐSKIP ÍSLENDINGA.

MERKISATBURÐIR

- 1910 Kveikt var á gasljósum í fyrsta sinn á götum Reykjavíkur.
- 1923 Rúmlega 140 þúsund fórust í Tókýó og Yokóhama í Japan í jarðskjálfta sem mældist 7,9 stig á Richter.
- 1930 Kvikmyndahúsin í Reykjavík hófu sýningar talmynda en fæstir skildu hvað sagt var.
- 1939 Seinni heimsstyrjöldin hófst þegar Þjóðverjar réðust inn í Pólland.
- 1972 Fischer sigraði Spassky í heimsmeistaraveikinu í skák sem hófst 11. júlí í Reykjavík.
- 2004 Tsjetsjenskir hryðjuverkamenn réðust inn í barnaskóla í Beslan í Rússlandi.

AFMÆLISBÖRN



Ruth Reginalds söngkona er 42 ára.



Ólöf Nordal þingmaður er 46 ára



Okkar hjartkæra

**Anna Einarsdóttir**

lést 27. ágúst sl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00.

Systur og fósturdóttir.



**Árni Ibsen**

verður jarðsunninn frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði þriðjudaginn 4. september kl. 13.00.

Aðstandendur.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ágústa Ingibjörg Skúladóttir**

Árskógum 8, (áður Háaleitisbraut 121),

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi miðvikudagsins 29. ágúst.

Jón Jónsson

Ragnheiður Jónsdóttir

Erla Bragadóttir

Björg Kristín Jónsdóttir

Puríður Jónsdóttir Glaeser

barnabörn og barnabarnabörn.

Brynjólfur Þór Brynjólfsson

Eliás Héðinsson

Hans Ulrich Glaeser



Einlægur þakkir fyrir alla samúð, stuðning og hlýðug við fráfall

**Jóns Ásgeirs Sigurðssonar**

útlagsmanns.

Margrét Oddsdóttir

Sigurður Árni Jónsson

Oddur Björn Jónsson

Þorgrímur Darri Jónsson

Sigríður Jónsdóttir

Haukur og Kári Hallsteinssynir

Margrét Sigurðardóttir

Björn Sigurðsson

Magdalena Sigurðardóttir

Hallsteinn Magnússon

Þórir Haraldsson

Hekla Smith

Oddur Pétursson



LEIKGARÐUR Íris Arnardóttir leikskólastjóri tekur á móti börnum háskólanema frá sex mánaða aldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LEIKSKÓLINN LEIKGARÐUR: ÁR FRÁ STOFNUN

## Faglegt starf frá fyrstu stundu

Leikskólinn Leikgarður fagnar ársafmæli í dag og er einn fárra á höfuðborgarsvæðinu sem taka á móti börnum frá sex mánaða aldri.

„Leikgarður er rekinn af Félagsstofnun stúdenta og þess vegna getum við tekið á móti svona ungum börnum. Skólinn er fyrir börn háskólanema sem eru á aldrinum sex mánaða til tveggja ára,“ segir Íris Arnardóttir, leikstjórnari.

Skólinn sem er við Eggertsgötu hefur nú starfað í ár og getur tekið á móti sextíu börnum. Að sögn Írisar er engin mannekla á Leikgarði sem er fullmannaður með tuttugu starfsmenn.

Að sögn Írisar komast svona ung börn almennt ekki inn á leikskóla en þörfin er rík. „Dagmómmur geta ekki sinnt öllum þessum börnum og þarna er að myndast gjá þar sem foreldrar hafa ekkert val. Fyrir síðustu kosningar var lofað að finna úrræði

annaðhvort vöggustofur eða leikskóla fyrir þennan aldur. Það hefur ekki gerst enn, svo ég býð bara spennu,“ segir Íris og bætir við:

„Það þyrfti að gera þarfagreiningu. Þá kæmi í ljós hversu margir foreldrar eru í vanda,“ segir Íris sem segist vona að fleiri leiksskólar verði settir á laggirnar sem taki á móti yngstu börnunum. „Hjá dagmómmum eru börnin meira í þösson á meðan við stöndum fyrir faglegu starfi. Við erum háskólamenntuð í uppeldisfögum og fylgjumst markvisst með þroska barnanna og örvum þau á þann hátt sem hentar þeirra þroska og aldurskeiði,“ segir Íris.

Hún segir að aðlögun barnanna snúi alltaf bæði að börnum og foreldrum, sérstaklega hjá svona ungum börnum. „Það er alltaf smá skjálfti í foreldrum þegar þau koma fyrst með börnin en þetta gengur mjög vel,“ segir Íris.

Hún segir jafnframt að umönnun

yngstu barnanna sé vissulega öðruvísi en þeirra eldri. „Það er misjafnt hvaða aldri kennarar hrifast mest af og sem betur fer eru margir sem vilja þá áskorun að hugsa um litlu börnin líka,“ segir Íris og bætir við að skólinn sé í samvinnu við tvo aðra leikskóla sem Félagsstofnun stúdenta rekur fyrir eldri börnin.

„Við erum með sameiginlega stefnu sem við vinnum eftir sem kallast High Scope. Þetta er mjög virt bandarísk stefna sem er búið að raunprófa,“ segir Íris sem segir stefnuna snúast um að finna áhugasviðs hvers barns, auk umhyggju og að barnið öðlist traust á leiksskólakennurunum svo það sé ánægt í leikskólastarfinu.

„Ég veit af einum öðrum leikskóla sem starfar eftir þessari stefnu, en við erum þau einu sem erum með svona ung börn,“ segir Íris sem nú vinnur að þýðingu bókar um stefnuna fyrir yngstu börnin.

rh@frettabladid.is



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför

**Sigrúnar Ingu Sigurgeirsdóttur**

Grænumörk 3, Selfossi.

Sigurgeir Ingvarsson

Sigurgeir Reynisson

Gunnar Valgeir Reynisson

Pétur Kúld

Guðmundur Birnir Sigurgeirsson

Pálmar Sölvi Sigurgeirsson

Sigrún Magnúsdóttir

Kristína Tyscenko

Margrét Auður

Óskarsdóttir

Ágústa Traustadóttir

Valgerður K.

Sigurðardóttir



Elskulegur eiginmaður minn

**Böðvar Guðlaugsson**

sérkennari, Hamraborg 18, Kópavogi,

lést á Vífilsstöðum fimmtudaginn 16. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks Vífilsstaða og séra Svanhildar Blöndal.

Ósk Ingibjörg Eiríksdóttir, börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og systur hins látna.



ÚTSALA

15-50 %

OPIÐ FRÁ 10-16

PARKET / FLÍSAR / HURÐIR  
INNRETTINGAR / MÁLNING  
ARNAR / HREINLÆTISTÆKI

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 5643500

**Parki**  
INTERIORS



# Ástin fer aldrei úr tísku

Gjörningaklúbburinn er þekkt fyrirbæri í listalífi Íslendinga en yfirlitssýning klúbbsins stendur nú yfir í Listasafni Reykjavíkur og spannar 11 ára feril. Gjörningaklúbburinn lagði upp með gjörninga en þróaðist út í nútímalist. Ekkert er þeim óviðkomandi. **Hanna Björk Valsdóttir** hitti þær **Eirúnu Sigurðardóttur, Jóni Jónsdóttur og Sigrúnu Ingu Hrólfsdóttur** meðan undirbúningur stóð sem hæst í Hafnarhúsinu.

**Þ**að var mikið um að vera í Listasafni Reykjavíkur þegar blaðamaður mætti daginn fyrir opnun yfirlitssýningarinnar. Stúlkurnar í Gjörningaklúbbnum sem reyndar velta fyrir sér hvenær verður hætt að kalla þær stúlkur eru á við og dreif um safnið að koma verkunum fyrir. Alls staðar er fólk að vinna, eiginmenn, vinir og vandamenn. Hátt í hundrað manns hafa lagt hönd á plóg fullyrða stelpurnar og undirbúningur hefur staðið í tvö ár. Yfirlitssýningin er stærsta sýning þeirra til þessa. Eirún, Jóni og Sigrún labba um sýningarsalinn í hendingskasti meðan hamarshögginn dynja og útskýra gömul verk og nýrri. Í gömlu verkunum er Dóra Ísleifsdóttir með þeim en hún yfirgaf klúbbinn árið 2001. Eirún, Jóni og Sigrún vinna allar sem ein og tala allar sem ein. Þær enda setningar hver hjá annarri og útskýra til skiptis. Ein kona með þrjú höfuð, að minnsta kosti á meðan þær koma fram sem Gjörningaklúbburinn.

## Rannsóknin

Rannsóknarverkefni sýningarinnar er hvernig gjörningarnir geti lifað án þess að stelpurnar séu að framkvæma þá. Til þess hafa þær fengið THG Arkitekta í lið með sér og arkitektinn Arnald Scram sem hefur staðið í ströngu við að byggja umgjörð utan um gömlu gjörningana. Inni í hverri bólu eru upplifanir varðveittar. Búningar og vídeoupptökur af verkunum rifja upp stemninguna. „Við erum búnar að fara í marga hringi með hvernig best sé að gera þetta.“ Það er óhætt að segja að útkoman er mjög skemmtileg.

Á einum sjónvarpsskjá sjást þær klæddar í dúnsengur að fremja dansleikhúsgjörning í Bergen. „Fólk vissi ekki hvað það átti að halda en sem betur fer var barn í áhorfendahópnum sem byrjaði að hlæja og þá varð fólk rólegra og fattaði að þetta var ekki svona mikið drama,“ útskýrir Jóni. Húmor og íronía eru einmitt gegnumgangandi í verkum Gjörningaklúbbsins, á sama tíma og þær vilja láta taka sig alvarlega.

## Eins dress

Búningar og sérhannaðir leikmunir eru óaðskiljanlegur þáttur í gjörningum þeirra. „Það hefur verið gegnumgangandi hjá okkur að vera í eins dressum og flottum búningum, stundum fáum við förðunarfræðinga til að gera brjáláð meiköpp. Það er stór partur af þessu gjörningaklúbbsdæmi. Eins segjum við aldrei hver gerði hvað. Heldur er þetta allt eftir okkur,“ útskýra þær.

Glænýjar teikningar gerðar sérstaklega fyrir þessa sýningu hanga uppi á vegg. „Þetta eru lítil minningarbrott úr gjörningum og verkum sem við höfum gert í gegnum tíðina. Við teiknum allar, en það er alls ekki gefið upp hver teiknaði hvaða mynd. Við erum þær einu sem vitum það. Það er það skemmtilega við að eiga leyndarmál,“ segja þær brosandi.

Í einni bólunni á Gjörningaklúbbsandinn heima. „Hérna verða allir búningar frá okkur og hlutir sem tengja okkur.“ Næsta bóla við er íhugunarherbergi frá árinu 2000. „Maður fer þarna inn og horfir á sig í demantaspeglinum



AN ÞÍN (2001) Þetta er ótrúlega gott tækifæri til að þæla í hlutunum og setja þá í samhengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Almenningur hefur tekið okkur opnum örmum. En sumir fræðimenn hafa þóst vera eitthvað merkilegir með sig og hafa ekki getað tekið þátt. Við erum alls ekki eitthvert léttvægt dót.



og svo krýpur maður niður og þá þarf maður að horfa inn á við. Leita að sínum eigin demanti," útskýra Jóni og Eirún. Það er alltaf eitthvað fallett í hugsun Gjörningsklúbbsins.

#### Umhverfisverðlaun

Nýjasta verk þeirra er útilistaverk við Vatnsfellsvirkjun. Verkið fékk Green Leaf Award í sumar sem eru alþjóðleg umhverfisverðlaun og stelpunum þykir mjög vænt um það. Verkið er vídeó og ljósmyndir. „Það var óskað eftir að við gerðum nýtt verk fyrir sýningu í Noregi. Þetta er myndlist sem á að vekja athygli á hlýnun jarðarinnar, gróðurhúsaáhrifum og öllu því. Þetta var í samvinnu við alþjóðlegan umhverfisdag Sameinuðu þjóðanna. Sýningin var opnuð á þessum degi og við fengum verðlaunin afhent," segja þær stoltar.

„Í verkinu fylgjumst við með ríkum konum sem ákveða að stinga af. Þær hafa fengið nóg af því að sitja einar heima í einbýlishúsunum sínum meðan mennirnir fara í business-ferðalög. Þær ná í gítarinn úr unglingsherberginu, fara í pelsana og upp á fjöll til að komast í tengsl við náttúruna og sjálfar sig og njóta síðustu köldu daganna áður en allt bráðnar. Það er algjör lúxus að fá að vera í kulda," útskýra þær í sameiningu. „Þetta er grafalvarlegt mál með írónskum undirtóni. En þessar konur eru alveg rólegar með þetta. Ef það verður of heitt þá fara þær bara úr pelsunum. Þær eru líka örugglega með einhver flott bikini í vasanum. Það er dálítill heimsendatónn í þessu en samt smá í djóki. Maður þarf að vera fallegur og töff þó að heimsendir sé að nálgast.“

#### Gjörningsklúbbspráðurinn

Eftir að hafa fengið leiðsögn um sýninguna og starfsferil Gjörningsklúbbsins setjast stelpurnar niður eitt augnablik áður en þær halda áfram að setja upp sýninguna. „Þetta er ótrúlega gott tækifæri til að þæla í hlutunum og setja þá í samhengi. Mikið af dótinu hefur verið ofan í kössum en núna þegar við tökum þetta upp þá er mjög sterkur þráður í gegnum verkin. Strax í fyrsta gjörningnum myndaðist ákveðinn grundvöllur. Eitthvað sem okkur hefur öllum þótt áhugavert að taka lengra. En enga okkar grunaði að við myndum ennþá vera að gera þetta eftir ellefu ár," segja þær. Gjörningsklúbburinn var stofnaður þegar þær voru að útskrifast úr Listaháskólanum en ekkert plan um glæstan feril lá þá fyrir. „Nei, alls ekki. En af því að við hittum á einhvern streng sem tengdi okkur saman strax í byrjun þá höfum við haft ástæðu til að halda áfram. Árin líða og fleiri sýningar bætast við og fleiri verk verða til," útskýrir Eirún.

En hver skyldi vera þessi sterki þráður sem má sjá í gegnum verkin? „Kannski er það leit. Leit að kærleika eða ástinni, upplifunum, sjálfsmynd og trú kannski líka," segir Eirún. „Kannski að komast að því hvort maður geti unnið með einhverjum öðrum og þróað hugmyndir áfram og kastað þeim á milli. Það er hægt að ná meiri árangri þannig heldur en að sitja einn heima og fara í einhverja hringi. Með því að gefa boltann á milli þá kemst maður að niðurstöðum sem eru í rauninni merkilegri en þær sem maður hefði komist að einn," bætir Sigrún við.

„Þetta snýst líka um að geta sleppt sér í því að sjá einhverja hugmynd verða að veruleika sem þú tengir mjög sterkt við en þú þarft að deila henni með öðrum. Það gerir mann sterkari. Og er oft líka miklu skemmtilegra. Maður leyfir sér að taka fleiri sýna, vera asnalegur, flissa soldið, hafa gaman og hlæja.“

#### Icelandic Love Corporation

Gjörningsklúbburinn var í útrásarhug 1997 eftir að hafa fengið símtal frá Ósló um að koma fram þar. Það virkaði ekki að þýða nafnið beint á ensku en stelpurnar hafa alltaf predikað mikið ást og kærleik og þannig varð nafnið þeirra The Icelandic Love Corporation til á ensku.

„Ástin er ekki bara eitthvað eitt einfalt og væmið, ástin getur birst í svo mörgum myndum. Hún getur verið andstyggileg og hatrómm. Ástin fer aldrei úr tísku. Fólki finnst eins og ástin sé eitthvað léttvægt, eins og rauðu ástar-sögurnar, en hún stjórnar heiminum. Vonandi, meira heldur en eitthvað annað," segja þær hver ofan í aðra. „Ástin er ekkert grín," bæta þær við. Húmorinn aldrei langt undan.

Gjörningsklúbburinn hefur starfað meira erlendis síðasta áratuginn þótt þær reyni að halda eina sýningu á ári á Íslandi. Meiri hlutann af árinu eru þær erlendis þó það sé ekki ákvörðun, Ísland er einfaldlega svo lítið. „Stundum förum við út og erum tritaðar eins og algjörar stjórnur og erum á lúxushótelum en stundum erum við bara á einhverjum skáta-



ELLEFU ÁRA FERILL Húmor og ironía eru gegnumgangandi í verkum Gjörningsklúbbsins, á sama tíma og þær vilja láta taka sig alvarlega.

heimilum. Það fer alveg eftir því hver er að bjóða og hvað er að gerast," segja þær um mót-tökurnar.

#### Stærsta stundin

„Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að hafa fengið Green Leaf verðlaunin," segir Jóni. „Það var líka rosalega gaman að fá þetta tækifæri fyrir plötuna hennar Bjarkar," segir Eirún en Gjörningsklúbburinn bjó til búninga og skúlptúra fyrir nýju plötuna hennar. Þetta tvennt er líka eitthvað sem er glænýtt og gefur vonir um að Gjörningsklúbburinn muni starfa ótrauður áfram. „En svo eru líka svo skemmtileg mómment þegar við erum að fara inn á verkstæði og hitta alls konar fólk og biðja það um að gera fáránlegustu hluti fyrir okkur og fólk er alveg frábært hvað það tekur vel í alls konar skritna hluti," segja þær.

#### Almenningslist

En hvernig skyldi almenningur á Íslandi hafa tekið þeim? „Mjög vel," segja þær allar í kór. „Bæði börn og fullorðnir. Almenningur hefur tekið okkur opnum örmum. En sumir fræðimenn hafa þótt vera eitthvað merkilegir með sig og hafa ekki getað tekið þátt. Við erum alls ekki eitthvað léttvægt. Við finnum einmitt fyrir því hvað það er fullorðins að vera með svona yfirlitssýningu," benda þær á.

„En af því að við erum þrjár er útkoman sem kemur frá okkur þremur kannski almennari," segir Eirún. „Það má heldur ekki gleyma að gefa almenningi kredit. Almenningur er ekkert vitlaus," segir Jóni. „Nei, og mjög áhugasamur um myndlist," segir Eirún með áherslu. Og svo hlæja þær allar.

## Auglýsing vegna aukningar stofnfjár

Ákveðið hefur verið að auka stofnfé um **kr. 2.971.234.536** með útboði þar sem stofnfjáreigendum verður boðið að skrá sig fyrir nýju stofnfé sbr. samþykktir sparisjóðsins þar að lútandi. Heildarnafnverð nýs stofnfjár í útboðinu er **kr. 1.565.854.263** og er verð hvers stofnfjárhlutar **kr. 1,89751665**. Útboðið sem nú fer í hönd er forsenda þess að hægt sé að ná skiptihlutföllum sem gert er ráð fyrir í fyrirhuguðum samruna við Sparisjóð Kópavogs, en samrunaáætlun var undirrituð af stjórnnum sjóðanna 27. júní síðastliðinn.

Í dag hafa allir stofnfjárhlutir í BYR - sparisjóði verið skráðir rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Svo mun einnig verða um nýtt stofnfé sem gefið verður út í tengslum við aukningu þessa.

Útboðslýsingu vegna stofnfjárukningarinnar er að finna á heimasíðu

BYRS - sparisjóðs [www.byr.is](http://www.byr.is). Jafnframt má nálgast lýsingu á útibúum

BYRS - sparisjóðs. Þjónustuver veitir upplýsingar um útboðið í síma **575 4000**.

Áskriftartímabil stendur yfir frá og með **3. september**, til og með

**17. september næstkomandi**. Eindagi áskrifta er **24. september 2007**.

Reykjavík, 31. ágúst 2007







**GANGALÍF** Gangar Menntaskólans við Hamrahlíð hafa í um 40 ár iðað af lífi. Myndin er tekin á seinni hluta áttunda áratugarins.



**GAMAN SAMAN** Desembervaka árið 1976 en félagslíf skólans hefur jafnan verið fjórugt og fyrirferðarmikið. Lengt til hægri er Jón Hnefill Aðalsteinsson.

# Gleði, gleði, gleði ...



Menntaskólinn heldur upp á merka áfanga um þessar mundir. Í vetur sem leið hélt **Menntaskólinn við Hamrahlíð** upp á 40 ára starfsafmæli sitt. Nú í haust eru svo einnig liðin fjórtíu ár frá því að kór Menntaskólans við Hamrahlíð tók til starfa og var haldið upp á það með pompi og prakt síðastliðið fimmtudagskvöld. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fór í gegnum gömul myndaalbúm MH-inga.



**BUSAVÍGSLA A LA MH** Busi í hengingarsöru og eldri nemandi í hlutverki böðuls. Myndin er tekin í Skógarhlíð.



**Í SMÍÐUM** Beðið var með mikilli eftirvæntingu eftir nýjum menntaskóla og hér má sjá menn vinna við að steypa hann í ágúst árið 1967.



**STÚDENTSHÚFUR MÁTAÐAR** Nemendur að mæta stúdentshúfur í verslun P. Eyfeld.



**LÍFLEGT LEIKFÉLAG** Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð hefur sett upp margar skemmtilegar leiksýningar í gegnum árin. Ein sú eftirminnilegasta er uppfærsla þess á Rocky Horror Picture Show árið 1991 þar sem Páll Óskar Hjálmtýsson var í aðalhlutverki. Til vinstri má sjá Pál Óskar með öxi í hönd, fremst á sviðinu hægri megin er Steinunn Þórhallsdóttir og fyrir miðju er Bergur Bernburg í hlutverki Eddie. Til vinstri glittir svo í Guðjón Bergmann með skalla.

**SKRAUTLEGT ÞÁ OG SKRAUTLEGT NÚ** MH-ingar hafa allt frá upphafi vakið athygli fyrir litríkan og frumlegan klæðaburð og má sjá að það er síður en svo af sem áður var.



**ÞAR SEM MARGUR HEFUR ALIÐ MANNINN** Fyrir miðju stendur Karl Ágúst Úlfsson, síðar leikari, og stjórnar busavígslu árið 1976. Menntaskólinn hefur alið af sér marga af fremstu listamönnum þjóðarinnar, jafnt leikara, tónlistarmenn sem og myndlistarfólk.



**KÓRINN SLO Í GEGN** Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður árið 1967 og árið 1981 hóf Hamrahlíðarkórinn svo starfsemi en hann er skipaður brautskráðum MH-ingum. Hér má sjá kórinn á æfingu í Háteigskirkju það sama ár ásamt stjórnanda sínum, Þorgerði Ingólfsdóttur.



# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN!



50% afsláttur

Gjafavara, matar- og kaffistell - frábært úrval



60 - 80% afsláttur

Lín Design, íslensk hönnun  
Textilvara, gjafavara, handklæði, rúmföt, matar- og kaffistell, o.fl.



50 - 60% afsláttur

Fallegar flísar - margir litir og gerðir



20 - 80% afsláttur

Húsgögn í miklu úrvali

Hreinlætistæki Gólfefni Heimilistæki Raftæki Gjafavara Búsáhöld Húsgögn Ljós Innréttingar

Rýmum fyrir nýjum vörum - allt að **80%** afsláttur

www.egg.is

**EGG**  
SMÁRATORGI



# Í internetminningu manns

Enginn fer varhluta af því að öldin er önnur. Frá þeim tíma þegar dauðinn var daglegt brauð og látnir voru geymdir inni á heimilinu þar til voraði er langur vegur. Líkt og margt annað sem áður kostaði göngutúra og samskipti augliti til auglitis, hefur dauðinn hreiðrað um sig á internetinu og skrifi maður orðið „minningarsíða“ á www.google.com fást upp undir 10.000 leitarniðurstöður. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** skoðaði ný heimili syrgjenda og samúðarvotta.

**F**yrir um sjö árum mátti í fyrsta skipti sjá þjóðina sem heild fela sorg sína í hendur gervihnattaöld. Ungur maður, Einar Örn Birgisson, var myrtur á hrottafenginn hátt og landsmenn, sem á þeim tíma voru á tanntökuskeiði í heimasíðugærd og bloggfaerslum, skrifuðu nafn sitt á heimasíðu sem búin var til í minningu Einars. Frá þeim tíma hefur margt breyst og í vor sem leið lést Ásta Lovísa Vilhjálmstöttir úr krabbameini en hún hafði leyft netverjum að fylgjast með baráttu sinni við sjúkdóminn og komið fram í sjónvarpi og blöðum. Þegar hún lést breyttist bloggssíða hennar umsvifalaust í minningarsíðu þar sem lesendur, mest allt ókunnugir, skildu eftir ekki aðeins nafn sitt heldur örfá kveðjuorð. Í dag eru liðnir um fjórir mánuðir frá því Ásta Lovía lést en enn í dag eru á milli 200-300 heimsóknir á síðuna hennar hvern dag og frá upphafi eru gestir orðnir tæplega 700.000 talsins.

## Hversdagskveður til himna

Minningarsíður eru þó ekki allar þeirrar gerðar að fá mörg þúsund heimsóknir og kveður. Þær eru af ýmsu tagi og á sumar þeirra er ef til vill bara einn sem skrifar, getur jafnt verið frænka, móðir, dóttir eða vinur, og á aðrar eru nokkrir, þá vinir og/eða ættingjar, sem sjá um skrifin. Oft er talað beint til þess látna, hann ávarpaður og honum sagt hvað á daga þess sem lifir hefur drifið. Jafnt fræddur um það að það skuli eldaðar kjötbollar í kvöldmatinn sem og að forstofan hafi verið máluð um síðustu helgi. Flestar síðurnar eru þó þannig úr garði gerðar að allir geta skilið eftir kveður, jafnt þeir sem þekktu til hins látna sem og ókunnugir.

## Myspace einnig notað

Þess sem minnst er, kvaddi þennan heim yfirleitt fyrir um einu til tveimur árum síðan, en í skóginum má líka finna síður þar sem skrifað er til fólks sem lést fyrir um meira en 20 árum.

Heimasíður, svo sem svokallaðar myspace-síður, þar sem vinir geta skilið eftir skilaboð sem allir sjá, geta svo óvænt breyst í hálfgerða minningarsteina en nokkur dæmi

íslensk mátti finna um það að þegar sá sem átti síðuna féll til dæmis skyndilega frá fóru vinirnir – sem áður höfðu skilið eftir hversdagslegar kveður – að senda hina hinstu kveðu. „Sakna þín, vona þú sért að gera eitthvað verulega skemmtilegt þarna uppi.“

## Skriptar skoðanir um minningarsíður

Þróun þessi hefur gengið fremur hratt fyrir sig og skiptar skoðanir um hvort hún sé góð eða slæm. Þetta er svo sem ekkert allt nýtt undir nálinni. Þótt formið hafi breyst. Í dag vafra ókunnugir um á netinu milli minningarsíðna ókunnugra en áður gengu þeir kannski um kirkjugarða og skoðuðu leiði þeirra og lásu svo minningargreinar í Morgunblaðinu. Helsta nýjungin er kannski sú að ókunnugir sendi samúðarkveður og minningarorð og séu í andlitslausum samskiptum við nánustu aðstandendur. Sorgin er því í beinni útsendingu í orðsins fyllstu merkingu og þá er það spurningin sem brennur á mörgum: Er þetta góð þróun eða slæm? Er nútímamaðurinn sífellt orðinn fjarlægari hinum „raunverulega“ heimi sorgarinnar og dauðanum eða er ekkert eðlilegra en að nota best vin mannsins – internetið – í því að nálgast og deila sorginni?

## Kemur ekki í stað mannglegra tengsla

Pétur Pétursson, prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands, segir að þessi þróun sé merkilegt fyrirbæri á nýjum miðli. „Að sjálfsgöðu hafa þeir sem syrgja gert það áður að skrifa um sorgina og fá útrás fyrir hana í dagbókarformi og bréfum. En þetta er nýr miðill sem gefur nýja möguleika. Það að ókunnugir finni sig í að lesa síðurnar og skilja eftir samúðarkveður getur oft snúist um það að fólk er að bæta sér upp einangrun og þá liggur það á netinu og reynir að ganga inn í mannleg samskipti í gegnum netið. Ef slíkt er viðbót við önnur mannleg samskipti myndi ég ekki halda að þetta sé eitthvað sjúklegt eða óeðlilegt en þetta getur virkað þannig að fólk loki sig af og gerir það að verkum að fólk leit ekki eðlilegra samskipta og tali augliti til auglitis við fólk um erfiða hluti og þjáninguna. Þannig getur það endað svo að fólk sitji uppi með sorgina og vinni sig ekki út úr henni,“ segir Pétur.



ÞAD SEM KOMA SKAL? Íslenskum minningarsíðum fer óðum fjölgandi og spurning er hvort þetta sé sú þróun sem við eigum eftir að sjá næstu árin.



Sorgin er því í beinni útsendingu í orðsins fyllstu merkingu og þá er það spurningin sem brennur á mörgum: Er þetta góð þróun eða slæm?

## Hætt við að fólk festist í sorg

Reynst getur fólk vel að skrifa og tjá sig um sorgina að sögn Péturs, minningargreinar Morgunblaðsins hafa séð um að þjóna þeirri þörf hingað til og oft geta minningargreina-skrif opnað fyrir frekari samskipti þar sem aðstandendur geta þá hringt og þakkað fyrir greinarnar. Hins vegar ef útrásin fyrir sorgina færast meira inn í bloggheiminn getur það komið í veg fyrir að unnið sé úr sorginni með hjálp mannglegra samskipta á breiðari grundvelli og sé það varhugavert. Að sitja við tölvu og sýna ekki andlit geti orðið mjög einangr-

andi. Og kemur ekki í staðinn fyrir sálusorgun. „Fólk þarf að leita til presta, sálfræðinga og vina og sitja augliti til auglitis. Þannig á úrvinnslan sér stað og mannlegur þroski. Ekki frekar en það er hægt að setja lítið barn fyrir framan tölvu og ala það upp eftir forriti, er hægt að fara í gegnum sorgina þar.“

## Tilfæsla á sorg

Pétur hefur rannsakað minningargreinar í Morgunblaðinu og segir þær vera upphaf sorgarúrvinnslu og það sama megi segja að geti verið tilfellið með skrif á netinu. Ókunn-

## → SORG Á INTERNETINU

Hér gefur að líta brot úr skrifum af íslenskum minningarsíðum um þá sem horfnir eru yfir móðuna miklum. Flestar eru síðurnar bloggssíður, hýstar til dæmis hjá blog.central.is eða á barnalandi.is. Einnig má finna minningarsíða á spjallsíðum eins og Barnalandi, og myspace-síður sem hinir látnu héldu úti í lífanda lífi geta óvænt breyst í hálfgerðar minningarsíður að þeim látnum.

Öllum nöfnum og staðarheitum hefur verið breytt.

Eiginkona sem heldur úti minningarsíðu um eiginmann sinn sem lést árið 2006 og skrifar sjálf allar færslur:

„Hafið það annars gott og elsku þrándur minn, vonandi að þetta ár muni vera þér auðveldara líka eins og okkur. Söknuður til þín er mikill og maður hugsar mikið til þín og ég finn mikið fyrir þér sem mér finnst gott og notalegt að geta spjalla við þig svona hvar sem ég stend.“

Af myspace-síðu konu á þritugsaldri. Eftir lát hennar breyttist myspace-síðan óvænt í minningarsíðu þar sem fólk skrifar kveður til hennar, tveimur mánuðum eftir lát hennar:

„Hmm...Elsku besta bekkjarsystir mín. Veit ekki hvort að það sé internet þarna hjá þér, en ég þú ert örugglega að fylgjast með mér skrifa þetta! Takk fyrir allar góðu stundirnar sem við áttum saman.“

Minningarsíða um tvítuga stúlku sem lést af slýsförum árið 2006. Þar geta vinir og ættingjar geta sent inn skeyti og gera vikulega:

„Elsku Bára. Langaði bara að láta þig vita hvað ég hugsa oft til þín og tala um þig og þá sérstaklega ég og Dóra, okkur þykir svo vænt um þig. Það er alltaf það fyrsta sem við gerum þegar í vinnu er komið, að kveikja á tölvunni og fara inná þessa síðu.“

Minningarsíða um frændur á þritugsaldri sem létust í bílslysi árið 2006. Tveir nánir aðstandendur blogga enn ári síðar og skrifa beint til frændanna:

„Jæja strákar, þá er ég alveg að verða búin að ákveða hvernig hjól ég fæ mér. Nú hlærðu örugglega Hlynur, ættir að vita að ég skipti um skoðun oftar en ég veit ekki hvað. Já og er líka búin að ákveða að fá mér annað tattú.“

Við dauða Ástu Lovísu fylltist heimasíða hennar af minningarkveðjum og urðu þær yfir 2.200 þegar yfir lauk. Í dag eru enn um 400 heimsóknir á síðu hennar, þrátt fyrir að þrjú mánuðir séu liðnir. Á spjallsíðum eins og barnalandi.is var einnig stofnað til langra umræðu um lát hennar þar sem fólk setti inn samúðarkveður. Enn í dag eru sumir notendur með kveðu til Ástu Lovísu í undirskrift sinni Af barnalandi:

„Mínar dýpstu samúðarkveður til barna og fjölskyldu Ástu Lovísu. Ég sit hérna grátandi, þrátt fyrir að hafa ekki þekkt hana persónulega.“

„Æ... Ég vonaði svo heitt og innilega og beid eftir kraftaverki. Vildi að hún hefði fengið meiri tíma með börnunum og honum Didda sínum. (...)

Ég mun a.m.k. aldrei gleyma henni Ástu, þótt ég hafi ekki þekkt hana neitt nema gegnum bloggið.“

„Ég er alveg orðlaus. Það er svo stutt síðan hún var að skrifa hérna á barnalandi og á bloggið sitt, og svo er hún bara farin :’( Ég sit hérna grátandi, því þótt ég hafi ekki þekkt hana persónulega, þá fannst mér ég samt „þekkja“ hana í gegnum bloggið og kíkti á það oft á dag.“

„Æ plís, vertu ekki með einhvern pólitískan áróður á Guð mitt inni þessum sorglegu fréttum, lágmark að leyfa fólki að melta það fyrst að manneskja sem snerti sálina hjá mörgum sem gáfu henni the time of day til að hlusta á það sem hún hafði að segja.“

Minningarsíða um barn sem lést árið 1984, 2 ára að aldri. Frændi stofnaði síðuna árið 2006 og skrifar þar reglulega færslur:

„Þessi síða var gerð til minningar um þig svo allir geti fengið að vita að þú varst til yndið mitt. Ég finn það í hjarta mínu hversu ánægð þú ert með það elsku engillinn minn og hversu stolt þú ert af mér. Við kynntumst of stutt því ég var bara nokkurra mánaða þegar þú fórst. Samt eru minningarnar sem ég hef heyrt um þig svo raunverulegar. (...) Yndislega konan mín biður að heilsa.“



## FYRSTU FIMM STJÖRNUR KIA

Kia cee'd hlaut fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP. Bílar 3



## PRÍVÍÐUR LAUGAVEGUR

Þvíðar merkingar hafa verið settar upp við Laugavegin, göngufólki til aukins öryggis og ánægju. Ferðir 4



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## Síðan skín sól

Verðdæmi:

Sólarlottó til Lanzarote  
19. september

Verð frá:

34.900\* kr.

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

Verðdæmi:

Sólarlottó til Tenerife  
12., 19. og 26. september  
3., 10., 17. og 24. október

Verð frá:

44.900\* kr.

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

\* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Netverð miðast við að 2 ferðist saman.

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



PLÚSFERDIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús  
FERDIR

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

Auglýsingasími

# 512 50 50

Mest lesið



Jepparnir eru í miklu uppáhaldi hjá Frey, sem hefur hannað margar breytingar fyrir íslenska jeppa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Bílabreytingar eru einstakar á Íslandi

*Freyr Jónsson tækni-fræðingur hefur hannað margar breytingar fyrir íslenska jeppa. Sjálfur er hann á Toyota-jeppa sem leynir svo sannarlega á sér.*

„Ég er búinn að vera á sama Toyota Hi-Lux jeppanum síðan 1993. Ég keypti bílinn nýjan og tók hann þá í gegn. Ég setti í hann sérsníðaða fjöðrun ásamt vél og afturhásingu úr Land Cruiser svo hann myndi henta mínum lífsstíl,“ segir Freyr Jónsson, tækni-fræðingur og fjallamaður.

Hann hefur stundað fjallamennskuna í yfir tuttugu ár og er bæði meðlimur í Jöklarannsóknafélagi Íslands og umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4. „Jöklarannsóknafélagið var stofnað um 1950 af áhugamönnum um jöklaferðir sem höfðu tæki og getu til að fara á jökla við erfiðar aðstæður, ásamt vísindamönnum sem þurftu að komast upp á jökul til að rannsaka meðal annars afkomu jökulsins og eldfjallavirkni,“ segir Freyr, sem ferðast einnig mikið með félögum sínum í 4x4.

Hann hefur hannað gríðarlega margar breytingar fyrir jeppa og fjallabíla, svo sem fyrir fjallamennsku, björgunarsveitir og leiðangra á jafn fjar-

lægur slóðir og Grænlandsjökul og Suðurskautlandið.

Freyr starfaði lengi hjá Arctic Trucks þegar það var undir Toyota og sá þá um hönnun á breytingum. „Þetta var mikið af fjöðrunarbreytingum auk þess sem ég hannaði nýtt þrjátíu og átta tomnu dekk. Við vorum með dekk sem gripu vel í drullu og sandi en vantaði alveg dekk sem greip vel í snjó,“ segir Freyr, sem segir að hönnun og prófun á breytingum á bílum sé einstök hérlendis.

„Lög um bílabreytingar eru mjög raunhæf á Íslandi. Við erum með gott eftirlit og getum því gert þessar breytingar á skynsaman og öruggan hátt. Enda verða aksturseginnleikar breyttra jeppa mun betri, til að mynda í lausamöl,“ segir Freyr, sem ferðast um á jeppanum jafnt að sumri sem að vetri.

„Ég var um þrjátíu daga á fjöllum síðastliðinn vetur og fer þá helst í Grímsvötn og Jökulheima, sem eru mínir uppáhaldsstaðir,“ segir Freyr.

Fram undan er stikuferð hjá Ferðaklúbbsnum 4x4 þar sem stikuð verður svokölluð Bárðargata. „Margar slóðir á hálendinu hverfa undir foksand eða vatn. Þess vegna er mikilvægt að stika reglulega til að halda umhverfinu snyrtilegu og vernda það,“ segir Freyr.

rh@frettabladid.is

# Með góða kostinn

Samkaup **úrval**







Deals on wheels



www.carmax.is

**Pýskar álkerrur**



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leiðið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188  
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

**Grillgrindur  
TILBOÐ**

Á margar gerðir jeppa!



Grillgrindur úr ryðfriú stáli með festingum fyrir ljóskastara kr. 49.900

Bilgerð
Chevrolet 1500
Dodge Ram 2500
Ford F250-550
Grand Cherokee 05-
Honda CRV 05-
Hyundai Santa Fe 06-
Isuzu D-Max 03-
Kia Sorento 03-
Lexus RX300 02-
MMC Pajero 03-
Navara 05-
Nissan Murano 03-
Nissan Pathfinder 05-

Bilgerð
Nissan Patrol 98-
Nissan Terrano 00-
Nissan X-Trail 04-
SsangYoung Musso sport 04-
Toyota Hiace 97-
Toyota Hilux 02-
Toyota Hilux 05-
Toyota LC100
Toyota LC120
Toyota LC90
Toyota Rav4 06-
VW Touareg 04-



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

**Foreldrarnir skapa umferðarpungann**

Það er mikið mál fyrir yngstu námsmenn lýðveldisins að vera treyst fyrir því að ganga einir í skólann. Hæfni þeirra er takmörkuð, eins og reynslan; og erfitt að pluma sig einn í straumþungum stórfjótum umferðarinnar.

„Foreldrar kvarta sáran undan þungri umferð við skólana, en eru á sama tíma að skapa hana sjálfir með því að keyra börn sín í og úr skóla. Það þarf sameiginlegt áttak foreldra í að kenna börnum sínum örugga gönguleið í skólann og losa þennan umferðarvanda um leið,“ segir Kristín Björg Þorsteinsdóttir, fræðslufulltrúi á Umferðarstofu.

Íslensk börn eru aðeins á sjötta ári tilveru sinnar þegar þau „verða stór“ og hefja lögbundna skólagöngu, en á hverju hausti arka þau af stað, 4.200 talsins, með skólatösku á bakinu, meðan morgnarnir verða dekkri og dagarnir stytast.

„Það er svo óskaplega mikilvægt að ökumenn virði hámarks hraða í námunda við skóla. Sem betur fer eru margir þeirra í hverfum þar sem er 30 kílómetra hámarkshraði, en sums staðar, eins og á Háaleitisbraut, Langholtsvegi, Lönguhlíð og Skeiðarvogi, er 50 kílómetra hámarkshraði og eins gott að vera vel vakandi því lítið má út af bera á þessum mikla álagstíma þegar skólarnir byrja á morgnana og hætta á daginn,“ segir Kristín Björg, sem leggur áherslu á að lögregla vinni með litla fólkinu við skólana og standi vörð um virðingu ökumanna fyrir settum hámarkshraða.

„Aðgengi við skólana er misjafnt og alltaf ráðlagt að setja börn út á þar til gerðum „sleppistæðum“. Einnig ber að forðast að bakka á skólalöðum því yngstu börnin eru enn bara lítil kríli sem halda að þegar þau sjá bílinn sjái bílstjórninn þau líka.“

Í ágúst fengu 4.200 sex ára börn bæklinginn „Á leið í skólann“ þar sem haldgóðar leiðbeiningar eru gefnar foreldrum barna sem eru að hefja skólagöngu.

„Umferð á höfuðborgarsvæðinu hefur þungst gífurlega og mikilvægt að vanmeta ekki umferðar-



Börn að fara yfir gangbraut á leið sinni í skólann. Umferðarstofa mælir eindregið með því að börnum sé kennt að ganga öruggu leiðina í skólann.

kunnáttu barna. Þau verða að klæðast flíkum og skólatöskum með álmíðum endurskinsmerkjum sem tolla vel. Fljótlega verða haustmorgnarnir niðimmir og ekki ósvipað því að fara einn út um miðja nótt fyrir börnin. Þau þurfa þá að meta aðstæður, hraða bíla og nálægð þeirra við mjög ólíkar aðstæður en í björtu og það verða ökumenn að virða og hafa skilning á,“ segir Kristín Björg og bætir við að mestu mistök barna í umferðinni séu að hlaupa óvænt og skyndilega yfir götur.

„Þau kunna öll að stoppa, líta til beggja hliða og hlusta, en þetta eru svoddan kálfar og þegar einhver spennandi bíður hinum megin götunnar gleyma þau að nota umferðarreglurnar og taka á rás. Það er líka varhugavert þegar

þau nota ekki gangbrautir og fara á milli bíla við gatnamót,“ segir Kristín Björg, en umferðarfræðsla barna byrjar þegar þau verða þriggja ára með bókaflökknum „Krakkarnir í Kátugötu“.

„Langbesta fræðslan verður alltaf göngutúrar með foreldrum, því lengi býr að fyrstu gerð. Við leggjum mikla áherslu á að börn gangi í og úr skóla því það er besta hreyfingin, auk þess sem það frískar hugann að fá súrefni í kroppinn áður en heilabrot í skólann byrja. Hins vegar er mikilvægt fyrir þá sem ætla að keyra börn sín í skólann að láta sex ára börn sitja á upphækkuðum púða því þau eru engan veginn orðin nógu hávaxin til að sitja ein með bílbelti í aftursætinu.“

thordis@frettladid.is



**Nýr BMW sportbíl**

BMW kynnir nýjan BMW seríu 1 tveggja dyra sportbíl.

Bílaframleiðandinn BMW kynnir nýjan tveggja dyra sportbíl sem bætist í hóp seríu-1 bíla BMW. Þegar hinn upprunalegi fjögurra dyra seríu-1 bíll var kynntur árið 2004 hlaut hann mikið lof fyrir aksturseginnleikana en last fyrir þrengsli í aftursætinu. Það þykir því skynsamlegra að hafa bílinn

aðeins tveggja dyra, sem breytir notkun hans talsvert. Það sem er áhugavert við bílinn er að EfficientDynamics-prógram BMW er innbyggt í hann, en til stendur að það verði sett í alla bíla BMW. EfficientDynamics-prógram er sérstakt eldsneyttissparnaðarkerfi. Bíllinn verður framleiddur í nýrri verksmiðju BMW í Leipzig sem var hönnuð af heimsfræga arkitektinum Zaha Hadid.

-kep

**Nýr Audi A4 væntanlegur**

NÝRRI SPORTLEGRI TÝPA AF AUDI A4 KEMUR TIL ÍSLANDS Í MARS.

Nýr Audi A4 kemur á markað í nóvember á þessu ári og verður fáanlegur á Íslandi frá og með mars á næsta ári. Bíllinn er nokkuð breyttur frá fyrri gerð og má þar helst nefna mun sportlegra útlit auk þess sem bíllinn þykir tæknilega fullkominn.



Nýja gerðin af Audi A4 er væntanleg hingað til lands í mars 2008.





Kia Cee'd hlaut fimm stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófinu. Þetta er í fyrsta sinn sem bíll frá Kia nær því markmiði.

## Fyrstu fimm stjörnur Kia

**Kia cee'd, Fiat 500 og Peugeot 308 fengu allir hæstu einkunn á Euro NCAP árekstrarprófinu.**

Í nýrri árekstrarprófun Euro NCAP á fjórum bílum voru þrír sem fengu hæstu einkunn, eða fimm stjörnur. Þetta voru smábíllinn Fiat 500 og fjölskyldubíllarnir Peugeot 308 og Kia Cee'd. Fjórði bíllinn var Renault Twingo sem hlaut fjórar stjörnur.

Það urðu nokkur tíma-mót fyrir bílaframleiðandann Kia þegar

Peugeot 308 fékk einni stjörnu meira en Cee'd fyrir varnir fyrir gangandi vegfarendur.



í ljós kom að fjölskyldubíllinn Kia Cee'd hafði hlotið fimm stjörnur fyrir varnir fyrir fullorðna. Er þetta í fyrsta sinn sem bíll frá Kia nær þessum árangri í evrópsku árekstrarprófi. Kia cee'd er fimm dyra hláðbakur og er búinn sex öryggispúðum. Bíllinn hlaut fjórar stjörnur fyrir varnir fyrir börn og tvær fyrir varnir fyrir gangandi vegfarendur.

Litli fjölskyldubíllinn Peugeot 308 hlaut einnig fimm stjörnur fyrir vörn fyrir fullorðna og einni stjörnu meira en Kia cee'd fyrir varnir fyrir gangandi vegfarendur.

Fiat 500 hlaut fimm stjörnur fyrir varnir fyrir



Smábíllinn Fiat 500 kom vel út í árekstrarprófinu.

fullorðna og í heildina 35 stig. Höfðu menn í upphafi áhyggjur af því að smæð bílsins gæti haft áhrif á öryggi farþega en í ljós hefur komið að ekki hefur verið slakað á öryggiskröfum. Hinn smábíllinn sem prófaður var, Renault Twingo, fékk fjórar stjörnur fyrir varnir fyrir fullorðna og í allt 28 stig. Ekki var hægt að mæla varnir fyrir börn þar sem ekki var hægt að koma fyrir barnastól sem Euro NCAP mælir með.

[solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)

## Metnaðarfull söluáætlun hjá Toyota

**Toyota ætlar sér að verða söluhæsti bílaframleiðandinn árið 2009.**

Toyota ætlar að selja 10,4 milljónir bíla um allan heim árið 2009, segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu í gær. Ef fyrirtækið nær því markmiði myndi Toyota slá út General Motors sem hefur trónað á toppnum sem söluhæsta fyrirtækið í 30 ár. Sérfræðingar segja að miklar líkur séu á því að Toyota nái settu marki um allan heim og geti þá slegið út General Motors í Detroit sem hefur verið stærsti bílaframleiðandinn í 76 ár.

Katsuaki Watanabe, framkvæmdastjóri Toyota, kynnti í gær metnaðarfulla áætlun sem

felur meðal annars í sér aukna vinnu í gæðum í framleiðslu, og kynningu á nýjungum eins og lúxusútgáfu af Lexus með blendingsvélum.

Fyrirtækið ætlar sér ekki aðeins stóra hluti í Norður-Ameríku og Evrópu, heldur einnig í Brasilíu, Indlandi, Kína og Rússlandi. Ekki er gert ráð fyrir söluaukningu í Japan.

„Við munum nota hvert tækifæri til að draga úr áhættu, og jafnvel breyta áhættu í tækifæri,“ segir Katsuaki.

Toyota hefur nú þegar náð fram úr General Motors á þessu ári en fyrstu sex mánuði ársins seldi Toyota 4,72 milljónir bíla en General Motors 4.674 milljónir. *-kep*



Katsuaki Watanabe, framkvæmdastjóri Toyota, kynnti í gær söluáætlun Toyota fyrir næstu árin. Toyota stefnir á að verða söluhæsti bílaframleiðandinn 2009.



**FM957**

**Taktu þátt í lífinu með FM957**





**Flugsokkar** eru stuðningsokkar sem koma í veg fyrir bjúg og önnur óþægindi sem fylgja löngum kyrsetum í flugferðum. Sokkarnir fást meðal annars í Lyfju.

## Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1  
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is



OPNUM Í DAG 1. SEPT

Sími 5889705 skautaholl.is



Höskuldur ásamt félögum sínum í Ferðafélagi Íslands við skiltin, sem eru hin einu sinnar tegundar á landinu. MYND/FERDAFÉLAG ÍSLANDS

## Þrívíður Laugavegur

VISA Ísland styrkti nýlega þrívíðar merkingar við „Laugavegin“, göngufólki til aukins öryggis og ánægju.

Þrívíðar myndamerkingar vísa nú „Laugavegsléiðina“ á milli Landmannalauga og Þórsmerkur, eina af fjölförnu gönguleiðum í öbyggðum Íslands. Skiltin, sem eru tíu talsins, eru byggð á loftmyndum Landmælinga sem síðan hafa verið stílfærðar af listamanninum Ómari Svavarsyni og voru þau formlega vígð nú í sumar. Ferðafélag Íslands setti upp skiltin og fékk til þess 3,5 milljónir króna styrk úr menningarsjóði Greiðslumiðlunarinnar VISA Ísland, sem hefur frá árinu 1992 styrkt ýmis menningar-, líknar- og velferðarverkfni. Alls hafa 79 styrkir verið veittir úr sjóðnum frá upphafi.

„Ferðafélag Íslands hefur lagt mikið af mörkum til að ferðafólk

geti átt ánægjulegar og öruggar ferðir um landið. Auk þess fagnar félagið áttatíu starfsárum og okkur þótti því við hæfi að styðja þetta ferðamenningsverkefni,“ segir Höskuldur Ólafsson, forstjóri VISA Ísland – Greiðslumiðlunar hf.

Til stóð að merkja þessa leið, en þegar Höskuldur fór á Mont Blanc ásamt Ferðafélaginu í fyrra kviknaði hugmyndin að þessum nýstárlegu skiltum.

„Ferðamening í Ölpunum og umhverfi Mont Blanc er um margt til fyrirmyndar og náttúran sem ósnortin þrátt fyrir mikinn straum ferðamanna. Þar eru meðal annars þessar þrívíðu myndamerkingar og má segja að þar hafi hugmyndin að útfærslunni kviknað,“ segir Höskuldur.

Engin tvö skilti eru eins. Sá sem er staddur í Landmannalaugum getur horft inn að Þórsmörk á skiltinu og öfugt ef hann er staddur í Þórsmörk. Þar að auki sýna

skiltin á leiðinni hluta af leiðinni eða alla leiðina í ýmsum hlutföllum.

Um átta þúsund manns ganga leiðina árlega og leiðin hefur að sögn Ferðafélagsins aldrei verið vinsælli. Markmiðið er að bæta aðgengi og öryggi ásamt því að stuðla að betri ferðameningu. „Skiltin eiga þó ekki að draga úr áskoruninni sem felst í að ganga þessa leið, heldur stuðla að því að gera gönguna skemmtilega og áhugaverða,“ segir Höskuldur, sem segir jafnframt skiltin hafa fengið mjög góðar viðtökur.

„Ferðafélagið og göngugarpar á Laugaveginum eru mjög ánægð með skiltin. Einnig höfum við heyrt frá sveitarstjórnarfólki á þessum slóðum og hjálparsevitarfólki sem segir skiltin mikilvæg í öryggisskyni, enda mun léttara að átta sig á kennileitum og leiðinni sem er fram undan,“ segir Höskuldur.

rh@frettabladid.is

# Barcelona

í 15 ár hjá Heimsferðum frá kr. 19.990

Heimsferðir hafa boðið beint leiguflug til Barcelona undanfarið 15 ár. Í haust og á næsta ári verðum við með tvö flug í viku til Barcelona og m.a. beint morguflug næsta vor. Þessi einstaka borg býður allt það sem maður óskar sér í borgarferð. Góð hótél í boði. Sérpöntum miða á leiki með Barcelona og Espanol ef óskað er.



Borgin sem allir elska!

- Frábært að versla
- Iðandi mannlíf
- Fjörugt næturlíf
- Fjölskrúðugt menningarlíf
- Áhugaverðar kynnisferðir með íslenskum fararstjórum Heimsferða
- FC Barcelona - spænski boltinn

**BÓKAÐU NÚNA!**

Frá 19.990 kr.

Flugsæti báðar leiðir með sköttum  
1.-4. okt., 8.-11. okt., 15.-18. okt., 21.-25. okt.,  
28. okt. - 1. nóv., 5.-8. nóv., 12.-15. nóv.,  
19.-22. nóv., 10.-13. mars, 24.-28. mars.,  
31. mars - 3. apríl, 7.-10. apríl, 14.-17. apríl,  
21.-24. apríl, 28. apríl - 1. maí, 5.-8. maí.  
Netverð á mann.

Frá 34.990 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Atlantis með morgunmat 5. nóv., 12. nóv. eða 19. nóv.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Sótthreinsandi blautklútar

Flensa, Ablástur o.fl., Kvef, Sveppasyking, Fuglaflensa, Blöðrubólguysyking, Meltingarsyking

KILL 99,8% GERNS, FDA Approved, Vörn gegn bakteríum, vírusum og sýklum

PREVEN'S

## Í formi til framtíðar

Skráning er hafin í þessi vinsælu átta vikna aðhalds- og lífsstílnámskeið fyrir konur.  
www.hreyfigreining.is

**HREYFI GREINING**

SJÚKRAPJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT  
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



**VÍSIR.IS**  
Fyrstur með fréttirnar

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



# allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA 8-18  
UM HELGAR 11-16

## BÍLAR & FARARTÆKI



Toyota Land Cruiser 120 VX árg. 2007 Ek. 22 þ.km, leður, geisladiskmagasin, 20" krómfelgur, spoiler, dráttarbesli, filmur, geggiður bíll. Verð 6090 þús. Bilabankinn s. 588 0700.



SSANGYONG KYRON 2.7 DIESEL 7 MANNA NYR BÍLL. Leður, toppluga, álfelgur, geislaspiari ofl. Verð 3990 þús. Bilabankinn s. 588 0700.



BMW X3 ÁRG. 2004 Ek. 22 þ.km, leður, panoramapak, álfelgur, geislaspiari ofl. Verð 4190 þús. Bilabankinn s. 588 0700.



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX ÁRG. 2008 Leður, DVD, rafdrifin sæti, geisladiskmagasin ofl. Verð 7500 þús. Bilabankinn s. 588 0700.



NISSAN PATROL GR 6/1998 Ek.197 þkm,geislaspiari, ny dekk nýir demparar og gormar nýleg kúpling nýleg og tímareim og víftureimar læstur 100% læstur Verð 1590 þús Tilboð 1300 þús Bilabankinn s 588 0700



SUBARU LEGACY 5/2005 Ek.45 þkm,geislaspiari,álfelgur,aksturs-talava,ofl. Verð 1870 þús Bilabankinn S.588 0700



PORSCHE BOXSTER S ÁRG 2003 Ek.16 þkm,leður,harður toppur,álfelgur,geisla-spiari,aksturstaiva,ofl. Verð 6500 þús YMIS SKIFTI KOMA TIL GREINA Bilabankinn s 588-0700

**Bilabankinn**  
Breiðhöfða, 112 Reykjavík  
Sími: 588 0700  
www.bilabankinn.is



Hummer H3 Luxury,Suv, Off Road '06 ek. 15 þ.km, BOSE CDmagasin, loftkæling, toppluga, leður stöðug-leikakerfi,upphækkaður, lækk.drifhlut-föll,100% driflæstur að aftan,Umboðs-bíll Hrein lánaýfirtaka möguleg. Gsm 820 2223.



Bens G 400CDI 12,8L/100km 2003, ek.150 þ.km, driflæsingar, sjálfsk., leður, nálægðarskynjarar, toppluga, magasin, aksturstölvá, TV, Þjónustubók, vandlega útbúinn. Gott staðgreiðslutilboð. Gsm 820 2223



Jeep Grand Cherokee special Edition 2004, ek 33 þ millur, grár, leður, topp-luga,allt rafdr 20"álfelgur+original felgur, bílalán 2.300 þús, verð 2980 þús, fallett eintak!



Range Rover Sport Diesel Turbo 7/2006, ssk, ek 14 þ km, leður, climate pakki, drkr, álf, blár, verð 8.290 þús. ath skipti ód.



M.Benz ML-500 2006, ssk, ek. 29 þ. km, svartur, einn með öllu, 22" álfelgur, verð 6.900 þús. Glæsilegur bíll! ath skipti ód.



Chrysler PT Cruiser Ltd 2002, ssk., ek. 41 þ. milur, leður, álf, topl., bílalán 1.040 þús. verð 1.490 þús.

**Litla bílasalan**  
Eirhöfða 11, 112 Rvk.  
Sími: 587 7777  
www.litla.is



fallegum orðum. Stuðningur alls þess er eins og einn stór klettur sem viðkomandi getur hallað sér upp að. „Svo eru aðrir sem finnst þeir vera að gengisfella sorg sína og tilfinningar með því að skrifa opinberlega um þær. Þeir upplifa slíka opinberun sem vanvirðu við ástvinu sína þar sem að einungis sé hægt að deila svo viðkvæmum hlut með nánustu vinum og ættingjum þar sem fullt traust liggur fyrir. Fyrir þessu fólki er þetta eins og óhreinun á dýrmætum tilfinningum og kannski vill þessi hópur þess utan ekki heldur taka áhættuna á því að fá neikvæð viðbrögð frá ókunnugu fólki á netinu.“

**Neikvæð viðbrögð auka á vanlíðan** Slíkt getur komið fyrir – að fólk fái neikvæð viðbrögð eða að illa sé farið með þær upplýsingar

sem á heimasíðunni eru gefnar og það getur verið mikið áfall fyrir viðkomandi og skapað enn meiri vanlíðan en ella. „Annað sem mætti spá aðeins í er hvar þetta endi svo allt saman. Daglegur trúnaður við bloggið getur auðveldlega orðið vanabindandi og ef viðkomandi hefur allt að því einungis verið að blogga um sorg, missi og veikindi hlýtur það að taka enda einn góðan veðurdag. Það eru ekki endalaust nýjar framfarir eða bakslög. Allt tekur enda um síðir og einn góðan veðurdag er jafnvel ekki svo mikið að blogga um. Ef blogg færslur um svo viðkvæm málefni verða að enda er hætt við að það myndist tómarúm hjá þeim sem skrifar á síðuna. Allur stuðningur sem viðkomandi bloggari þreifst á er ef til vill horfinn einn daginn og slíkt geta verið mikil viðbrigði.“

**LENGRI HELGI  
Á LAUGAVEGI**

**NÚ ER OPIÐ  
Í VERSLUNUM OKKAR  
FRÁ 10 TIL 18 LAUGARDAG  
OG FRÁ 13 TIL 17 SUNNUDAG**

**HVERGI Á LANDINU ERU FLEIRI  
VERSLANIR OG VEITINGASTAÐIR EN  
VIÐ LAUGAVEG**

**FÓLKID Í BÆNUM**  
HAGSMUNASAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU VIÐ LAUGAVEG  
WWW.LAUGAV.IS LAUGAV@LAUGAV.IS

Móðir sem missti ungbarn árið 2003, heldur úti minningarsíðu um dóttur sína og skrifar enn til hennar árið 2007:

„Það er ofboðslega mikið rok úti og það hvín í öllu hérna. Ég er ein heima. Mömmu finnst oft svo gott að vera ein með hugsunum sínum. Þú veist vonandi hvað mamma elskar þig heitt og innilega prinsessan mín.“

Af minningarsíðu um dreng sem lést í slysförum, á minningarsíðuna geta allir skilið eftir kveðju:

„ÉG veit ekkert hver þið eruð og þið titið ekkert hver ég er. Ég datt inná þessa síðu óvart, ég var bara að leita á google.is. En ég samhryggist innilega og ég vona að þið náid ykkur upp úr þessum hrikalega missi.“

<b>EVA LAUGAVEGI 89</b> [Tískuveruslun]	<b>GALLERÍHÚSIÐ LAUGAVEGI 91</b> [Tískuhús á tveimur hæðum]
<b>NAKTI APINN BANKASTRÆTI 14</b> [Tískuveruslun]	<b>RÁÐHÚSBLÓM BANKASTRÆTI 4</b> [Blómabúð]
<b>FRIIS-COMPANY LAUGAVEGI 55</b> [Fylgihlutir]	<b>VÍNBERIÐ LAUGAVEGI 43</b>
<b>BASK LAUGAVEGI 95</b> [Tískuverslun]	<b>REYKJAVÍK PIZZA COMPANY LAUGAVEGI 81</b> [Veitingastaður]
<b>G-STAR LAUGAVEGI 86-94</b> [Tískuverslun]	<b>SIA LAUGAVEGI 86-94</b> [Húsbúnaður]
<b>GK REYKJAVÍK LAUGAVEGI 92</b> [Tískuverslun með eigin hönnun]	<b>MONA LAUGAVEGI 66</b> [Tískuverslun]
<b>COUTURE LAUGAVEGI 86-94</b> [Tískuverslun]	<b>LIGGALÁ LAUGAVEGI 67</b> [Barnavörur]
<b>MAÍA LAUGAVEGI 86-94</b> [Tískuverslun]	<b>66° NORÐUR BANKASTRÆTI 5</b>



# Umdeild austur-þýsk fortíðarþrá

Átján ár eru liðin frá því að Berlínarmúrinn féll og einangrun Austur-Þýskalands var rofin. *Sigríður Dögg Guðmundsdóttir* fjallar um „Ostalgie“ eða fortíðarþrá eftir lífinu í hinu horfna Þýska alþýðulýðveldi.

Ári eftir að Berlínarmúrinn féll árið 1989 sameinuðust Austur- og Vestur-Þýskaland á ný eftir að hafa verið hvort sitt ríkið frá því skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldar. Í austurhlutanum var hugmyndafræði kommúnismans við lýði og lífið þar talsvert frábrugðið lífinu í vesturhlutanum. Við fall múrsins gjörbreyttist þetta. Austur-Þjóðverjum varð frjálst að ferðast til vesturhlutans og um leið streymdu í hina áttina vestræn áhrif og vörur sem ekki höfðu þekkt þar áður. Umbreytingin á samfélaginu var gífurlega hröð.

Þjóðverjar minnst enn þess harðræðis sem borgarar Austur-Þýskalands máttu sæta af hendi stjórnvalda í forni einangrunar, njósna og jafnvel morða. En sumir líta þó til baka með söknuði. Fólk virðist í auknum mæli sækjast eftir því að rifja upp tímann frá því áður en múrinn féll og er til sérstakt hugtak yfir slíka fortíðarþrá: ostalgie eða Ostalgie á þýsku. Orðið er samsuða úr þýsku orðunum Ost (ísl. austur) og Nostalgie (ísl. nostalgía eða fortíðarþrá).

Hugtakið er umdeilt meðal Þjóðverja, sem sumir telja það snúast um að hefja upp tímabil í þýskri sögu sem beri að gleyma. Engu að síður er víða hægt að svara þessari fortíðarþrá í Berlín í dag.

## Daglegt líf í Austur-Þýskalandi

Fólk sem vill fá að upplifa hvernig andrúmsloftið var í Austur-Þýskalandi og kynast því hvernig daglegt líf fólks var er markhópur DDR-safnsins í Berlín. Frá því að safnið var opnað fyrir ári síðan hafa 180.000 gestir lagt leið sína þangað. Þriðjungur safngesta er erlendir ferðamenn, þriðjungur fólk frá fyrrum V-Þýskalandi og þriðjungur frá fyrrum A-Þýskalandi.

Melanie Alperstaedt, fjölmiðlafulltrúi safnsins, segir misjafnt hvernig síðasttaldi hópurinn upplifir safnið. „Sumir segja okkur draga upp of neikvæða mynd af lífinu í Austur-Þýskalandi og það hafi verið mun betra í raun. Aðrir segja að við sýnum þennan tíma í of jákvæðu ljósi og ekki nógu vel hversu slæmt ástandið hafi verið í raun. Við reynum að ná jafnvægi þarna á milli. Það voru yfir sextán milljónir manns sem bjuggu í



DAUÐASVÆÐIÐ Á DDR-safninu er þetta módel af Múrnum, en það sýnir „dauðasvæðið“ svokallaða með landamæragæslubúnaðinum austan megin við hann.

Austur-Þýskalandi og það er ekki hægt að gera öllum til geðs. “

## Tilfinningin við að njósna

Í afviknu horni á safninu gefur að finna Stasi-hornið, en þar getur fólk sest við lítið skrifborð, sett á sig heyrnartól og hlustað á tal safngesta sem staddir eru inni í dæmigerðri setustofu á austurþýsku heimili hinum megin í safninu. „Þarna gefst fólki kostur á að fá tilfinninguna fyrir því hvernig það var að njósna. Að gera eitthvað sem er forboðið en samt rekur forvitnin þig áfram. Og fólkið sem er í setustofunni getur sömuleiðis upplifað hvernig það var að láta njósna um sig. Þessa tilfinningu er mjög erfitt að framkalla en þetta er mjög mikilvægt atriði hjá okkur. Við sýnum hvernig fólk þurfti að sæta því að njósnað var um það og hvernig fólk var skotið til bana bara fyrir það að vilja yfirgefa landið. Þess vegna tel ég að slík gagnrýni sé ekki sanngjörn.“

## Glataði menningu sinni

Alperstaedt segir að fyrir sér sé Ostalgie neikvætt orð þar sem það merki að fólk sjái tímann í Austur-Þýskalandi á jákvæðan hátt. „Þetta var einræði og það er nokkuð sem enginn Þjóðverji mun gleyma. Við lærum í skóla um öll grimmdarverkin sem þar fóru fram. Því held ég ekki að flestir Þjóðverjar hugsu um Austur-Þýskaland á jákvæðan hátt.“

Alperstaedt, sem sjálf ólst upp í Vestur-Berlín, segist hins vegar hafa rætt við marga sem segi reynslu sína af Austur-Þýskalandi góða, þar sem þeir hafi átt hamingjusama æsku og að ekki hafi verið njósnað um þá. „Það má í rauninni segja að fólkið sem bjó í Austur-Þýskalandi hafi við sameininguna glatað menningu sinni. Þegar múrinn féll var lífið í vesturhlutanum almennt álitandi betra en í austurhlutanum. Fólk var sagt að henda frá sér því sem það hafði haft og þekkt og fá frekar vörur frá vesturhlutanum. Ég held að þessi tilfinning hafi verið erfið.“

## Ráðandi íbúðarform: Plattenbau

Eitt af einkennum Austur-Þýskalands var stórar steinsteypublokkir sem stjórnvöld létu reisa til að hýsa þegnana. Blokkirnar, sem þykja fremur kuldalegar og óvistlegar, voru byggðar upp af steinsteypum einingum og kallast „Plattenbau“. Þetta íbúðarform varð nánast allsráðandi í nýbyggingum upp úr 1960 í Austur-Þýskalandi.

Þó að blokkirnar megi víða finna enn í dag fer þeim stöðugt fækkanði þar sem þær teljast ekki eftirsóknarverðar til íbúðar. Engu að síður virðast margir vilja eyða nótt

í Plattenbau miðað við gífurlega eftirspurn eftir gistingu á farfuglaheimilinu Ostel sem er rekið í Plattenbau í austurhluta Berlínar.

## Afturhvarf til fortíðar

Að ganga inn í móttöku Ostel er eins og að hverfa aftur í tímann um þrjátíu ár. Uppi á vegg hangir stórt málverk af Erich Honecker, leiðtoga Austur-Þýskalands frá 1971 til 1989. Í einu horninu er kveikt á sjónvarpi sem sýnir myndir frá heimsókn Honeckers til Fidels Castro, leiðtoga Kúbu, árið 1980. Í öðru horni eru fornar tónlistargræjur sem spila helstu smellina frá árum áður í Austur-Þýskalandi. Á veggnum fyrir aftan mótökuborðið hanga klukkur sem sýna tímann í Moskvu, Berlín, Havana og Peking.

Farfuglaheimilið hefur verið fullbókað allt frá því það var opnað þann 1. maí, að sögn Lily Lehmann í móttökunni. Helmingur gestanna er Þjóðverjar og helmingur erlendir ferðamenn. Þjóðverjarnir skiptast síðan aftur til helminga eftir því hvort þeir koma frá austurhlutanum eða vesturhlutanum. „Fólk frá A-Þýskalandi kemur hingað til að rifja upp gamla tíma. Einnig vilja sumir kanna hvort við höfum gert þetta rétt. Og gestir frá vesturhlutanum vissu margir ekki hvernig fólk bjó í austurhlutanum og vilja kynast því.“

Húmor fyrir tímabilinu Ostel tengist tímavælaust hugtakinu Ostalgie eftir sögn Lily, sem bætir við að það snúist þó að miklu leyti um kaldhæðni og að hafa húmor fyrir tímabilinu. Spurð hvort gistiheimilið hafi fengið á sig einhverja gagnrýni segir Lily að einungis eitt slíkt bréf hafi borist. „Það var maður sem vildi bara koma reiði sinni á framfæri. Hann spurði hvernig við gætum sett myndir af þessum glæpamönnum upp á vegg hjá okkur og átti þar við myndirnar af stjórnáráðmönnum. Hann

spurði okkur einnig hvernig við gætum nefnt herbergi hjá okkur Stasi-svítuna.“ Lily segir að það sé alls ekki stefna forráðamanna Ostel að hylla þessa stjórnáráðamann og pólitískt ástand þessa tímabils heldur vilji þau einfaldlega sýna hvernig fólk bjó og að þau vonist til að gestir hafi húmor fyrir því.

Lily segir að þau grínist stundum með það við gestina að jafnvel hleranir eigi sér stað á Ostel en að þar sé þó alls ekki um eiginlegar hleranir að ræða heldur vísun í næfurþunna vegg sem skilja að íbúðir í Plattenbau. „Þeir eru svo þunnir að þú heyrir ef einhver dregur fyrir gluggatjöldin í næstu íbúð en þetta er allt hluti af þessari byggingamenningu.“

Plattenbau-byggingarnar eru smám saman að víkja fyrir nýrri byggingum en enn eru heilu hverfin undirlögð af þeim. Sumar blokkirnar standa auðar þar sem fólk fæst ekki til að búa í þeim. „Þetta eru bara box. Og ef fólk hefur kost á því að komast í betri íbúð þá gerir fólk það að sjálfsgöðu.“

## Fordómar í garð austursins

Sautján ár eru frá því að Þýskaland sameinaðist á ný en fordómar eru enn í gangi að sögn Lily, sem ólst upp í austurhlutanum. „Ég hef mjög slæma reynslu af Þjóðverjum frá vesturhlutanum gagnvart mínum uppruna. Ég hef til dæmis lent í því að fólk segir við mig: „Kannski gerir þú hlutina svona þaðan sem þú ert en hér gerum við hlutina öðruvísi.““

Lily segist sjá eftir tímanum fyrir fall múrsins. „Ég var hamingjusamari sem barn í Austur-Þýskalandi heldur en börnin eru í dag. Þegar ég var að alast upp snerist allt kerfið um hugmyndina um samfélag. Það var hugsað um alla og enginn var einn. Og ef þú lítur á samfélagið í dag þá virðast margir vera týndir og einmana.“ Aðspurð segist hún hafa verið sjö ára þegar múrinn féll og bætir við að hún sé oft spurð þessarar spurningar. „Og ég svara alltaf að þó ég hafi ekki þekkt mikið til slæmu hliða kerfisins eins og það var þá get ég sagt þér hvers ég sakna og hvað er ekki til staðar lengur. Ég myndi segja að meginhugmyndin í Austur-Þýskalandi hafi ekki verið slæm heldur hafi það verið framkvæmdin sem mistókst.“



MINJAGRIPIR Á Ostel er hægt að festa kaup á ýmsum minjagripum frá A-Þýskalandi á borð við sjampó, kaffibrúsa, Trabant-leikfangabíl og nuddtæki.



GIST Í PLATTENBAU Gistiheimilið Ostel býður gestum að upplifa andrúmsloft hins líðna kommúnistatíma. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## → SKIPTING ÞÝSKALANDS

Eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk árið 1945 var samið um að Þýskalandi yrði skipt upp í fjögur hernámssvæði sem skiptust á milli sigurveldanna Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Sovétríkjanna. Árið 1949 sameinuðust bandaríska, breska og franska svæðið í Sambands-

lýðveldið Þýskaland, kallað Vestur-Þýskaland, og síðar sama ár varð svæði Sovétríkjanna að Þýska alþýðulýðveldinu, sem var almennt kallað Austur-Þýskaland. Sá hluti sovéskra hernámssvæðisins sem lá austan við árnar Oder og Neisse var gefinn Póllandi.



# Gerðu hagstæð innkaup í Nettó



**43%**  
afsláttur

**398** kr/kg, áður 699 kr/kg  
Matfugls ferskur heill kjúklingur



**53%**  
afsláttur

**196** kr/kg, áður 418 kr/kg  
Goða saltkjöt



**349** kr/pk, áður 499 kr/pk  
Frechetta Italiano, 2 stk í pakka



**88** kr/fl  
Egils Pepsi Max, 2l

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 30. ágúst – 2. sept. eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn





**HALDA SÉR Í ÆFINGU** Brúðurnar sem leika stórt hlutverk í Latabæjarþáttunum eru bæði stórar og þungar og því þurfa brúðustjórnendurnir að vera í góðu formi og halda sér heitum á milli atriða til þess að komna í veg fyrir meiðslí. Magnús Scheving hefur einnig ríka þörf fyrir að hita sig upp áður en hann byrjar að hoppa og skoppa í hlutverki Ípróttaálfins.



**ÞRÍÓTURINN GLANNI** Óneitanlega er það sérstök sjón að ganga inn í upptökuver Latabæjar og sjá þar heimkynni sjálfs Glanna glæps.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Í heimsókn hjá Latabæ

Magnús Scheving hefur verið á þönum undanfarið við að þjálfra nýja Ípróttaálfa og kynna **Latabæ** fyrir heiminum öllum. Fréttablaðið fékk að skjótast í stutta heimsókn í húsakynni Ípróttaálfins og Sportacus og komst að því að þótt húsið í Garðabæ láti ekki mikið yfir sér þá leynist þar heill heimur af ævintýrum.

Húsið í Garðabæ er rúmur fimm þúsund fermetrar að stærð en stærsta einstaka herbergið er upptökuverið þar sem tókur á Latabæ fara fram. Magnús kom sjálfur að því að innrétta og byggja húsið enda hagvanur smiður á ferð; byggði meðal annars sjálfur

einbýlishúsið sitt frá grunni. Óneitanlega er það sérstök tilfinning að ganga þarna um því utan frá sést ekki að það hýsir einn vinsælasta barnaþátt Íslands fyrr og síðar. En þegar inn er komið er ljóst að þarna hefur verið unnið þrekkvirki.



**MARKAÐSSETNING UM ALLAN HEIM** Latibær er ekki bara sjónvarpsþáttur heldur ein stór véll. Markaðssetning hvers konar smávöru er einmitt nauðsynleg til að halda merki þáttanna á lofti, en Magnús hefur margoft lýst því yfir að hann leggi mestan metnaðinn í gerð sjónvarpsefnisins þótt það sé ekki hagkvæmt.



**SVEIGÐAR LÍNUR** Allir innanstokksmunir í Latabæ eru sveigðir og þar er mikil hugsun að baki. Latibær er tímalaus og því er ekkert því til fyrirstöðu að þættirnir verði endursýndir eftir nokkur ár en verða ekki barns síns tíma.



**STUND MILLI STRÍÐA** Vinnu-tíminn gat oft verið langur þegar þættirnir voru teknir upp; frá klukkan sjö á morgnana til tvö á nóttunni. Þess vegna er oft gott að geta teygst úr sér í spa-inu sem Magnús lét byggja enda þurfti stundum að funda um framhaldið langt fram á nótt strax eftir upptökur.



**FISKABÚR OG SÓFAR** Hið mikla rými sem er fyrir starfsmenn Latabæjar er glæsilegt og þar má meðal annars sjá bækur um fornaldarhetjur Íslendinga. Fiskabúrið er þó það fyrsta sem fangar athyglina enda synda fiskarnir þar í mestu makindum.



**GRIPID Í LEIK** Pool-borðið góða er enn sem fyrr á sínum stað en Magnús hefur haldið tryggð við það og gripur ósjaldan í kjuða þegar tími gefst til.



**STÆRSTA GRÆNA TJALD LANDSINS** Í upptökuverinu er umhverfi Latabæjar skapað og þar er stærsta græna tjald Íslands. Á einu augabragði breytist tjaldið í sjálfan Latabæ með einstakri tækni.



# Ótrúlegt verð



## Asus fartölva X51R-AP009A

- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800)
- Intel Celeron M 520 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heymartóstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x3,5x26,4
- Þyngd: 2,8kg

Verð aðeins  
**69.990** kr  
**6.691** kr  
á mán. í 12 mánuði\*  
\*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



**WD** Western Digital

Flakkari 120 GB

**12.990** kr



## Acer fartölva 5633WLMi-2G120

- 1.67GHz Intel Core 2 Duo T5500
- 2MB flytíminni
- 2GB Dual DDR2 533MHz 200pin, stækanlegt í 4GB
- 120GB Ultra ATA100 hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Intel GMA950 PCI Express með allt að 224MB minni
- High Definition hljóðkerfi með Acer 3DSonic hátölurum og hljóðnema
- Snertinæm músarstýring með 4-átta skrúni
- Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótal
- Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11abg netkort með loftneti í skjá
- Windows Vista Home Premium
- Þyngd aðeins 2.7kg
- Stærð í cm (bxhxd) 35,8x3,6x27,1
- 4xUSB 2.0, VGA, Mic,

Verð aðeins  
**94.990** kr  
**8.972** kr  
á mán. í 12 mánuði\*  
\*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Asus fartölva F5R-AP138C

- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T 2130 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heymartóstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x2,7x26,2
- Þyngd: 2,65kg

Verð aðeins  
**89.990** kr  
**8.559** kr  
á mán. í 12 mánuði\*  
\*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Asus fartölva F3SE-AS069C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY(tm) RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heymartóstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x3,5x26,4 og þyngd: 2,8kg

Verð aðeins  
**119.990** kr  
**11.363** kr  
á mán. í 12 mánuði\*  
\*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Asus fartölva F5V-AP021C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2450 örgjörvi
- ATI RADEON Express X2300 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heymartóstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 35x3,5x26,2 og þyngd: 2,65kg

Verð aðeins  
**109.990** kr  
**10.437** kr  
á mán. í 12 mánuði\*  
\*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Gildir á meðan birgðir endast. Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





RÚNAR RÚNARSSON LEIKSTJÓRI Á SETTINU: „Þetta er falleg saga tveggja einstaklinga sem á erindi til fólks.“

## Tveir fuglar Rúnars

Brjálað partí, dóp, blákaldur raunveruleiki, skúmasket samfélagsins og falleg ástarsaga tveggja unglunga. *Hanna Björk Valsdóttir* fylgdist með tókum á nýjustu mynd **Rúnars Rúnarssonar** á beisinu í Keflavík.

**H**öfnin í Keflavík. Fyrsti tókudagur. Hópur unglunga hefur safnast saman við sjöppu með djús í björflöskum og læti. Fljótlega beinist athyglin að aðalpersónunum fjórum, leiknum af Heru Hilmarsdóttur, Atla Óskari Fjalarssyni, Sigurði Jakobi Helgasyni og Þórunni Jakobsdóttur. Leikstjóri er Rúnar Rúnarsson og samnemendur hans í Danska kvikmyndaskólanum eru í tókuliðinu ásamt Íslendingum. Rúnar vakti töluverða athygli í fyrra þegar hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmyndina Síðasti bærinn. Þá var hann nýbyrjaður í kvikmyndanáminu. Þessi mynd sem ber heitið 2 Birds er næsta stóra verkefnið hans á eftir Síðasta bænum.

### Á erindi til fólks

Strákarnir hrósa Atla fyrir góðan leik eftir að fyrstu senurnar hafa verið festar á filmu. Atli leikur Óla sem er skotinn í Láru sem er leikin af Heru.

„Þarna eiga sér stað ákveðnir atburðir sem ég tel að verði innlegg í samfélagssumræðuna,“ útskýrir Rúnar. „Þetta er falleg saga tveggja einstaklinga sem á erindi til fólks. Þetta er vaxtarsaga Óla, saga af því þegar strákur verður að manni.“

Rúnar er hálfnaður með kvikmyndanámið en ákvað að koma heim og gera þessa mynd fyrir utan skóla en myndin er framleidd af Zik Zak.

„Ég var einu sinni unglungur og langaði að gera mynd um unglunga. Ég hef gert margar myndir um gamalt fólk og langaði núna að gera mynd um yngra fólk. Það skiptir reyndar ekki máli hvort persónurnar eru ungar eða gamlar, þetta eru alltaf sömu sögurnar á einn eða annan hátt. Persónur sem heilla mig eru gjarnan staddir á einhvers konar vendipunkti í lífinu vegna ytri aðstæðna sem þær geta ekki stjórnað. Þarna upplifum við sakleysi æskunnar með súrsætu eftirbragði,“ segir Rúnar án þess að vilja gefa upp atburðarásina í myndinni.

### Bönnuð innan 16 ára

Í myndinni villast unglungarnir inn í fullorðinspartí þar sem nokkrir vafasamir einstaklingar eru samankomnir. „Þetta er raunsæ mynd. Svona partí eru að gerast í hverri viku. Yfirleitt væri krökkum hent öfugum út en þetta er samt veruleiki sem á sér stað. Og unglungar drekka bjór og reykja. Það er ákveðin samfélagsspglun sem á sér stað í myndinni. Þó að sagan sé falleg ástarsaga, þá eru skúmasket alls staðar í samfélaginu sem koma þarna í ljós.“ Þó að unglungar fari með aðallutverkin í myndinni þá er þetta engin unglungamynd og verður líklega bönnuð innan 16 ára.

### Ungt hæfileikafólk

Leikararnir eru allir óreyndir og hafa í mesta lagi tekið þátt í skólaleikritum. Hera hefur nokkuð meiri reynslu með Leikfélagi Menntaskólans í Hamrahlíð og Atli hefur fyrir utan skólaleikrit fengið við að talsetja teiknimyndir.

„Ég gengst upp í lágstemmdum leikstíl

og legg mikið á mig til að finna réttu leikarana,“ segir Rúnar. „Það var rosalega mikil vinna að finna rétta fólk. Við höldum áheyrnarpróf allt sumarið og um 100 unglungar mættu í þrúfur.“

Atvinnuleikurum bregður fyrir í myndinni í smærri hlutverkum, Gísli Örn Garðarson og Víkingur Kristjánsson úr Vesturportu leika til dæmis partígesti.

„Þau fjögur sem við völdum í aðallutverkin stóðu sig rosalega vel, frammistaða þeirra fór fram úr björtustu vonum. Þau eru ekki skólud þannig að þau leika frá hjartanu, það sem kemur frá þeim grípur mann 100%. Það gekk mjög vel að láta óvana leikara leika á móti vonum enda mikið hæfileikafólk þar á ferð,“ segir Rúnar ánægður með afraksturinn og hlakkar til að byrja að klippa.

### Tökuliðið í þungarokksboli

Tökur fóru fram á varnarsvæðinu í Keflavík sem hefur staðið autt síðan herinn fór af landi og lánaði Kadeco: Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar heila blokk fyrir tökurnar. Það var því lítið mál að breyta einni af tómu íbúðunum í subbulegt partípleis. „Þetta er mjög skritinn staður. Maður er vanur í upptökum að vera í vandræðum með að leggja bílum og þurfa að stoppa umferð eða biðja fólk í næstu húsum að lækka í græjunum. Þarna höfðum við heilt þorp út af fyrir okkur. Þróunarfélagið á stórar þakkir skildar fyrir að styðja svona vel við bakið á okkur,“ leggur Rúnar áherslu á.

Við tökum á stuttmynd skiptir hver mínúta máli og lítið má útaf bregða. „Það er mikið í húfi þegar verið er að taka stuttmynd. Ef eitthvað fer úrskeiðis þá er ramminn miklu knappari. Það eru alltaf einhverjar brekkur þegar svona tökum eiga sér stað en allir lögðust á eitt við að leysa málin. Það er rosalega góð tilfinning þegar tökuliðið er að gera meira en mæta bara í vinnuna. Það var til dæmis erfitt að fá fólk í fjöldatökum um verslunarmannahelgi þannig að hluti af tökuliðinu skelti sér í þungarokksboli og meiköpp og endaði fyrir framan myndavélina. Eitthvað sem gerist eiginlega aldrei.“

### Bölvauður egóisti

Myndin verður ekki sýnd fyrr en á næsta ári. Það er reyndar nóg að gera hjá Rúnari í skólanum en þetta er stærsta verkefnið hans síðan Síðasti bærinn. Ætli það sé aukin pressa eftir Óskarstilnefningu?

„Nei, ég hef alltaf verið svo mikill bölvauður egóisti að það er eiginlega ekki á það bætandi. Ég hef bara verið að biða eftir því að aðrir átti sig á því hvað ég er mikill snillingur. Ég hef reyndar metnað fyrir hverju einasta verkefni sem ég tek mér fyrir hendur sama hversu lítið eða stórt það er. Þannig að ég er búinn að leggja sál mína nokkrum sinnum að veði síðan Síðasta bænn. Það er gott að vera í þessu skólaumhverfi. Ég get prufað hitt og þetta sem ég hefði ekki tækifæri til annars. Það er gerjun og greidda í gangi í skólanum og talað um bíó frá því að maður mætir á morgnana og fær sér fyrsta kaffibollann og sigarettuna og þangað til maður fær sér síðasta bollann og rettuna og hjólar heim.“



MYNDIN FJALLAR UM UNGLINGA SEM LENDA Í AÐSTÆÐUM SEM ÞEIR RÁÐA EKKI VIÐ. BASSI ER AÐALTÖFFARINN OG GENGUR FREMSTUR Í FLOKKI MEÐ KÆRUSTUNNI MARÍU. AÐALPERSÓNURNAR LÁRA OG ÓLI FYLGJA Á EFTIR ÖLLU HLÉDRÆGARI.



FUNDUR Á SETTI. RÚNAR LEIKSTJÓRI, SINDRI KJARTANSSON AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI OG ÞÓRIR SNÆR FRAMLEIÐANDI ZIK ZAK.



BLOKKARÍBÚÐ Á BEISINU Í KEFLAVÍK VAR BREYTT Í SUBBULEGT PARTÍ FYRIR TÖKURNAR.

RÚNAR OG SOPHIA SPÁ Í HVERNIG NÆSTA SENA VERÐUR TEKIN.



HERA HILMARSDÓTTIR LEIKUR LÁRU EN HÚN HEFUR FENGIÐ SMJÖRPEFINN AF LEIKLISTINNI MEÐ LEIKFÉLAGI MH.



ATLI ÓSKAR FJALARSSON STÓÐ SIG VEL Í HLUTVERKI ÓLA.



Alvöru

# Haustr

dagana 29. ágúst til 1. september

# ÚTSALA

hjá Bílandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.  
Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.

Engin útborgun og **100%** lán í allt að 84 mánuði.

Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:

Útsöluverð kr. 1.180 þús.

Verð áður kr. 1.490 þús.



Afsláttur  
kr.310.000

RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 27 þús.

Útsöluverð kr. 970 þús.

Verð áður kr. 1.380 þús.



Afsláttur  
kr.410.000

Hyundai Santa Fe, 2001 - Ek. 160 þús.

Útsöluverð kr. 670 þús.

Verð áður kr. 880 þús.



Afsláttur  
kr.210.000

BMW 318, 1999 - Ek. 50 þús.

Útsöluverð kr. 1.250 þús.

Verð áður kr. 1.650 þús.



Afsláttur  
kr.280.000

Ford Focus, 2002 - Ek. 100 þús.

Útsöluverð kr. 580 þús.

Verð áður kr. 880 þús.



Afsláttur  
kr.400.000

Opel Zafira, 2002 - Ek. 124 þús.

Útsöluverð kr. 1.670 þús.

Verð áður kr. 2.120 þús.



Afsláttur  
kr.450.000

RENAULT LAGUNA, 2004 - Ek. 43 þús.

Útsöluverð kr. 530 þús.

Verð áður kr. 790 þús.



Afsláttur  
kr.260.000

Renault Megane, 2002 - Ek. 74 þús.

Útsöluverð kr. 250 þús.

Verð áður kr. 420 þús.



Afsláttur  
kr.170.000

Hyundai Accent, 2000 - Ek. 121 þús.

Opið frá kl. 9 til 18  
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.



**bilaland.is**  
Grjóthálsi 1 - 575 1200

**bilaland.is**



# BT



## TOSHIBA

PSAEGE-00L00MNS  
TOSHIBA SATELLITE A210-138  
AMD Turion 64 X2 TL-52  
15.4" TFT WXGA TruBrite  
- 1280 x 800 Upplausn  
ATI X1200 319MB UMA  
2GB Vinnsluminni (2x1024)  
120GB Harður diskur  
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi  
DVD skrifari Dual Layer  
Innbyggjt þráðlaust netkort  
Lyklaborð í fullri stærð  
- með 6 fýtihöppum  
Innbyggður 5 - 1 kortalesari  
4xUSB2 / FireWire / TV out  
Aðeins 2,72kg á þyngd

## FLAKKARI



300968E  
LaCie 320GB F.A. Porsche  
útvær harður diskur fylgir!

**2GB Vinnsluminni**  
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**AMD Turion 64 X2**  
Nýjasta fartölvutækni frá AMD. Stóraútkastagetu, lengri rafhlöðuendring og aukid öryggi.

**120GB Harður diskur**  
Þú getur geymt ógrýnni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.



20" FSC LCD skjár fylgir

**139.999**

**BT** Verð frá: **11.667**  
12 mán. Vaxtalaust

**BT** **LÁN**™ Verð frá: **3.956**  
59 mánaða

## BRJÁLUD PS3-HELGI

**TAKMARKAÐ MAGN**

**BT NÖRD**

Í tilefni þess að BT leikjanörðinn er kominn með heimili á [www.bt.is](http://www.bt.is) hefur hann ákveðið að setja Playstation 3 á tilboð sem á sér enga hliðstæðu.



PS3 leikjavél



Þráðlaus stýrpinni

**49.999**  
~~69.999~~

## CANON 400D

## Canon

CANON400DBUNDLE  
CANON EOS 400D 2X KIT LINSUR  
10 megapixla D-SLR  
Rykvörn á myndflögu  
Anti-static yfirborð á myndflögu  
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar  
Níu punkta autofókus kerfi (úr 30D)  
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)  
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu  
Batterígríp fylgir  
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir  
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir  
Highly Recommended - dpreview.com  
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey



FYLGIR

2 GB minnskort



FYLGIR  
**6.999**

**149.999**

**BT** Verð frá: **12.499**  
12 mán. Vaxtalaust

**BT** **LÁN**™ Verð frá: **4.223**  
59 mánaða

**BT**

Skreifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



## TOSHIBA

PSU30E-01P01NN5  
TOSHIBA SATELLITE U300-11Z  
Intel Core 2 Duo T5450  
13.3" TFT WXGA TruBrite  
Intel GMA X3100 358MB UMA  
2GB Vinnsluminni (1024x2)  
1GB Intel Turbomemory  
160GB SATA Harður diskur  
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi  
Dual Layer DVD skrifari  
Innbyggð þráðlaust net  
Innbyggður 5 - 1 kortalesari  
Harman Kardon hátalarar  
Bluetooth  
4xUSB2 / FireWire / TV out  
Aðeins 1.85kg á þyngd  
Windows Vista™ Premium  
2 ára alþjóðleg ábyrgð


**2GB Vinnsluminni**  
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core 2 Duo**  
Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraútkin afkastagæta, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

**1GB Intel Turbomemory (Robson)**  
Sérhæft minni á móðurborði sem minnkar álag á harða diskinn í tölvunni og eykur hraða gagnavinnslu um allt að 20%.

**Fislétt!**  
Tölvan er aðeins 1,85kg á þyngd. Hún er smærri en hefðbundnar fartölvur og því sérstaklega þægileg í töskuna.

### FLAKKARI



300968E  
LaCie 320GB F.A. Porsche  
útvær harður diskur fylgir!

**FYLGIR**  
14.999

**FISLÉTT!**  
**AÐEINS 1,85KG!**



## OFFICE 2007



Ef keypt er með tölvu

9.999

14.999

149.999

BT

LÁN™



BT

12.500

12 mán. Vaxtalaust

BT

4.220

59 mánaða



Sony CyberShot S650

7.2 Megapixlar Super HAD CCD  
High Quality Sony lens  
3x Optical zoom  
f=35-105mm  
2" LCD skjár 85 þúsund punkta

SonyD skjár 85 þúsund punkta  
AA rafhlöður  
100 myndir á hleðslu með skjá  
Videoupptaka 320\*240  
24mb innbyggð minni  
Memorystick duo  
þyngd 130gr

14.999

16.999

SONY



Sony Cybershot W35

7,2 megapixlar  
Super HAD CCD  
3x Optical zoom  
Carl Zeiss Vario Tessar linsa  
Innbyggð minni 56MB  
2" LCD skjár 85 þúsund punkta

19.999

SONY



## Panasonic

PANASONIC LUMIX FX01  
DMCFX01BS

6.0 Megapixlar  
Leica DC  
3.6x Optical zoom  
MEGA O.I.S. Hristivörn  
Baby Mode  
f = 28 - 102mm  
2.5" LCD skjár

207 þúsund punktar  
Li-ion hleðslurafhlaða  
320 myndir á hleðslu með skjá  
Videoupptaka 848\*480 (16/9)  
16mb kort fylgir  
Notar SD kort  
þyngd 132gr

24.999



FYLGIR  
4.999



## Panasonic

PANASONIC LUMIX LX2 M/1GB SD  
DMCLX2

10.2 Megapixlar  
Leica linsa  
4x optical zoom  
MEGA O.I.S. Hristivörn  
Baby Mode  
f = 28 - 112mm  
2.8" LCD skjár

207 þúsund punktar  
Li-ion hleðslurafhlaða  
300 myndir á hleðslu með skjá  
Videoupptaka 848\*480 (16/9)  
Notar SD kort  
þyngd 187gr  
Burst mode - eldsnökk að taka myndir

34.999



FYLGIR  
4.999







**BOLLYWOOD** Íslendingurinn skar sig óneitanlega úr þar sem hann tók þátt í sínu fyrsta Bollywood-verkefni á Indlandi. Þemað í myndbandinu var sótt til pilgríma sem klæðast svona búningum og bera prik sem eru alsett margs konar barnaleikföngum, snuðum og öðru plastdóti. Manoj, sem fer fyrir þessum fríða flokki, er mjög frægur í sínu heimalandi og fólk umgengst hann sem eins konar hálfguð, en þó var það Daníel sem tók það að sér að leika hindúaguð í myndbandi Manoj's og uppskar titilinn „hero“ fyrir vikið.

MYND/LILJA JÓNSDÓTTIR

# Grafarvogur-Bollywood

Í sumar fór sautján ára unglíngur frá Grafarvogi til Indlands. Tilgangur ferðarinnar var að fá hlutverk í Bollywood-mynd. Margrét Huguín Gústavsdóttir kynnti sér málið.

**M**argir muna eftir feðgunum Heimi Sverrissyni og Daníel Heimissyni úr sjónvarpsþáttunum Krókaleiðir í Kína þar sem hinn sextán ára gamli Daníel gekk í gegnum óhefðbundna manndómsvígslu með því að vinna framandi störf í framandi landi.

Í sumar héldu þessir ævintýragjörnu

feðgar aftur á vit óvissunnar þar sem þeir, ásamt Lilju Jónsdóttur ljósmyndara, eyddu sjö vikum vítt og breitt um Indland. Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að útvega Daníel hlutverk í Bollywood-mynd, en í dag er hann orðin sautján og stundar nám í Borgarholtsskóla.

„Ásamt því að skoða Indland langaði okkur til að kynna Bollywood-heiminum og láta á það reyna hvort Daníel gæti nú

ekki spreytt sig í þessum stórmerkilega bransa sem verður æ vinsælli um allan heim, enda stórskemmtilegar myndir,“ segir Heimir Sverrissón, pabbi Daníels og ævintýramaður með meiru.

„Við ferðumst vítt og breitt um landið, fórum á dans- og glímuefingar, kynntumst trúarbrögðum hindúa, fórum í tvö brúðkaup; múslima- og hefðbundið ættbálkabruðkaup, við kynntumst presti,

pilgrímum, munaðarleysingjum, mönnum sem rúlla sér þvert yfir landið, úlföldum og gerðum ótal fleiri hluti sem ekki gefst pláss til að telja upp hér,“ segir Heimir og bætir því við að allt hafi gengið samkvæmt áætlan og meira til. „Daníel er í það minnsta orðinn „hero“ á Indlandi núna, en það kalla þeir stjórnum sínar meðan frægasta fólkíð ber titilinn „superhero“!“



**STJARNAN** Súperhetjan Manoj Tiwari í stellingu sem er ein af vörumerkjum hans. Manoj er gríðarlega frægur á Indlandi og hefur leikið í ótal „bhojpuri“ kvikmyndum og myndböndum, en „bhojpuri“ er geysivinsæl tónlistarstefna hjá indverskum almenningi.




**GLÍMA** Á ferðum sínum kynntust feðgarnir ýmsu fólki, meðal annars prestinum Bablu sem æfði hefðbundna indverska glímu á sínum æskuárum. Hann bauð þeim Daníel og Heimi að skoða musterir þar sem glíma hefur verið æfð með sama hætti í mörg hundruð ár og endaði sú ferð á því að Daníel tók slaginn. Hann sigraði þrautþjálfaðan glímukappa eftir tveir lotur en beið lægri hlut í seinna skiptið, eftir átta lotur.



**PREYTTUR** Daníel úrvinda eftir átta lotur af indverskri glímu.



**TEYMIÐ** Danshöfundurinn Pappu Khanna sem kenndi Daníel réttu Bollywood-taktana, Lilja Jónsdóttir, „ofurhetjan“ Manoj Tiwari, Daníel Heimisson „hetja“, Heimir Sverrissón og túlkurinn Warrel.



**STÍFAR ÆFINGAR** Örpreyttir glímukappar klukkan sjö að morgni. Þessir dugnaðardrengir mæta í musterio klukkan fimm á morgnanna og æfa glímu til átta, en þá fara þeir í sturtu og rjúka svo í vinnuna.



● Meðalframléiðsluverð á Bollywood-mynd er 500.000 dollarar. Bollywood er samsett úr orðunum Bombay og Hollywood.

● Bollywood-myndir eru yfirleitt dans- og söngvamyndir en leikarar syngja sjaldnast í myndunum. Fagfólk sér um að mæma yfir.

● Sérfræðingar frá Price Waterhouse spá því að velta Bollywood-iðnaðarinn muni tvöfaldast á næstu tveimur árum í takt við útbreiðslu vinsælda Bollywood-mynda. Bollywood-myndir eru oftast melódrámatískar og um þrjú tímar að lengd.

● Fyrir skemmstu voru kossar fyrst leyfðir í Bollywood-myndum.



# Lauflétt kaup

**Engin útborgun. Lægra verð.\***  
**Aðeins 46 bílar - í dag.**  
**Komdu strax.**

Engin útborgun - afborgun undir 15.000 kr. á mán.



Ford Mondeo Trend 1,8 bsk. skrd. 04/2002 ek: 112.000 km. Verð 990.000 kr. Tilboðsverð 750.000 kr. Engin útborgun. 14.464 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. JY772.

Engin útborgun - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mán.



Ford Focus Trend 1,6 ssk. skrd. 02/2004 ek: 77.000 km. Verð 1.270.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun. 15.697 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SH624.



Renault Megane Classic 1,6 ssk. skrd. 09/2000 ek: 127.000 km. Verð 699.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Engin útborgun. 14.949 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. YL089.

Nýttu þér tilboðin  
Tökum notaðan uppí notaðan



Ford Focus C-Max Amb. 1,6 bsk. skrd. 03/2004 ek: 71.000 km. Verð 1.030.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun. 14.819 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VO003.



MMC Colt 1,5 ssk. skrd. 10/2005 ek: 15.000 km. Verð 1.450.000 kr. Tilboðsverð 1.250.000 kr. Engin útborgun. 17.960 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RP237.



Nissan X-Trail 2,0 ssk. skrd. 05/2003 ek: 92.000 km. Verð 1.650.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun. 21.356 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PE348.



Citroën C5 SX Luxury 2,0 ssk. skrd. 01/2006 ek: 35.000 km. Verð 2.490.000 kr. Tilboðsverð 2.240.000 kr. Engin útborgun. 31.968 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UB307.



Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 03/2000 ek: 87.000 km. Verð 600.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Engin útborgun. 14.949 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. ZL545.



Citroën Picasso 2,0 ssk. skrd. 01/2004 ek: 62.000 km. Verð 1.350.000 kr. Tilboðsverð 1.150.000 kr. Engin útborgun. 18.875 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. UZ719.



Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 10/2005 ek: 23.000 km. Verð 1.830.000 kr. Tilboðsverð 1.650.000 kr. Engin útborgun. 23.620 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NS803.



Ford Explorer XLT SP 4,0 ssk. skrd. 05/2006 ek: 19.000 km. Verð 3.890.000 kr. Tilboðsverð 3.590.000 kr. Engin útborgun. 51.589 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. KI393.



Citroën Berlingo Van 1,4 bsk. skrd. 06/2004 ek: 50.000 km. Verð 1.020.000 kr. Tilboðsverð 770.000 kr. Engin útborgun. 14.992 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. NU865.



Renault Megane Scenic 2,0 bsk. skrd. 09/2000 ek: 72.000 km. Verð 870.000 kr. Tilboðsverð 650.000 kr. Engin útborgun. 19.740 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. OY589.



Citroën C5 SX 1,6 bsk. skrd. 09/2005 ek: 68.000 km. Dísil. Verð 1.960.000 kr. Tilboðsverð 1.740.000 kr. Engin útborgun. 24.893 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AI691.



Volvo XC90 2,5 ssk. skrd. 03/2004 ek: 47.000 km. Verð 3.790.000 kr. Tilboðsverð 3.490.000 kr. Engin útborgun. 56.724 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. DH295.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**  
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**  
**Vertu á betri bíl frá Brimborg.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga  
[www.notadir.brimborg.is](http://www.notadir.brimborg.is)

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á



# Tekið á því í Köln

Tónlistarhátíðin c/o Pop (Cologne on Pop) fór fram í Köln, fjórðu stærstu borg Pýskalands, fyrir stuttu síðan. Reykvísku tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves var boðið sérstaklega á hátíðina til þess að kynna sig og spiluðu íslensku sveitirnar Ultra Mega Technobandið Stefán, Seabear og Reykjavík! á sérstöku Iceland Airwaves-kvöldi. Viðtökurnar voru vægast sagt góðar og brosmildir Þjóðverjar stigu villtan dans með Íslendingunum og Steinþóri Helga Arnsteinsyni sem var á svæðinu.

C/o Pop hefur verið haldin árlega frá árinu 2004 í miðbæ Kölnar og hefur áherslan verið lögð á strauma og stefnur í jaðartónlist nútímans og framtíðarinnar. Dagskráin dreifist á milli fjölbreyttra staða í miðborg Kölnar, ekki ólíkt Airwaves, en jafnframt er haldin ráðstefna og ýmislegt fleira meðfram sjálfri hátíðinni. Stærstu nöfnin á c/o Pop í ár voru án efa Tamílatígragellan M.I.A., Uffie og Feadz úr Ed Banger, þýsku nýstirnir í Apparat og brjálæðissveitin Battles (ein langbesta tónleikasveit dagsins í dag), og eitt stærsta og virtasta danstónlistarplötufyrirtæki heimsins, Kompakt, hélt risapartí.



ÞÉTT Seabear heillaði marga með tónum sínum en sveitin kynnti meðal annars nýlega plötu sína sem var að koma út í Þýskalandi.

## Íslenskir siðir

Í ár var aðalmiðja hátíðarinnar hinn svokallaði Evrópurúntur en hátíðin hafði fengið til liðs við sig tólf tónlistarhátíðir sem að þeirra mati eru þær áhugaverðustu í Evrópu. Iceland Airwaves var ein þeirra en í þessum hópi má einnig nefna hátíðir á borð við ofurdans-tónlistarhátíðina Sonár í Barcelona, Distortion í Kaupmannahöfn og Phonem í Ístanbul. Hátíðarnar fengu síðan hver um sig að kynna sig á c/o Pop, bæði með bás í miðstöð hátíðarinnar og með sérstakri dagskrá.

Á bás Iceland Airwaves var hið típíska íslenska „góðgæti“ á boðstólum; harðfiskur, hákarl og úrval íslensks vínanda. Áfengu drykkirnir gerðu það einmitt að verkum að íslenski básinn var fjölsóttur og voru stjórnendur hátíðarinnar sérstaklega tíðir gestir. Haukur Magnússon, liðsmaður Reykjavík!, þurfti þannig að hafa mikið fyrir því að fá framkvæmdastjóra hátíðarinnar, Ralph Christoph, til þess að kveðja rétt fyrir lokun á síðasta degi hátíðarinnar.

Miðstöð hátíðarinnar bauð líka upp á ýmsa fyrirlestra auk þess sem fjölmargir aðilar tengdir tónlistarbransanum kynntu sig og sínar afurðir um leið og þeir skoðuðu hjá öðrum. Plötubúðir, fata-

merki, veftímarit, hönnuðir og fleiri kynntu starfsemi sína og meðal þeirra voru Íslandsvinirnir í Berlínar-plötufyrirtækinu Morr Music, þar sem einmitt Benni Hemm Hemm og Seabear gefa út tónlist sína.

## Allir í stuði

Seabear var fyrsta sveitin sem steig á svið en frumburður sveitarinnar, The Ghost That Carried Us Away, kom í vikunni út í Þýskalandi (úti fannst eitt tónlistarblað sem fékk ýmsa þekktu aðila til þess að gefa vel völdum plötum, þar á meðal plötu Seabear, einkun sína. Þar bar helst að H.P. Baxxter, söngvari Scooter, gaf Seabear einn í einkunn af tíu mögulegum). Í Seabear eru sjö manns og hefur sveitin eflst mikið undanfarið. Sveitin skiladi sínu vel og eftir tónleikana hópaðist fólk að meðlimum sveitarinnar til þess að kaupa eintak af plötunni.

Sömu sögu má segja af Reykjavík! sem spilaði á eftir Seabear. Léku þeir piltar við hvurn sinn fingur, buðu upp á þýskukennslu og danskeppni auk þess sem brennivínsflaska fékk að flakka um salinn við mikinn fögnuð.

Ein efnilegasta sveit landsins, Ultra Mega Technobandið Stefán, fékk síðan að ljúka kvöldinu enda



MAGNADIR Battles hélt magnaða tónleika á c/o Pop en plata sveitarinnar Mirrored er með betri plötum ársins 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR HELGI

tónleikar sveitarinnar þekktir fyrir að fá alla partiskala til að springa. Stóðu þeir svo sannarlega undir nafni og ætlaði allt um koll að keyra í salnum. Undir lokin sameinaðist allur íslenski hópurinn uppi á sviðinu og steig taktfastan dans sem náði síðan alla leið út fyrir salinn, inn í borgina og endaði ekki fyrr en allir voru sofnaðir. Frábært kvöld í alla staði.

## Bróðurleg Kölnarborg

Hátíðin sem slík var líka öll hin bærilegasta og Köln einstaklega viðkunnanleg borg. Af þeim tónleikum sem maður sá stóð sveitin Battles klárlega upp úr. Hreinlega stórfengleg sýning sem þeir settu á

svið. Ætlunin var líka að sjá M.I.A. en staðurinn varð fljótt pakkaður þannig að margir þurftu frá að hverfa og því missti ég af henni. Ekki verður hins vegar af því skafið að Kölnarbúar kunna að skemmta sér.

Þó að c/o Pop einbeiti sér mest megnis að rafræna geiranum er hátíðin greinilega að færa út kvíarnar og gefa öðrum ólíkum stefnum meiri gaum. Að fá sveitir eins og Seabear og Reykjavík! til þess að spila gaf hátíðinni óneitanlega meiri vidd en Reykjavík! var án alls vafa rokkaðasta sveitin á hátíðinni, sem vonandi heldur áfram að hygla íslensku tónlistarsenunni jafn mikið.

[veldu  
góðan  
jarðveg  
fyrir  
barnið  
þitt]

-veldu Suðurhlíðarskóla!

[upplýsinga-  
sími skólans  
er 568.3725]





KDL40W2000  
**SONY 40" LCD SJÓNVARP W2000**

Myndstýring: BRAVIA Engine með Live Color Creation  
 Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080  
 WCG-CCFL baklýsing  
 PIP - myndfrystimöguleiki  
 BBE ViVa HD3D hljóðtækni  
 SRS Trururround XT hljómtækni  
 Borðstandur með snúningi fylgir

**Allur pakinn 399.950,-**  
 Venjulegt verð 514.800,-  
**og aðeins 1 fjarstýring**



STRDA1200ESS  
**SONY HEIMABÍÓMAGNARI**  
 DA1200S  
 7x100 RMS Wött  
 HDMI inngangur x2 (1080P)  
 HDMI útgangur x1 (1080P)  
 Fjölnota fjarstýring



RDRHX650S  
**SONY DVD/HDD UPPTÖKUTÆKI**  
 HX650  
 160GB Innbyggður harður diskur  
 1080P uppscaling  
 HDMI tengi  
 Fjölnota fjarstýring

SSSFCR500  
**SONY FCR500 HÁTALARASETT**  
 2x 120W Gólf hátalarar 120W x2  
 Sattelite hátalarar 100W x2  
 Miðjuhátalari 100W



SC

**Sony Center®**

KRINGLUNNI  
 588 7669





## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Heimspæki

Heimspæki er það sem stendur á milli lína í skáldsögum, af því að víska heimins býr í hinu ósagða. Því skýtur skökku við að heimspækir séu oft svona miklir doðrantar. En ég er ekki heimspækingur og ég er ekki skáld. Ég kann ekki þá list að dulbúa sögur né heldur að hrófa upp hátimbraðri speki, en skrái þessi atvik til að gefa þögninni mál og minna á hið gleymda.

Einar Már Guðmundsson: Draumar á jörðu (2000)

### Viðhafa framkomu?

Hér í Fbl. 4. ágúst er sagt í fyrir sögn, að fyrirferðarmikill Vestmannaeyingur hafi „viðhaft ómurlaga framkomu“ – og þykir mér undarlega orðað, enda af tagi hins hræmulega stofnanamáls. Auðvelt er að beita einni sögn, koma (vel/illa) fram, haga sér, hegða sér, láta.

### Góð og gild orð vikja

Eftirfarandi klausa birtist í markaðsblaði Fbl. 8. ágúst: „Áhrifanna [af alþjóðlegu svipmóti íslensks viðskiptalífs] verður þó ekki síður vart í tungutaki áhrifanna í viðskiptalífinu. Þannig hafa góð og gild íslensk orð á borð við vanmat og skuldsetning, vikið fyrir hinum engilsaxnesku undervalued og

leveraged.“ Er þetta ekki greið leið til að týna tungunni?

### Bíllinn ekinn?

„...eftir því sem bíllinn sé ekinn hraðar,“ sagði fréttamaður á Stöð 2, 10. ágúst. Aka bíllinn? Hingað til hefur so. aka stýrt þágufalli, sbr. orðatiltækið Gott er heilum vagni heim að aka, sem fyrst kemur fyrir í Egils sögu. Þá er viðtengingarhátturinn misnotaður, sem oftar. Eftir því sem bíllinn er ekið hraðar, er það nokkuð flókið?

### Verð hækkar í verði!

Aðalfyrirsögn á netmiðlinum Vísi.is 15. ágúst: **Oliuverð hækkar í verði.** Er hægt að komast öllu lengra í aulaskap? Er maður sem skrifar svona fær um að gegna ritstjórnun? Hver er metnaður þessa miðils?

### Braghenda

Þessi braghenda varð til vestur í Staðarsveit á Snæfellsnesi á liðnu vori:

*Lyfta brúnum Ljósufjöll á lygnum degi.  
Betra á vorið bjarta eigi en brosi sól og vindur þegi.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

## Á VEGUM ÚTI

Baldur Héðinsson leitar að hinni sönnu Ameríku



Hitinn og svitinn sem fylgdi keyrslunni frá Zion-þjóðgarðinum í Utah til Las Vegas var óþægilegur. Til að sleppa lifandi út úr Nevada-eyðimörkinni var ræst fyrir sólarupprás þegar borg syndanna var yfirgefin. Þótt steikjandi sólin væri ekki risin úr rekkju gengu spila-vítin eins og vel smurð vél. Klukkan sex á mánudagsmorgni sátu menn við spilaborðið með drykk og vindling í hönd eins ekkert væri eðlilegra. Við yfirgáfum hið syndsamlega líferni, á hraðferð út úr eyðimörkinni á trúaðri slóðir.

Mormónaríkið Utah kom mér mikið á óvart. Ég átti von á hreinni náttúru og stórbrotu landslagi, sem vissuleg máfínnaíþjólmörgum þjóðgördum og víðar um ríkið. En keyrslan eftir hraðbrautinni, frá eyðimörkinni suðri til skóglendisins í norðri, bar vott um mikinn þungaiðnað og mengun. Auk þess keyrðu heimamenn eins og þeir ættu lífið að leysa, sem gerði ferðalagið stressþrungið. Okkur létti því þegar við lögðum bílnum ósködduðum í höfuðborg ríkisins, Salt Lake City. Yfirmormóninn, Brigham Young, lagði hornstein að borginni árið 1847. Fylgisveinar hans er mjög áberandi í borginni, sem og nærliggjandi sveitum. Heilögustu kirkju og höfuðstöðvar trúarhreyfingarinnar er að finna í miðborg Salt Lake City. Álflegir mormónar streyma inn í kirkjuna, sem lítur út eins hvítur kastali. Út úr höfuðstöðvunum, sem teygja sig til himins tugi hæða, þramma jakka-fataklaðdir trúboðar, líkt og hermenn á leið í orrustu. Um tíma leið mér sem ég væri staddur í Disney-teiknimynd, nema hvað Andrés var hvergi sjáanlegur (var ég kannski í hlutverki andarinna?). Mormónatrú lítur áfengi hornauga og öll öldurhús í borginni eru því sett upp sem einkaklúbbar, því aðeins þeim er leyfilegt að selja vínanda. Ég er því núna orðinn meðlimur í einhverjum kjánalegum klúbbi í

Utah; veit ekki hvort að ég nýti mér það mjög mikið. Borgin sjálf var annars lítið frábrugðin öðrum stórborgum Bandaríkjanna. Finna mátti góða veitingastaði og bari ef bíll var við hönd og menn til í að eyða hálf tíma í bílferð til að ná áfangastað.

Frá Utah var stefnan tekin á Yellowstone- og Teton-þjóðgarðana. Wyoming er kúrekaríki af guðs náð. Kúastrákarnir bróla þó ekki lengur um á hestum, heldur keyra um á mótorfákum. Líkt og forverar þeirra höfðu stað til að binda hesta sína á öldurhús villta vestursins eru kúrekar boðnir velkomnir í dag með „Bikers Welcome“ skiltum á borum ríkisins og mörg hótél bjóða upp á „Complimentary Bike Wash“. Ummerki byssuglaðra manna má sjá á vegaskiltum víðsvegar um fylkið. Mörg þeirra líta út eins og gatasigti, eftir að hafa verið notuð sem skotmörk.

Við keyrðum hratt gegnum Teton-þjóðgarðinn með há sandsteinsfjöll til beggja handa. Stutta eftir komuna inn í Yellowstone var mér lítið í austur, og sá ég stóran vísund hlaupa í átt að bílnum. Hjarta mitt tókst að skjótast undan hornum dýrsins. Kannski var það rauður litur bílsins okkar sem kveikti í bola. Ef til vill ekki, því þegar yfir veginn var komið, snéri hann við og reyndi við næsta bíl.

Yellowstone minnti á marga vegu á Ísland. Meira skóglendi en við eigum að venjast á Fróni, en hverir og háhitasvæði. Ásam landslagi mótuðu af eldvirkni sem kveikti á Íslendingnum í mér. Í einni af fjölmörgum þjónustumiðstöðvum varð mér ljóst að ég var ekki einn um að sjá þessa samlíkingu. Á litlu safni um þjóðgarðinn var umfjöllun um eldvirkni og blasti þar við stækkuð Morgunblaðsforsíða á vegg, sem þakinn var blaðagreinum frá eldfjallasvæðum. Einhverra hluta vegna kom íslenska forsíðan engan veginn eldgosum við, ólíkt hinum forsíðunum. Slys á Reykjanesbraut og eitthvað fleira öldvirkir var í fréttum þennan daginn. Kannski var íslenskukunnátta sná-haldara ekki upp á marga fiska.

Eftir kalda nótt í tjaldi í Yellowstone héldum við í norður, til Montana. Kólanaði nú enn frekar og er við fórum yfir fjallgarð á ríkismörkum Wyoming og Montana lá fönn yfir fjallstindum. Þetta heillaði ferðafélaga mína (sem og mig) og hófst snjókast á fjallstoppi milli krakka í stuttboxum og stuttermabol. Merkilegt nokk þá fékk snjóinn bleikan ljóma þegar hann var hnoðaður. Fengum við seinna þá skýringu að þetta sé vegna þörungna, sem lifa á toppi fjallsins.

Þegar komið var niður á sléttur Montana virtist himinninn stækka. Þótt fjöll væri til beggja handa voru þau það langt í burtu að himinninn tók upp stærri hluta sjónsviðsins en áður. Allt umhverfi virkaði örsmátt í samanburði við heiðbláan himininn. Skiljanlegt því ríkið er kallað „Big Sky Country“.

Nú eru aðeins fimm dagar eftir af ferðinni og um tvö þúsund mílur á leiðarenda. Best að spýta í lófana og setjast undir stýri, ef maður ætlar að komast heim til Boston.

baldur@bu.edu

**VÍSIR.IS**  
Fyrstur með fréttirnar

## HELGARKROSSGÁTAN

**Leystu krossgátuna!**  
Þú gætir unnið PC leikinn Harry Potter og fönixreglan!

Þú sendir SMS skýtið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!  
Daemi hværni SMS gæsti lítið út ef svarið er Jón.  
Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. smsið

80  
MP & BH  
EINN MILLJARD-ASTI  
RÁÐGERA  
Í RÖÐ  
FIMM  
SKAMM-STÖFUN  
KUSK  
SÚREFNI

→

ÁI  
TÆKI  
GAUR

NAFNORD  
FUGLA-HLJÓÐ  
ÁTT  
TVEIR EINS  
SKILJA

GRANNUR  
DÝRAHLJÓÐ  
IDRUNAR-FULLUR

FEIKIMIKIÐ  
SJÓ  
UPPLÝSA  
LAND Í ASÍU  
RABTALA  
KIND

SKAMM-STÖFUN  
LEGGJA AF  
BOX  
FOLD

FLINKUR  
KEYRA  
KÁL  
HAPP-DRÆTTI  
HLJÓÐA  
BOGI  
FUGL

UNGDÓMUR  
INNVI  
LANGAR  
KARLKYN  
RÖÐ  
ORÐRÓMUR

NUDDA  
GERAST  
ÁBREIDA  
ÁRSVERK  
KJAFTUR  
BORÐA

ÆTTAR-SETUR  
SKYGGNAST UM  
LOGI  
MÁSKÍNA  
VOPNAÐ LÍÐ  
SNÚA HEYI

Í RÖÐ  
REGLA  
ÁTT  
LOFT-STRÁUM  
OFN  
MAS

TIPL  
LÍTILS-VIRÐA  
KJÓKUR  
SUSS  
ÁVERKI

TILVERA  
KROPP  
MUN  
ÞAKBRÚN  
ÞURRKA ÚT

ÁRATALA  
UMSJÓN  
ATLÖGU

1



# Sprengritilboð

Keyptu sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fánlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



## 32" United LCD skjár

- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heymartólstengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

Með hverju seldu  
8138M eða M75 sófasetti fylgir  
United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp  
að andvirði 79.990<sub>kr</sub>\*

\*Gildir á meðan birgðir endast



329.000<sub>kr</sub>

GOTT VERÐ

Svefnsofasett úr leðri 8138M



269.000<sub>kr</sub>

GOTT VERÐ

Leðurhornsófi 1+2+1 M75



## 20" Dantax LCD skjár

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m<sup>2</sup> • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heymartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

Með hverju seldu  
8181 eða 8183 sófasetti fylgir  
Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp  
að andvirði 49.990<sub>kr</sub>\*

\*Gildir á meðan birgðir endast



199.000<sub>kr</sub>

GOTT VERÐ

Leðursofasett 3+1+1 8181



199.000<sub>kr</sub>

GOTT VERÐ

Leðursofasett 3+1+1 8183

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



TILBOÐ

9.900<sub>kr</sub>

Verð áður 14.900,-



TILBOÐ

8.990<sub>kr</sub>

Verð áður 12.900,-



TILBOÐ

12.990<sub>kr</sub>

Verð áður 18.900,-



TILBOÐ

8.330<sub>kr</sub>

Verð áður 11.900,-



TILBOÐ

8.330<sub>kr</sub>

Verð áður 11.900,-



TILBOÐ

11.900<sub>kr</sub>

Verð áður 18.900,-



TILBOÐ

11.900<sub>kr</sub>

Verð áður 14.900,-



TILBOÐ

14.900<sub>kr</sub>

Verð áður 24.900,-

Gildir til 2. september eða á meðan birgðir endast.  
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versta



# NUDDNÁM

SOVmeðferð  
www.nudd.is

MEIRA FYRIR  
NÁMSMENN

Aukakrónusöfnun með  
Námutvennu

Landsbankinn

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

NÝR SIMS 2 AUKADISKUR!

PC

SMS LEIKUR

THE SIMS 2  
BON VOYAGE

EA

9 hver vinnur

LENDIR 6. SEPTEMBER

SENDU SMS BTC SBF  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru The Sims 2 Bon Voyage, DVD myndir og margt fleira.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 1.49 kr/skeytið.

50%

VÍSIR.IS  
Fyrstur með fréttirnar

## STUÐ MILLI STRÍÐA Af hnökkum og hnakkastefnu

TRYGGVI GUNNARSSON ER MEÐ STJÖRNURNAR Í AUGUNUM



Allar fjöldahreyfingar og tískustefnur, sama hversu heimskulegar og skamlífar þær eru, eiga sér upphaf. Þetta upphaf er hægt að rekja ýmist til einnar manneskju, hóps fólks eða út frá öðrum hreyfingum og

stefnum.

Ein er þó sú stefna sem hingað til hefur reynst nánast ómögulegt að rekja að einhverskonar skilgreinanglegu upphafi. Hnakkastefnan.

Hnakkastefnan er nú á blómskeiði sínu hérlandis og þrátt fyrir að skærustu stjórnur hennar, Gillz og karlarnir hans, séu nú aðeins fjárrænt blik eru göturnar fullar

af imprezum og aflituðum gulrótar-piltum. Verkfræðingar Landsvirkjunar eru í óða önn að stífla allar ár landsins til að sjá sífjölgaði ljósabekkjum landsins fyrir orku. Barnaskólar eru fullir af stelpum sem dreymir um sílikon og stæltá stálstráka og strákum sem byrjaðir eru að safna fyrir húðkrabbameini og steratyppi.

Hnakkastefnan virðist einskorðuð við Norðurlöndin og að einhverju leyti Japan, en hún hefur almennt ekki náð fótfestu þar sem læsi er meira en þrjú prósent. Upptökin í Asíu eru óþekkt en hér á Íslandi hefur komið fram sennileg tilgáta um tilurð hennar: Jón Páll Sigmarsson og Hólmfríður Karlsdóttir.

Þegarstjórnurnhakkastefnunnar

voru börn voru þau skótuþjúm fyrstu fyrirmyndirnar. Hinn stóri, stælti, ljóshærði, brúni og á sinn hátt einfaldi Jón Páll var hetja allra barna sem einhvern tímann sáu hann sigra Kazmeier. Hólmfríður Karlsdóttir var fegursta kona í heimi, hinn fullkomni kvenmaður, ljós norðursins.

Nú sýpur íslensk þjóð seyðið af því að hafa ekki haft gát á hvernig sigrar hennar voru matreiddir ofan í börnin.

Þátt er þó með öllu illt. Unnur Birna, Íslands dáða dóttir, vann heimsmeistaratitil í fegurð. Alveg eins og Hófi. En hvað varðar sterkasta mann heims þá á Gillzenegger langt í land. Kannski hann þurfi bara að drekka meiri Svala.

## myndasögur


### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI  
TILBOÐUM • ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

OPIÐ 10-18 Í DAG.  
FRÁBÆR TILBOÐ  
Á TÖLVUM OG  
TÖLVUBÚNAÐI

VERÐ  
VÖRN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur  
þá lækkum við okkar verð á staðnum



STÚTFULLUR 8BL  
BÆKLINGUR AF  
SPENNANDI  
TILBOÐUM



IP4300  
PRENTARI

7.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann



320GB  
HARÐDISKUR

4.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann



1GB  
MINNI

3.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni



25DVD  
DISKAR

1.690

Verbatim 16x DVD+R spindill



18xDVD  
NEC SKRIFARI

2.990

Svartur NEC 18x DVD skrifari



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

OPIÐ Í DAG  
10:00 - 18:00

SUNNUDAG  
13:00 - 17:00





### 13.30 í Salnum

Opið hús í Salnum sem nú fær liðstyrk Sparisjóðs Kópavogs. Vetrardagskrá kynnt og miðasala opnar. Allir velkomnir inn úr rigningunni.

# menning

menning@frettabladid.is

## Opið hús í Borgarleikhúsinu

Leikfélag Reykjavíkur er nú að hefja sitt 111. leik-ár. Af því tilefni verður opið hús í Borgarleikhúsinu á morgun milli 15 og 17. Þar er boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Leikhússtjórnin, Guðjón Pedersen, skellir sér í trúsgervi og rifjar upp gamla takta frá því hann starfaði í götuleikhúsinu Svart og sykurlaust sællar minningar. Það er langt síðan en hann hefur engu gleymt. Honum er ofar í minni að baka vöflur og það ætlar hann að gera á sunnudag. Það eru ekki einu veitingarnar sem boðið verður upp á: kaffi verður á könnunni og krakkar fá djús. Svo verð-

**LEIKLIST** Guðjón Pedersen verður með trúslæti á morgun á Opnu húsi Borgarleikhússins.



ur tónlist í boði í tvær samfelldar klukkustundir sem Geirfuglarnir flytja og er lagavalið sótt í forna og nýja verkefnaskrá Leikfélagsins.

Kynning verður á nýju leikári hjá Borgarleikhúsinu. Leikarar og annað starfsfólk Borgarleikhússins, Íslenska dansflokksins og Sönglistar, sem er skóli fyrir börn og unglínga, kynna dagskrá vetrarins og hægt verður að fylgjast með æfingu á Gosa og æfingu hjá Íslenska dansflokki.

- pbb

### > Ekki missa af

Danshátíðinni í dag. Ókeypis listdansgöngur frá Lækjartorgi kl. 14 og sýning í Verinu í kvöld kl. 20.



## Iðandi punktaform

Í dag er opnuð sýning á nýjum málverkum Aðalheiðar Valgeirsdóttur í gallery Turpentine Ingólfsstræti 5. Sýningin ber yfirskriftina „Vendipunktur“ sem vísar til viðfangsefnis verkanna og vinnuaðferðar. Aðalheiður notar punktataekni til að kanna hreyfingu í tíma og rúmi. Iðandi form og fletir svífa um á myndfletinum í leit að nýjum leiðum.

Gallerí Turpentine hefur verið starfandi um nokkurt skeið og vakið athygli áhugamanna um myndlist en síðustu misseri hafa smærri sýningar-salir í Reykjavík látið undan síga og tveir lokað.

Auk sýningarhalds selur



AÐALHEIÐUR VALGEIRSDÓTTIR  
MYNDLISTARMAÐUR

Turpentine verk yngri og eldri myndlistarmanna.

Opið þriðjudaga til föstudaga klukkan 12-18, laugardaga 12-17. Einnig er opið eftir samkomulagi.

- pbb

## „...leiddist út í þetta aftur“

Í Ásmundarsal við Freyju-götu opnar Listasafn ASÍ sýningu í dag á verkum tveggja myndlistarmanna, Kjartans Ólasonar og Hildar Bjarnadóttur. Sýningin bætist í flóð myndlistarsýninga sem verða opnaðar þessa helgi. Báðir hafa listamennirnir verið við myndlist um langt skeið: Hildur víða sýnt undanfarið en Kjartan hefur ekki haldið sýningu um langt árabíl.

„Ég hætti þessu í ein sjö, átta ár,“ sagði Kjartan. Hann hafði þá sýnt verk sín oft og víða: stórar flatarmyndir með hráu og áköfu yfirbragði þar sem líkamar liðu í rým-inu. Málverk hans voru í miklu álitinu innan þess hóps sem enn hélt tryggð við málverkið meðan önnur birtingarform fóru hátt. En hann var ekki ánægður með viðtökur: „Ég sá engan tilgang með þessu. Um ald- amótin fór að tröllriða öllu listalífi einhver viðburðastefna hjá diet-liðinu sem réði og lék menninguna grátt, einkum myndlistina. Þessi viðburðamenning náði hámarki menningarborgarárið og hefur ekki minnkað síðan.“

Kjartan segist hafa látið tilleiðast að setja sýningu sína upp: „Þetta er lítil sýning, nánast stubbar. Ég leiddist út í þetta aftur, fór að teikna, bæði með blýanti og kolum á pappír og beint á plötur. Ég vinn



MYNDLIST Kjartan Ólason við verk sín.

eftir gömlum mælikvörðum, reyni að ná núönsum og finheitum eins og menn gerðu áður. Svo eru þarna í Ásmundarsal ljósmynd og veggverk, ég veit eiginlega ekki hvað á að kalla það: þetta er einhvers konar hræ undir gleri.“ Kjartan er fæddur 1955. Hann er menntaður við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Empire State College í New York.

Samvistum við Kjartan í Ásmundarsal er Hildur Bjarnadóttir. Á sýningunni í Listasafni ASÍ sýnir Hildur verk þar sem grunnhugmyndir myndlistar og hefðir textilhandverks eru til umfjöllunar. Hún vitnar í málverkshefðina en er jafnframt að skoða handverk kvenna á

fyrri tímum eins og hún hefur löngum gert áður. Útkoman er verk sem virðast bera keim af naumhyggju, en hafa viðtæka skírskotun þegar nánar er gáð.

Hildur útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 1992. Tveimur árum seinna hóf hún nám við Pratt Institute í New York sem hún lauk með MFA 1997. Verk eftir Hildi eru m.a. í eigu Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur og hún hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17 og sýningunni lýkur 23. september.

pbb@frettabladid.is



MYNDLIST Hildur Bjarnadóttir sýnir tilraunakenndan textil.

## [NÁTTÚRULEGA]

1. - 16. SEPTEMBER

17 NORRÆNIR LISTAMENN RÝNA Í NÁTTÚRUNA  
17 NORDURLENDSK LISTAFÓLK VIÐGERA NÁTTÚRUNA  
17 NORDISKE KUNSTNERE KOMMENTERER NATUREN  
17 NORDIC ARTISTS COMMENT ON NATURE

## Auðlindir og umhverfi

Fjórir fyrirlestrar í Norræna húsinu.  
Ókeypis aðgangur

Mánudag 3. sept. kl. 12.15

**Prófessor Michael Stocking**, kemur frá University of East Anglia og er sérfræðingur á sviði jarðvegs varðveislu, líffræðilegs fjölbreytileika innan landbúnaðar, landeyðingar og sjálfbærar land stjórnumar. "Land Degradation Control and the Global Environmental Benefits"?

Þriðjudag 4. sept. kl. 17.00

**Prófessor Roger Crofts**, fyrverandi forstjóri Náttúruverndar Skotlands og núverandi formaður Evrópunefndar IUCN um vernduð svæði, hann hefur einnig tekið virkan þátt í umræðu um náttúruvernd hér á landi. "Connecting the pieces: challenging old dogmas and developing new approaches".

Miðvikudag 5. september kl. 10.00-12.00.

**Andrew Campell** er forstjóri ástralska ráðgjafafyrirtækisins Triple Helix Consulting. Hann var aðalframkvæmdastjóri ástralskrar ríkisstofnunar, Land & Water, "Landnytjar og fjárfestingar hins opinbera í vísindum".

Miðvikudag 5. sept. kl. 12.15

**Dr. Ian Hannam**, kemur frá University of New England og starfar fyrir Australian Centre for Agriculture and Law. "The Natural Heritage Trust of Australia Legislation: Integrated Environmental Law Implementation in Australia".

Fimmtudagur 13/9 kl. 20.00

**The Thin Green Line** - Heimildamynd um störf landvarða í öllum heimshornum. Höf. myndarinnar, Sean Wilmore verður á staðnum.



ashtanga vinyasa jóga ~ byrjenda og framhaldstímar  
hatha jóga ~ mjúkir og rólegir  
blessStress ~ nýtt  
yoga nidra ~ nýtt ~ djúpslökun  
vinyasa kraftjóga



yoga shala


engjateigur 5 ~ reykjavík



Kennsla hefst 10. september

www.yogashala.is sími 5530203 yoga@yogashala.is





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Á öllum sviðum lífsins

## Sala áskriftarkorta hefst 3. september

Kynningarbæklingur leikársins fylgir Morgunblaðinu í dag

Fjögur ný íslensk leikrit. Sígild verk tekin ferskum tókum. Tveir íslenskir söngleikir fyrir áhorfendur á öllum aldri. Spannandi ný erlend verk. Sýningar fyrir áhorfendur frá níu mánaða aldri. Gleði. Pólitík. Hárbeittur húmor. Hrífandi angurværð. Skellihlátur. Ævintýri. Pönkperlur. Dans og söngur. Ást og hatur og allt hitt líka... verum saman í vetur!

Miðasala og sala áskriftarkorta á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is) eða í síma 551 1200





## GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

OPIÐ HÚS SUN.  
2. SEPT. KL. 15-17.  
FRÁBÆR TILBOÐ,  
VEITINGAR  
OG UPPÁKOMUR.

BORGARLEIKHÚSIÐ

51250 50

## Ljóð í Kirkjuhvöli

Rannveig Fríða Bragadóttir mezzó-sópran og Gerrit Schuil píanóleikari halda ljóðatónleika í dag kl. 17 í Kirkjuhvöli, safnaðarheimili Víðalínskirkju í Garðabæ. Þeir eru fyrstir í tónleikaröðinni „Ljóðasöngur á hausti“, þar sem fimm íslenskir einsöngvarar koma fram ásamt Gerrit Schuil. Þema fyrstu tónleikanna er kvenmyndir Goethes eins og sex tónskáld hafa tjáð þær, Beethoven, Mendelssohn, Schumann, Liszt, Schubert og Wolf.

Rannveig Fríða Bragadóttir stundaði söngnám við Tónlistarskóla Vínarborgar og lauk þaðan meistaraþráðu með láði. Hún á að baki tuttugu ára glæsilegan söngferil. Í fjögur ár starfaði hún sem einsöngvari við Ríkisóperuna í Vínarborg og síðar við óperuhúsið í Frankfurt og tónlistarháttöina í Salzburg, en einnig hefur hún sungið við óperuhús víðar. Hér á landi er hún kunn sem ljóða- og óratoríusöngvari og óperusöngvari. Hún hefur starfað með öllum helstu listastofnunum landsins og haldið fjölda einsöngstónleika. Rannveig Fríða býr í Vínarborg þar sem hún starfar sem konsert- og óperusöngkona en er jafnframt prófessor við einsöngvaradeild Tónlistarskólans í Vín.



LJÓÐATÓNLEIKAR Rannveig Fríða Bragadóttir

Gerrit Schuil nam píanóleik við Tónlistarskólann í Rotterdam og stundaði síðan framhaldsnám hjá John Lill, Gerald Moore og Vlado Perlemuter. Hann hefur komið fram á tónleikum víða um lönd sem einleikari og meðleikari með söngvurum og hljóðfæraleikurum. Árið 1993 fluttist Gerrit Schuil til Íslands og hefur síðan sett svip sinn á íslenskt tónlistarlíf. Þau Gerrit hafa hljóðritað og gefið út tvo hljómdiska, annars vegar söngljóð eftir Schubert (1997) og hins vegar söngljóð eftir Schubert, Schumann, Wolf og Grieg (2001), en diskarnir voru báðir tilnefndir til íslenskra tónlistarverðlauna á sínum tíma.

- pbb

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

29 30 31 1 2 3 4

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

- 15.00 Egill Benedikt Hreinsson og félagar leika lög eftir Wayne Shorter, John Coltrane og McCoy Tyner ásamt frumsömdu efni á Jómfrúnni í dag. Tónleikarnir eru hluti af **Jasshátíð Reykjavíkur**.
- 20.00 Sprengjuhöllin spilar Efni af nýpupstekinni plötu sinni á kvöld. **Retro Stofnun** hitar upp.
- 22.00 Lokakvöld **Jasshátíðar Reykjavíkur** er á Nasa í kvöld. **Samúel Jón Samúelsson** kemur fram ásamt átján manna hljómsveit. Sérstakir gestir eru **Jimí Tenor** og þrettán manna afróbít-hljómsveitin **Antibalás** frá New York.



#### OPNANIR

- 14.00 Tvær sýningar opna í gall-erinu **Start Art** á Laugavegi í dag. **Anna María Sigurjónsdóttir** sýnir ljósmyndir og **Ástríður (Ásta) Ólafsdóttir** sýnir vatnslitamyndir.
- 15.00 Tvær sýningar opna í **Listasafni ASÍ** í dag. Það eru þau **Hildur Bjarnadóttir** og **Kjartan Ólason** sem sýna.
- 16.00 Þrjár sýningar opna í **Safni** á Laugavegi í dag. Það eru þeir **Sigurður Guðjónsson**, **Huginn Þór Arason** og **Tony Trehy** sem sýna.
- 17.00 Samsýning átta ungra listamanna frá Íslandi, Finnlandi, Sviss og Bandaríkjunum opnar í **Nýlistasafninu** í dag. Allir listamennirnir vinna með málverk. Það eru þau **Helgi Örn Pétursson** og **Þórunn Eymundardóttir** sem sýna.

#### DANSLIST

- 14.00 Boðið verður upp á óhefðbundin **dansferðalög um miðbæinn** í dag. Fólk verður leitt á milli staða þar sem dansverk verða flutt. Hægt er að velja um tvo hóp. Í hóp A eru þau **Margrét Bjarnadóttir** og **Saga Sigurðardóttir** með verk. Í hóp B eru **Erna Ómaradóttir** með Talking Tree, **Ástrós Gunnarsdóttir** með Karl-f-mynd og **Ólöf Ingólfssdóttir** með Domestic Dances.
- 20.00 Fjögur verk verða sýnd á **Reykjavík Dance Festival** í Verinu í Loftkastalanum í kvöld. **Halla Ólafsdóttir** og **Helena Jónsdóttir** sýna Not Only, **Valgerður Rúnarsdóttir** og **Aðalheiður Halldórsdóttir** sýna Mein í leyni, **Steinunn Ketilsdóttir** sýnir Crazy in Love with MR.PERFECT og **Dagmara Bilon** sýnir Out of Nothing.

#### TÓNLIST

- 13.00 **Jasshátíð Reykjavíkur** stendur fyrir opnu húsi og óvissuferð um íslenska jassstónlist í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER 2007

SAGA CAPITAL OG JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR 2007 KYNNA:

Fnykur **Klúbbb** Sammi í Jagúar lokar Jazzhátíðinni!

**SAMMI**

**Loka**



Stórsveit **Samúels Jóns Samúelssonar**



ásamt

**Jimí Tenor**

Frá Finnlandi!

**ANTIBALAS**

Afróbít frá NYC  
DJ Lucky



Samúel Jón Samúelsson stjórnar lokakvöldinu:

**Nasa** Laugardagskvöld 1. sept., kl. 21:00

Sammi í Jagúar hefur sett saman sveitta klúbb samloku fyrir Lokakvöld Jazzhátíðar Reykjavíkur. **STÓRSVEIT SAMMI** leikur efni af nýtkominni plötu þeirra „Fnykur“ í bland við magnaða Big Band tónlist hins finnska **JIMI TENOR**. Afróbít sveitin **ANTIBALAS** stígur síðan á svið og tryllir lýðinn fram á nótt. **DJ LUCKY** mun þeyta saman tónlistarforrétti og millirétti svo enginn fari svangur heim.

### Ráðhúsið

Laugardag 1. sept., kl. 13-16

### Ókeypis tónleikar

– Ef það sé jazz! Markaðstorg jazzins

- Andrea og tríó Bjössa Thor
- Hilmar Jensson
- Ragnheiður Gröndal ásamt Gumma Pé og Valda Kolla
- Bláir Skuggar Sigga Flosa

Ókeypis tónleikar á Jómfrúnni kl. 15-17  
Egill B. Hreinsson og hljómsveit

Miðasala við innganginn og á [www.midi.is](http://www.midi.is)

Allar upplýsingar um einstaka viðburði og flytjendur á [www.jazz.is](http://www.jazz.is)



FORN: Auglýsingastofa

## Auglýsingasími

512  
5050



– Mest lesið





LEIKLIST Tveir góðir og báðir fyndnir, Eggert Þorleifsson og Laddi.

MYND/LR/SIGFÚS MÁR

# Lík í óskilum og allt í vitleysu

Í kvöld er frumsýning á fyrsta verkefni Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi. Verkið er nýlegur skoskur farsí eftir Anthony Neilson sem kallast Lík í óskilum og er sýnt á Litla sviðinu. Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir.

Verkið um lík á lausu er uppvakning á hinu gamalkunna farsaformi misskilnings og blekkinga. Óborganlegt lögguteymi fær það hlutverk að boða eldri hjónum váleg tíðindi á aðfangadagskvöld. Áður en erindið hefur verið útskýrt að fullu kemur upp misskilningur sem erfitt reynist að leiðrétta. Fljótlega eykst misskilningurinn, fleiri persónur slást í hópinn, flækjan verður sífellt flóknari og hjartveiki eiginmannsins gerir verkefni lögreglunnar nánast

ómögulegt. Löggur, lygar og lygileg atburðarás. Lík í óskilum var forsýnt í vor og hlaut frábærar viðtökur áhorfenda á hláturs hátíðinni sem forráðamenn Leikfélagsins hafa nú efnt til í tvígang.

Leikarar í sýningu kvöldsins eru Þórhallur Sigurðsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Eggert Þorleifsson, Helga Braga Jónsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Jörundur Ragnarsson og Þór Tulinius. Öll eru þau vel að sér í hinu vandmeðfarna formi. Það er nýnæmi að farsí sé settur upp á Litla sviðinu og verður spennandi að sjá hópinn í svo mikilli nálægð.

Aðrir aðstandendur sýningarinnar eru þau Sigurvald Ívar Helgason sem gerir hljóðmynd, Magnús Arnar Sigurðarson sem annast lýs-

ingu, Sigríður Rósa Bjarnadóttir sem sér um leikgervin, Rannveig Kristjánsdóttir sníður búninga, en verkið er þýtt af Sigurði Hróarsyni. Leikmynd annast Ilmur Stefánsdóttir.

Anthony Neilson hefur á liðnum árum vakið mikla athygli á Bretlandseyjum fyrir verk sín. Þau hafa nokkur komið hér á svið og vaktisviðsetning Benedikts Erlingssonar í fyrra á Lísu í Sundralandi eða Ófögru veröld mikið umtal. Nýir gamanleikir sem snúast að nokkru um að skekja hið forna form hafa verið fátíðir hér á landi; þeir hafa aftur notið mikilla vinsælda sem eru sníðnir að hinu hefðbundna formi farsans, einkum þeir sem hafa farið í gegnum smíðju enskra þýðenda.

**Karma**  
í kvöld

Fjölbreyttur sérrettaseðill og tilbodsmatsaðill á leikhúskvöldum

**NÝTT**

**ENSKI BOLTINN**  
ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN  
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA

[www.visir.is/enski](http://www.visir.is/enski)

Í SAMSTARFI VIÐ **SÝN2** **VÍSIR.IS**



STARFSÁRIÐ 2007 - 2008

# TÓNLEIKAÁRIÐ KYNNT

LAUGARDAGINN 1. SEPTEMBER KL. 13.30 Í SALNUM.  
Ný og fersk tónleikaskrá afhent á staðnum. Allir velkomnir.

MIDASALA OPIN FRÁ KL. 14. TRYGGÐU ÞÉR ÖRUGGT SÆTI!

**SPK**  
SPARISJÓÐURINN  
AÐALSTYRKARABILI SALARINS





### > TÍSKUFRÉTTIR

Tískukeðjan Jane Norman opnaði í gær á 2. hæð Smáralindar, en merkið er eitt það vinsælasta meðal ungra breskra kvenna í dag.

**Leikkonan smekklega Chloé Sevigny** mun hanna fatnað fyrir Opening Ceremony í haust. Merkið þykir eitt það svalasta í New York um þessar mundir en fötin eru sambland af nútímalegri hönnun og „vintage“ fatnaði.

**Munaðarvörfyrirtækið Salvatore Ferragamo** var að ráða hönnuðinn Cristinu Ortiz sem listrænan stjórnanda. Ortiz hefur unnið hjá Prada, Lanvin og Brioni.

**Leikkonan Sienna Miller** og systir hennar Savannah héldu mikið teiti á Lonsdale-hótelinu í London í fyrradag til að kynna tískumerki þeirra Twenty8twelve. Meðal gesta voru Mario Testino, Henry Holland, Kelly Hoppen, June Sarpong og Laura Bailey.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**HERRALEGA SKÓ**, fullkomna fyrir haustið frá Freelance. Fást í Evu Gallerí Sautján, Laugavegi.



**KRÜTTLEGAR SOKKABUXUR** alsettar slaufum frá ofurmerkinu Wolford. Frá Sigurboganam, Laugavegi.

OKKUR  
LANGAR Í  
...

**ANDLITSKREM** framleitt úr rósablöðum frá Dr. Hauschka. Ekki skrítið að ofurfyrirsæturnar noti þetta þar sem húðin hreinlega ljómar.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

### Júniform Íslendinga

Um daginn var ég spurð hvort ég væri fylgjandi skólabúningum á Íslandi. Auðvitað, svaraði ég. Það vill nefnilega svo til að við systkinin gengum í skólabúning frá svona tíu til fimmtán ára aldurs í friðsælu úthverfi Lundúnaborgar. Við vorum hvort í sínum skólanum, enda hefð fyrir því að kynjaskipta skólum. Að vísu fékk bróðir minn hefðbundnara litaval í búning en ég, hann var í svörtum blazer með rauðri bryddingu, svörtu og rauðu bindi og gráum buxum (hnébuxum á sumrin). Minn skóli sem var settur á fót á sjöunda áratugnum var dálítið hippalegri í litavali en ég gekk daglega í dökkbrúnum blazer, dökkbrúna pils og með skærblátt og brúnt bindi. (Reyndar myndi Marc Jacobs ekki fúlsa við þessari litasamsetningu í dag). Þegar ég var ellefu ára kunnir ég sumse að hnyta bindishnútt, nokkuð sem hefur nýst karlmönnum í lífi mínu vel. Á hverjum degi fór ég í sömu fötin, hnésokka, pils, hvíta skyrtu, blazer og bindi, nema yfir heitustu mánuðina þar sem við máttum vera í hvít- og bláröndóttum kjólum. Auðvitað átti maður nokkur stykki af hverri flik en mikið óskaplega var þægilegt að þurfa aldrei að spá frekar í hverju maður átti að klæðast á morgnana. Stúlkunum var skipt í fjögur „hús“ (þó hvorki Slytherin né Gryffindor) og blazer-jakkarnir voru kirfilega merktir þeim, og ef maður var umsjónarmaður fékk maður fallega bláa nælu þar sem stóð „Head Girl“. Þegar unglingsaldurinn nálgadist gat maður ýjað að því að maður fylgdist með nýjustu tísku með skótai og pilsidd. Þegar ég var fjórtán voru allar aðalpæjurnar í brúnum DocMartens við sportsokkana og höfðu stytt pilsin í eins stutt og mögulega komst fram hjá vökulum augum skólastýrinnar. Skartgripir voru bannaðir, og fördun eiginlega líka. Maður var orðinn meistari í að nota baugahyljara, vaselín og örllitinn brúnan maskara til að hressa upp á útlitið. Á veturna, þegar kaldast var í veðri, áttum við allar eitt stykki kamellitaða ullarkápu, flauelssixpensara og stóran röndóttan trefil í skólalitinum sem nýttist vel þegar andaði köldu á rökum breskum nóvembermorgnum. Þegar ég lít til baka þá var þetta allt afskaplega fallett, svona eins og teikning út úr Enid Blyton-bókum eða jafnvel Harry Potter. Eitthvað annað en tólf ára unglingar Reykjavíkur sem hanga á skólalóðinni í hlýrabólum og hettupeysum. Ég kættist því yfir tillögum borgarfulltrúa um að innleiða skólabúninga í grunnskólum höfuðborgarinnar. En hvað blasti svo við mér í dagblaði síðustu helgi? Mynd af „stórkostlegum“ nýjum búningi í einum grunnskóla. Trúði ekki eigin augum að krökkunum hefði verið skellt í samlita JOGGING-GALLA og að sú ósköp hétu skólabúningur. Einmitt, fussaði ég. Það var þá eitthvað til að bæta fatamenningu landans að telja æskunni trú um að jogginggalli væri ásætlanlegur hversdagsklæðnaður. Var ekki hægt að minnsta kosti að setja börnin í klassískar buxur, skyrtu og peysu? Nú lítur út fyrir að flíspeysan og jogginggallinn festist í sessi sem júniform Íslendinga til eilífðarnóns.



**HÁIR HANSKAR** Smart riddaralúkk frá Burberry Prorsum.



**ROKK OG RÓMANTÍK** Svartur korselett-kjöll frá Dolce et Gabbana með kvenlegu tjulli undir.



**KYNÞOKKI** Glansandi og fleginn svartur síðkjöll frá Krizia.

## Kattarkonur

Leður og lakk er að birtast í mörgum útgáfum í tískuvörverslunum borgarinnar enda voru haust- og vetrarsýningar tískuhúsa eins og Hermès, Gucci, Dolce et Gabbana og Burberry Prorsum uppfullar af seiddandi kattarkonum. Síðir kjólar, stutt pils, háir hanskar, sixpensara, stígvél upp á mið læri og sam-

festingar úr glansandi leðri settu afar kynþokkafulla línu í vetrartískunni. Áhrifin voru sótt jafnt í sixtís rokkstelpur eins og Marianne Faithful og Françoise Hardy og kvenkyns miðaldariddara eins og Jóhönnu af Örku. Það er líka skemmtilega „kinky“ blær á

svörtu lakki þar sem það minnir óneitanlega á tilraunakennda kynlífsleiki. - amb

**DÁSAMLEGUR** Svartur pelsjakkur með kvartermum og lakkáferð frá MiuMiu. Fæst hjá Sævari Karli.

**PRAKTÍSK** og flott laktaska frá MiuMiu, fæst hjá Sævari Karli.



**HÁIR HÆLAR** Dömulegir og sexi hælaskór frá MiuMiu, fást hjá Sævari Karli.



**TÖFFARALEGIR** Háir lakkhanskar, fást í 3 hæðum.



**MEIRA FYRIR  
NÁMSMENN**

Hagstæðir  
vextir

Landsbankinn

Náman | námsmannþjónusta Landsbankans | 410 4000 | landsbanki.is



# PERLURUGL!

ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI ER Í FULLUM GANGI

- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA TIL 9. SEPTEMBER -

## Skór

Herraskór frá.....	2000 kr.
Dömuskór frá.....	1000 kr.
Barnaskór frá.....	500 kr.
Ecco dömuskór frá. 5000 áður	11995 kr.
Dömustígvél frá..... 3000 áður	14995 kr.

## Blend

Jakkar frá.....	3000 kr.
Peysur frá.....	1500 kr.
Skyrtur frá.....	1500 kr.
Bolir frá.....	1000 kr.
Buxur frá.....	2000 kr.
Kjólar frá.....	1500 kr.
Pils frá.....	1500 kr.

## GRÆJAFU ÞIG UPP FYRIR VETURINN

## 66° Norður

Jakkar.....	4.500 - 7.500 kr.
Fleece.....	3.000 - 4.500 kr.
Dúnúpur.....	9.000 kr.
Fylgihlutir.....	500 - 1.000 kr.
Krakka buxur.....	1.500 - 3.000 kr.
Krakka úlpur.....	3.000 kr.



**BLEND** *She*

Kaupfélagið



NORÐUR

**ECCO**

**BLEND**

STEINAR WAAGE  
SKÓVERSLUN



# Kórfélagar sungu í MH

Fyrrum meðlimir kórs Menntaskólans við Hamrahlíð komu fram á tónleikum á fimmtudagskvöld í tilefni þess að kórinn er fertugur á árinu. Einnig var um styrktartónleika að ræða því allur ágóði rennur í ferðasjóð kórsins, sem er á leiðinni til Kína.



SPRENGJUHÖLLIN Hljómsveitin Sprengjuhöllin, sem gefur út sína fyrstu plötu á næstunni, var í miklu stuði á tónleikum.

Þeir sem komu fram í hátíðarsal MH voru Stuðmenn, Páll Óskar, Sprengjuhöllin, Baggalútur, Djassveitin Babar og Hjaltalín. Heppnuðust tónleikarnir mjög vel og létu fjölmargir gestir sjá sig.

www.SAMbio.is t 575 8900 midt.is

Ertu að fara að gifta þig?  
Þá viltu alls ekki lenda í honum!!!

**disturbia**  
PRJÁR VIKUR Á TOPPNUM Í USA

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

**ASTRÓPÍA**  
Drepþýndin gamanmynd með hinum eina sanna Robin Williams og ungstirinu Mandy Moore.

**LICENSE TO WED**  
Drepþýndin gamanmynd með hinum eina sanna Robin Williams og ungstirinu Mandy Moore.

**BOURNE ULTIMATUM**  
Magnaðasta spennunýnd sumarsins

ALFABAKKA	KL.	ÁR.
DISTURBIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14
DISTURBIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
LICENSE TO WED	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	7
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
RATATOUILLE M/- ENSKU TAL	kl. 8 - 10:30	L
RATATOUILLE M/- ISL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
THE TRANSFORMERS	kl. 2:30 - 5:15 - 8 - 10:40	10
THE TRANSFORMERS	kl. 2	VIP
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 12:30	L
HARRY POTTER 5	kl. 12:30 - 3	10

KRINGLUNNI	KL.	ÁR.
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6:30 - 8:30 - 10:30	L
LICENSE TO WED DIGITAL	kl. 6 - 8 - 10:10	7
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
RATATOUILLE M/- ISL TAL	kl. 1:30 - 4	DIGITAL
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 3:30	L
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 1:30	L

AKUREYRI	KL.	ÁR.
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8 - 10	7
RATATOUILLE M/- ISL TAL	kl. 2 - 4	L
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	L

KEFLAVÍK	KL.	ÁR.
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 6 - 8	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8	12
RATATOUILLE M/- ISL TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
NANCY DREW	kl. 4	7

Nýtt í bíó

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

**disturbia**  
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með pöndu!

**BRETTIN UPP!**  
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með pöndu!

**LAUGARASBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

DISTURBIA	kl. 5.45, 8 og 10:20-POWER	14
BRETTIN UPP íslenskt tal	kl. 2, 4 og 6	L
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.40, 8 og 10.20	14
RUSH HOUR 3	kl. 2, 8 og 10	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 1.30 og 3.35	L
TRANSFORMERS	kl. 3.40	10

www.laugarasbio.is - Miðasala á midt.is

NÝTT Í BÍÓ!

Ef þér þykja mörgæsir krúttlegar og sætar... þá þekkir þú ekki Cody!

**BRETTIN UPP!**  
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku og ensku tali.

**EVERNING**  
DRAMATÍSK ÁSTARSAGA Í ANDA NOTEBOOK FRÁ HÖFUNDI THE HOURS MEÐ ÚRVALI STÓRLEIKARA  
HENNAR MESTA LEYNDARMÁL VAR HENNAR MESTA NAÐARGÁFA.

**ASTRÓPÍA**  
LUXUS

**BOURNE ULTIMATUM**  
Magnaðasta spennunýnd sumarsins

**disturbia**  
52.000 manns

**SICKO**  
með íslenskum texta

**SMÁRABÍÓ** KL 2 OG 3

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

SMÁRABÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000
SURFS UP ENSK TAL	kl. 2-4-6-8-10	SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS	KL. 3
BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 2-4-6	Deliver Us From Evil / Goodbye Bafana	KL. 5.30
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8-10:30	Cocaine Cowboys / Die Falscher	KL. 8
BOURNE ULTIMATUM LUXUS	kl. 3-5:30-8-10:30	Sicko / Shortbus / The Bridge	KL. 10.30
BOURNE ULTIMATUM	kl. 4-8-10	Away From Her / Zoo / No Body Is Perfect	KL. 10.30
THE SIMPSONS MOVIE ENSK TAL	kl. 2-4-6	Evening	kl. 3-5:30-8-10:30
THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL	kl. 2-4-6	BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 3-6
RUSH HOUR 3	kl. 6-8-10:10		
SKOPPA & SKRÁTTLA	kl. 2-3 500 kr 45 min.		

HASKÓLABÍÓ	SÍMI 530 1919	REGNBÖGINN	SÍMI 462 3500
BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 4-6	BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 2-4-6
ASTRÓPÍA	kl. 4-6-8-10:10	DISTURBIA	kl. 8-10:10
BOURNE ULTIMATUM	kl. 3-5:30-8-10:30	BOURNE ULTIMATUM	kl. 8-10:10
RUSH HOUR 3	kl. 4-6-8-10	RUSH HOUR 3	kl. 4-6
BECOMING JANE	kl. 8-10:30	THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL	kl. 2



**BROSMILD** Þau Amalía Þórhallsdóttir, Birkir Ingibertsson, Tómas Sveinsson og Ester Jóhannsdóttir voru einstaklega brosmild.



**RAGNHEIÐUR OG FINNUR** Ragnheiður Harpa Leifsdóttir og Skúli Sigurðsson létu sig ekki vanta á tónleikana.



**SKEMMTU SÉR** Vinkonurnar Kristín Yr Lyngdal, Klara Bentsdóttir, Nanna Fanney Björnsdóttir og Guðrún Gröndal skemmtu sér vel á tónleikum.



**FÉLAGAR** Félagarnir Eysteinn Þórðarson, Alexander Jean, Kristján Hafþórsson og Már Másson voru í góðum gir.



**VEL KLÆDDIR KYNNAR** Kynnar kvöldins, þeir Örn Ýmir og Jón Helgi, voru í sínu finasta pússi.



**VINKONUR** Jóhanna Margrét Grétarsdóttir, Sandra Jónsdóttir og Iðunn Garðarsdóttir mættu í hátíðarsal MH.



**GÓÐ STEMNING** Fin stemning myndaðist í hátíðarsal MH á tónleikumum og virtust allir staðráðnir í að skemmta sér hið besta.

5125050 Auglýsingasími

Mest lesið

Ódýrt í bíó

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

BRETTIN UPP! ATH. SÝND KL. 2

RUSH HOUR 3 ATH. SÝND KL. 2

RATATOUILLE ATH. SÝND KL. 1.30

**SparBíó 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

**LICENSE TO WED** KL. 2 Í ALFABAKKA

**RATATOUILLE** KL. 12:30 Í ALFABAKKA 1:30 Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK OG KL. 2 Á AKUREYRI

**HARRY POTTER 5** KL. 12:30 Í ALFABAKKA

**SHREK 3** MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 12:30 Í ALFABAKKA



## Fyrrum kærastinn reyndi við Paris

Elisha Cuthbert, fyrrum leikkona í sjónvarpsþáttunum 24, er hætt með kærastanum sínum. Sá heitir Sean Avery og er íshokkileikmaður. Párið hefur verið saman frá árinu 2005 en áður var Elisha trúlofuð Trace Ayala, besta vini og viðskiptafélaga Justins Timberlake. Vinur parsins fyrrverandi hefur nú látið



hafa eftir sér að það hafi verið Elisha sem batt enda á sambandið. Sagan segir að Sean hafi haldið rakið til Paris Hilton og reynt að fá hana heim með sér af skemmtistað einum á Malibu-ströndinni í Los Angeles. Honum varð ekki kápan úr því klæðinu enda eru þær Elisha og Paris góðar vinkonur.

**ELISHA CUTHBERT** Elisha er hætt með íshokkileikaranum Sean Avery.

## Funheit ferðalög Magga og KK

„Ferðaplötur“ KK og Magga Eiríks hafa selst í um 28 þúsund eintökum. Þeir félagar fá afhenta gullplötu fyrir þá síðustu, Langferðalög, á lokatónleikum sínum í Salnum 13. september.

KK segist alls ekki hafa átt von á þessum frábæra árangri. „Maður hugsar ekki út í svona. Löggin eru eign þjóðarinnar. Við fórum vel með þau og fólk er mjög þakklátt fyrir það,“ segir hann um ástæðuna fyrir vinsældunum. Allar þrjár „ferðaplötur“ hafa náð gull-sölu og þar af hefur sú fyrsta, 22 ferðalög, selst í yfir sautján þúsund eintökum. Að auki hafa allar plötur komist í efsta sæti Tónlistans.

KK og Maggi hafa að undanförunni verið á tónleikaferðalagi til að fylgja nýjustu plötunni eftir og hefur þeim alls staðar verið firnavel tekið. „Við skutluðumst í kringum landið og fórum hér og þar og alls staðar. Okkur var mjög vel tekið og þetta er búið að vera ofsa gaman. Fólk er búið að sýna okkur svo mikla góðvild. Það hefur verið að stoppa mann úti á götu og þakka fyrir að hafa tekið þessi lög upp aftur. Það er gott að fá svona stuðning frá fólki.“



**KK OG MAGGI EIRÍKS** Þeir félagar hafa selt „ferðaplötur“ þrjár í um 28 þúsund eintökum.

KK, sem er að undirbúa nýja sólóplötu, segir að Langferðalög verði síðasta „ferðaplötan“ frá þeim félögum. „Þetta er orðið ágætt. 66 ferðalög. Er það ekki fín tala?“

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrsta smáskífulag **Britney Spears** í langan tíma, Gimme More, er komið í útvarpsþáttunum. Upp-tökustjóri var Danjahandz, góðvinur hins þekktu Timbaland. Lagið verður á væntanlegri plötu Britney sem hefur ekki enn fengið titil. Síðasta plata Britney, In The Zone, kom út fyrir fjórum árum.



Rapparin **Snoop Dogg** hefur boðið söngkonunni **Amy Winehouse** að gista í húsi sínu á meðan hún jafnar sig á eiturfjávanda sínum. „Ef hún þarf að slappa af einhvers staðar getur hún komið til mín. Mitt hús er hennar hús,“ sagði Snoop, sem er mikill aðdáandi Winehouse. Vill hann, rétt eins og Winehouse gerði, taka upp sólóplötu þar sem engir gesta-söngvarar koma við sögu heldur eingöngu hann sjálfur.



Vinurinn fyrrverandi, **Jennifer Aniston**, á ekki í ástarsambandi með leikaranum Bradley Cooper þrátt fyrir orðróm um að hún hafi boðið honum heim í rómantískan kvöldverð. Cooper var víst einn af mörgum matargestum Aniston og því sveif engin rómantík yfir vötnunum í það skiptið. Aniston og Cooper hafa bæði tekið að sér hlutverk í gamanmyndinni He's Just Not That Into You og hver veit nema ástarblossinn kvikni við tókur á henni.



Fyrrverandi kærasta leikarans **Owens Wilson**, Stephanie Conley, á erfitt með að skilja hvers vegna hann reyndi að fremja sjálfsvíg. „Ég er alveg miður mín. Það kom mér algjörlega í opna skjöldu að heyra af þessu og ég er enn þá að reyna að skilja hvað fór úrskeiðis,“ sagði Conley, sem er enn góður vinur



Wilson. Fóru þau saman í frí til Evrópu fyrir mánuði síðan og þá var hann í góðum gir. „Hann skemmti sér frábærlega. Það hefur greinilega eitthvað mikið gerst í einkalífi hans síðan þá.“

www.fronkex.is

kemur ••• við  
**Sögu**  
á hverjum  
degi



## > Símun leigður og Kjartan fann lið

Keflvíkingar létu frá sér tvo leikmenn í gær og sá þriðji gæti farið frá þeim um helgina. Baldur Sigurðsson er farinn til Bryne eins og kemur fram hér til hlíðar og þá leigði Keflavík Færeyinginn Símun Samuelsen til Sogndal út tímabilið í Noregi. Guðmundur Viðar Mete gæti einnig verið lánaður til Tyrklands en félagsskiptagugginn lokar ekki þar fyrir en eftir helgi. Að lokum samdi Kjartan Henry Finnbogason við sænska 1. deildarliðið Atvidabergs FF sem er að berjast um að komast í Allsvenskan.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## BLÓÐTAKA FYRIR KEFLAVÍK: BALDUR SIGURÐSSON SEMUR VIÐ NORSKA FÉLAGIÐ BRYNE

# Smalinn úr Mývatnssveit farinn til Noregs

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við norska B-deildarfélagið Bryne sem Allan Borgvardt, fyrrverandi leikmaður FH, spilar með. Baldur hefur þar með leikið sinn síðasta leik fyrir Keflavík en hann verður væntanlega í leikmannahópi Bryne á sunnudaginn.

„Þetta kom fljótt upp og málið var í raun klárað á einum degi,“ sagði Baldur við Fréttablaðið í gær en hann var þá nýlentur í Noregi og sat í bíl með Alf-Inge Haaland, fyrrverandi leikmanni Man. City, sem er einna helst þekktur fyrir að hafa verið illa tæklaður af Roy Keane.

„Þetta er bara mjög spennandi dæmi og ég er sáttur við þann samning sem ég fæ hérna. Mér list vel á þetta félag, það er mikill metnaður hjá félaginu sem ætlar sér stóra hluti og er einnig að byggja nýjan heimavöll,“ sagði Baldur en Keflavík fær væntanlega á bilinu 15-20 milljónir króna fyrir Baldur.

„Það er ánægjulegt að félagið skuli fá pening

fyrir mig en mér hefur liðið mjög vel hjá liðinu. Stefnan hjá mér var aftur á móti að komast í atvinnumennsku eftir þetta tímabil en þar sem tímabilið er svo gott sem búið hjá Keflavík fannst mér í lagi að fara núna. Samt leiðinlegt að við skyldum ekki hafa náð að gera betur í sumar því við höfðum liðið í að gera betri hluti,“ sagði Baldur sem gat ekki neitað því að gamall draumur væri að rætast.

Uppgangur Baldurs í íslenska boltanum hefur verið hraður en Baldur kom til liðs við Keflavík fyrir þremur árum en þar áður lék hann með Völsungi á Húsavík. Sjálfur er Baldur alinn upp í Mývatnssveit og hann fór því nokkurn veg á æfingar á sínum tíma. Félagar hans hjá Völsungi kölluðu hann smalann og það viðurnefni hefur loðað við hann síðan. „Það er vissulega löng leið frá Mývatnssveitinni til Noregs og spurning hvort það sé ekki hægt að finna einhvern sveitabæ fyrir smalann,“ sagði Baldur léttur í lund en Bryne er nærri Stafangri.



Geir Þorsteinsson:

## Vill fleiri stig

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði á blaðamannafundi í gær að hann vildi að landsliðið stæði sig betur en það hefur gert í síðustu leikjum.

„Í síðustu undankeppni fengum við fjögur stig og nú erum við með fjögur stig. Ég vil að við fáum fleiri stig og að landsliðið sýni betri frammistöðu heldur en í vor. Ég vona að sú reynsla sem við höfum úr vorleikjunum og fyrri hluta keppinnar nýtist okkur og að það verði breyting á leik liðsins. Ég treysti Eyjólfvi til þess.“

- esá

## LANDSLIÐSHÓPURINN

sem mætir Spáni og Norður-Írlandi

Árni Gautur Arason	Vålerenga
Daði Lárusson	FH
Hermann Hreiðarsson	Portsmouth
Brynjar Björn Gunnarsson	Reading
Helgi Sigurðsson	Valur
Arnar Þór Viðarsson	De Graafschap
Eiður Smári Guðjohnsen	Barcelona
Jóhannes Karl Guðjónsson	Burnley
Ívar Ingimarsson	Reading
Kristján Örn Sigurðsson	Brann
Grétar Rafn Steinsson	AZ Alkmaar
Veigar Páll Gunnarsson	Stabæk
Hjálmar Jónsson	IFK Gautaborg
Kári Arnason	AGF
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	Vålerenga
Emil Hallfreðsson	Reggina
Ólafur Ingi Skúlason	Helsingborg
Baldur Aðalsteinsson	Valur
Ármann Smári Björnsson	Brann
Ragnar Sigurðsson	IFK Gautaborg
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	FH
Sverrir Garðarsson	FH

# Eiður valinn en spilar líklega ekki

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær landsliðshópinn sem mætir Spáni og Norður-Írlandi í næstu viku. Eiður Smári Guðjohnsen var valinn en faðir hans telur ólíklegt að hann verði orðinn leikfær.

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson tilkynnti í gær val sitt á landsliðshópnum sem mætir Norður-Írlandi og Spáni í næstu viku í undankeppni EM 2008.

Tveir nýliðar eru í hópnum, þeir Ásgeir Gunnar Ásgeirsson og Sverrir Garðarsson, báðir úr FH. Ásgeir Gunnar var reyndar einnig valinn í landsliðið í fyrra en kom ekki við sögu þá.

Sérstaklega athygli vakti að Eyjólfur valdi Eið Smára Guðjohnsen í hópinn en hann hefur átt við meiðsli að stríða.

„Hann er allur að koma til en ég hef verið í góðu sambandi við hann undanfarið. Hann er að æfa með liðinu og er á réttri leið. Ég vonast til að hann nýtist okkur eitthvað í þessum leikjum,“ sagði Eyjólfur.

Arnór Guðjohnsen, umbodsmáður og faðir Eiðs Smára, sagði hins vegar að hann byggist ekki við því að Eiður kæmi við sögu.

„Hann verður í kringum hópinn og fær nú tækifæri til að hitta lækni landsliðsins líka en hann hefur verið í miklu sambandi við hann. Ég efast samt um að hann komi nokkuð við sögu í þessum leikjum. Hann er engan veginn tilbúinn í það,“ sagði Arnór.

Eyjólfur valdi 22 leikmenn en það kemur til þar sem margir leikmenn gætu fengið leikbann í síð-



**TVEIR BROSILDIR** Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari hefur valið Eið Smára Guðjohnsen í landsliðið þó svo að hann eigi við meiðsli að stríða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA/E.



ari leiknum, fá þeir gult spjald gegn Spáni.

„Við þurfum að vera við öllu búnir. Þetta verða tveir gríðarlega erfiðir leikir og við þurfum að vera þéttir fyrir. Varnarleikurinn þarf að vera til fyrirmyndar. Við ætlum að standa okkur vel í leikjunum og vera þjóðinni til sóma. Það er lykilatriði. Við förum vel yfir það í síðasta leik að það væri

gríðarlega mikilvægt að menn væru stoltir að spila fyrir Íslands hönd.“

Hann sagði að engin sérstök markmið væru sett fyrir leikina, hvað úrslit varðar. „Okkar meginmarkið, sérstaklega á móti Spáni, er að sýna þjóðinni að við viljum standa okkur vel og ganga af vellinum með reisn.“

Hann býst við því að spila 4-5-1

leikkerfið eins og hann gerði í æfingaleiknum gegn Kanada.

Gengi landsliðsins til þessa í keppninni hefur ekki verið gott en í vor gerði liðið 1-1 jafntefli við Liechtenstein á heimavelli og tapaði 5-0 fyrir Svíum ytra. Eyjólfur var mikið gagnrýndur þá en hann telur ekki að framtíð hans sé undir í þessum leikjum.

„Það er alveg á hreinu að þetta snýst ekki um mig. Ég er ekki að velja því fyrir mér hvað mín persóna hefur með þetta að gera. Ég er að stjórna íslenska landsliðinu og íslenska landsliðið ætlar að standa sig og vera þjóð sinni til sóma.“

Spurður hvort hann væri kominn í þrot með liðið sagði hann að svo væri alls ekki.

„Ég tel mig hafa af mikilli reynslu að miðla. Ég var lengi í atvinnumennsku og þekki þennan heim mjög vel. Það er langt í frá að ég sé kominn í þrot með liðið.“

Ísland mætir fyrst Spáni á Laugaraldsvelli á laugardaginn klukkan 20. Miðasalan á þann leik gengur ágætlega en enn voru í gær um fimm þjúsund miðar eftir óseldir. Leikurinn við Norður-Írland fer fram miðvikudaginn 12. september og hefst klukkan 18.05. Miðasala er einnig hafin á þann leik.

eirikur@frettabladid.is

**SKÓLA LEIKTÍR**

BRETTIN UPP!  
Frumsýnd 31. ágúst með íslensku og ensku tali!

Pú sendir SMS skeytið BT BTF á númerið 1900. Þú færð spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

**Aðalvinningur**  
Toshiba Satellite fartölva + PSP tölva + leikir!

10. hver vinnur!

Aðalvinningur er Toshiba Satellite fartölva + PSP tölva + leikir!  
Geggjafir aukavinningar: Medion videospilari, Playstation 3, iPod nano, Panasonic tokuvél, Sony myndavél, GSM símar, Playstation 2 tölur, Guitarr Hero, Gjöfabréf frá Tónlist.is, bíomíðar á „Brettin upp“, DVD myndir, Tölvuleikir, Kippur af gósti og margt fleira!

Birna Valgarðsdóttir ófrísk og ekki með landsliðinu:

## Með í öllum landsleikjum í tólf ár

**KÖRFUBOLTI** Birna Valgarðsdóttir er leikjahæsta landsliðskona Íslands frá upphafi en hún verður fjarri góðu gamni í dag þegar íslenska liðið mætir Hollandi. Birna er komin tæpa sjö mánuði á leið og missir því af sínum fyrstu landsleikjum síðan í desember 1995. Síðan þá hefur Birna spilað alla 67 leiki íslenska landsliðsins.

„Þetta er frekar skrýtið og ég vildi geta tekið þátt í þessum leikjum. Ég er búin að spyrja stelpurnar í Keflavík hvornig þetta hefur gengið. Þær eru allar að standa sig á æfingum þannig að ég er glöð yfir því,“ segir Birna Valgarðsdóttir, sem man eftir einu skipti þar sem hún var í hættu að missa af landsleik á þessum tólf árum. „Þegar við förum til Englands milli jóla og nýárs tognadi ég illa á ökkla en einhvern veginn náði ég að púsla mér saman og gat spilað,“ segir hún. „Ég játa alveg að mig klæjar alveg í fingurna,“ segir Birna sem ætlar að mæta og styðja stelpurnar. „Að sjálfsögðu ætla ég að mæta á leikinn,“ segir Birna. Ísland mætir Hollandi á Ásvöllum klukkan 16.00 í dag og liðið á enn möguleika á að komast upp í A-deild vinni það leikinn. Holland vann alla þrjá leiki sína síðasta haust, þar á meðal 66-61



**BIRNA VALGARÐSDÓTTIR** Komin sjö mánuði á leið. MYND/VÍKURFRÉTTIR

sigur í Rotterdam í fyrri leik þjóðanna.

„Ég hef alveg tröllatru á stelpunum að þær eigi eftir að hanga í þeim og jafnvel vinna þær. Það munandi rosalega litlu í fyrri leiknum þannig að við eigum góða möguleika í þessum leik,“ segir Birna sem er hvergi nærri hætt í körfunni. „Ég á að eiga 14. nóvember. Ef allt gengur að óskum þá verður maður byrjaður um áramótin,“ segir Birna að lokum.

- óó



**WNBA** Marlou Nieuweveen (til vinstri) í baráttunni um frákast. NORDICPHOTOS/GETTY

Hollenska liðið sterkt:

## Með WNBA-miðherja

**KÖRFUBOLTI** Hollenska landsliðið sem mætir Íslandi í b-deild Evrópukeppni landsliða kvenna er mjög sterkt.

Frægasti leikmaður liðsins er hin 193 sm háa Marlou Nieuweveen. Nieuweveen hefur spilað við góðan orðstír á Ítalíu tvö síðustu tímabil en var þar á undan með Los Angeles Sparks í WNBA-deildinni. Hún var með 9,3 stig og 7,8 fráköst á 26,3 mínútum með Viterbo á Ítalíu síðasta vetur. - óó

Landsleikir við Holland:

## Frítt á leikinn

**KÖRFUBOLTI** Kvennlandsliðið mætir Hollandi klukkan 16.00 í dag á Ásvöllum í b-deild Evrópukeppni landsliða. Skeljungur mun bjóða áhorfendum frítt á leikinn en Skeljungur og KKÍ undirrituðu á þriðjudaginn nýjan samstarfs-samning en Skeljungur er orðinn aðalstyrktaraðili landsliðs og afreksstarfs KKÍ. - óó





# FRÁBÆR SKEMMTUN FRAMUNDAN

## MEISTARAEILDIN

### A RIÐILL

1. LIVERPOOL
2. MARSEILLE
3. BESIKTAS
4. PORTO

### B RIÐILL

1. VALENCIA
2. CHELSEA
3. ROSENBORG
4. SCHALKE

### C RIÐILL

1. LAZIO
2. REAL MADRID
3. WERDER BREMEN
4. OLYMPIACOS

### D RIÐILL

1. CELTIC
2. AC MILAN
3. BENFICA
4. SHAKHTAR DONETSK

### E RIÐILL

1. LYON
2. RANGERS
3. STUTTGART
4. BARCELONA

### F RIÐILL

1. MANCHESTER UNITED
2. ROMA
3. DYNAMO KIEV
4. SPORTING

### G RIÐILL

1. INTER
2. PSV EINDHOVEN
3. CSKA MOSKVA
4. FENERBAHCE

### H RIÐILL

1. STEAUA BUCHAREST
2. ARSENAL
3. SEVILLA / AEK ATHENS
4. SLAVIA PRAG







512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í DAG KL. 13:40 - SÝN 2

## LIVERPOOL - DERBY

Í DAG

KL. 13:55 READING - WEST HAM  
 KL. 13:55 BOLTON - EVERTON  
 KL. 13:55 FULHAM - TOTTENHAM  
 KL. 13:55 NEWCASTLE - WIGAN  
 KL. 16:00 MAN. UTD. - SUNDERLAND

SÝN EXTRA  
 SÝN EXTRA 2  
 SÝN EXTRA 3  
 SÝN EXTRA 4  
 SÝN 2

Á MORGUN

KL. 12:10 ARSENAL - PORTSMOUTH  
 KL. 14:00 BLACKBURN - MAN. CITY  
 KL. 14:40 ASTON VILLA - CHELSEA

SÝN 2  
 SÝN EXTRA  
 SÝN 2

4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS Í KVÖLD KL. 18:10



**SÝN 2**  
 enski boltinn



ÁFRAM HJÁ BÖRSUNGUM Eiður Smári verður áfram hjá Barcelona, í það minnsta þar til hann nær sér góðum af meiðslunum.

NORDIC PHOTOS/AFP

## Mörg lið hafa boðið í Eið

Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, segir að Barcelona hafi borist mikið af tilboðum og fyrirspurnum um landsliðsfyrirliðann. Arnór hafi hins vegar tekið fyrir allar umræður þar til Eiður nái sér góðum á ný.

**FÓTBOLTI** Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður og faðir Eiðs Smára Guðjohnsen, sagði í samtali við Fréttablaðið um miðjan dag í gær að landsliðsfyrirliðinn yrði ekki seldur frá Barcelona í bili. Meiðsli hans hefðu orðið til þess að feðgarnir vildu ekki fara í neinar alvöru viðræður við önnur lið.

„Hann verður áfram hjá Barcelona, hversu lengi sem það verður. Það á eftir að koma í ljós,“ sagði Arnór. Hann sagði að Eiði hefði þó verið sýndur mikill áhugi eins og fréttaplutningur síðustu vikna gæfi til kynna.

„Það hefur hellingur af fyrirspurnum borist og búið að ræða við helling af félögum. En á þessum tímupunkti teljum við ekki æskilegt að hann flytji sig um set á meðan hann er meiddur. Hann vill sjálfur vera tilbúinn í slaginn þegar hann skiptir um lið og við höfum því ekkert verið að spá í neitt slíkt fyrr en hann verður góður.“

Spurður segir Arnór að mikið af

tilboðum hafi einnig borist í Eið Smára, ekki bara fyrirspurnir.

„Mörg lið hafa sent tilboð og örugglega fleiri en við vitum af. Mest af þessu fer í gegnum Barcelona, sem hefur svo samband við okkur. Forráðamenn Barcelona hafa aldrei sett neinn þrýsting á okkur en eins og gengur og gerist í fótbolta hefur allt staðið opið.“

Meðal þeirra félaga sem hafa verið orðuð við Eið eru Englandsmestarnar Manchester United. Arnór vildi ekki bera kennsl á þau félög sem hefðu gert tilboð en vissi ekki til þess að Manchester United hefði gert það. Hann gaf þó sterklega til kynna að West Ham hefði gert tilboð.

Hann segir erfitt að meta hversu alvarleg hnémeiðsli Eiðs Smára séu og hversu lengi hann verði frá.

„Meiðsli hafa nú verið að hrjá hann í rúma tvo mánuði. Það eru reyndar ákveðin batamerki en það er samt ekki svo gott að hann sé tilbúinn í slaginn. Hann hefur ekki

tekið þátt í neinni einustu æfingu, nema til að hlaupa smá. Hann er ekki tilbúinn að spila neinn fótbolta.“

Arnór segir að aðgerð á hnénu sé síðasti valkosturinn í stöðunni. Allt annað verði reynt fyrst. „Hnéð lítur ekki illa út á myndum en það er vökvasöfnun og fleira að angra hann í hnénu. Það gæti verið að hann þyrfti að fara í speglun bara til að sjá almennilega hvað er að hrjá hann.“

Hvað sem gerist segir Arnór að mikilvægt sé ekki að flýta sér um of. „Mér fannst til dæmis að Eto'o (félagi Eiðs hjá Barcelona) hefði ekki verið tilbúinn þegar hann byrjaði aftur eftir sín meiðsli. Það er mikilvægt að ná sér 100% góðum áður en farið er á fulla ferð aftur. Eiður er þolinmóður og veit að það er betra að gefa sér einum mánuði meira en minna.“

Því má svo bæta við að nýlega var tilkynnt að Samuel Eto'o yrði frá næstu tvo mánuðina vegna meiðsla.

eirikur@frettabladid.is

Valur er aftur á toppi Landbankadeildar kvenna:

## Valskonur hefndu fyrir bikarskellinn

**FÓTBOLTI** Valskonur komust aftur á toppinn í Landbankadeild kvenna með því að vinna stórsigur á Breiðabliki, 6-0, á blautum Valbjarnarvelli í gær. Með sigrinum náði Valur KR að stigum á toppnum en Valur hefur 13 marka forskot þegar litið er á markatöluna. Liðin eiga nú bara tvo leiki eftir þangað til að þau mætast á KR-vellinum 13. september í væntanlega óopinberum úrslitaleik um Íslandsmeistaratilinn.

Valsliðið náði þar með að hefna fyrir ófárinna í bikarnum en Blikar slógu Íslands- og bikarmeistarana út úr átta liða úrslitunum fyrir í sumar. Fimm mörk Valskvenna komu á lokakafla hálfleikjanna og það sjötta rétt í upphafi leiks.

Margrét Lára Viðarsdóttir og Nína Ósk Kristinsdóttir skorðu báðar tvö mörk í leiknum og þær Rákel Logadóttir og Guðný Björk Óðinsdóttir gerðu hvor sitt markið. Nína Ósk skoraði bæði mörk sín á keimlíkan hátt eftir að hafa sloppið ein í gegn en hún kom inn á sem varamaður og spilaði bara síðasta hálf tíma leiksins.

Aðstæður til að leika knattspyrnu voru vægast sagt vondar enda völlurinn varla leikfær sökum vatnselgs. Dómgæslan var



**ALLT Á FLOTI** Valskonan Vanja Stefanovic reynir að komast framhjá Blikanum Jill Mansfield en vatnselgurinn er til fyrirstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hins vegar í góðum gir en Kristinn Jakobsson dæmdi leikinn í gær. Guðný lék fyrsta klukkutímann inni á miðju Valsliðsins í stað þess að vera í bakverðinum og var þá besti maður Valsliðsins. Markið sem hún skoraði var einkar laglegt og án nokkurs vafa fallegasta mark leiksins.

Sigur Valsliðsins var alltof stór miðað við gang leiksins en mörkin tvö sem Valur skoraði í lok fyrri hálfleiks gerðu út um leikinn. Fram að því höfðu Blikar gerst ágengir upp við mark Vals.



**10 SEKÚNDUR** Bjarnólfur Lárusson kom KR í 1-0 áður en flestir áhorfendur í Kaplakríka voru búnir að koma sér fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Mark Bjarnólfs Lárussonar: Annað fljótasta mark sögunnar

**FÓTBOLTI** Markið sem KR-ingurinn Bjarnólfur Lárusson skoraði eftir aðeins 10 sekúndna leik gegn FH í Kaplakríka í fyrrakvöld er annað fljótasta markið frá upphafi.

Metið á Eyjamaðurinn Leifur Geir Hafsteinsson, sem skoraði eftir aðeins 8 sekúndur í 1-0 sigri ÍBV á KR 6. júlí 1995.

Bjarnólfur komst hins vegar í annað sætið upp fyrir Sigþór Júlíusson, sem skoraði eftir aðeins 17 sekúndur í 1-0 sigri KR á ÍA 18. maí 1999.

- 66j



Tuborg og MasterCard kynna í samstarfi við Concert

# CHRIS CORNELL

SOUNDGARDEN / TEMPLE OF THE DOG / AUDIOSLAVE

Næsta  
laugardag  
verður  
Chris Cornell  
á sviðinu í  
Laugardalshöll.

Hvar  
verður  
þú?

Laugardaginn  
8. september  
**LAUGARDALSHÖLLINNI**

**TUBORG**  
LÉTTÖL



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, [www.borgun.is/klubbar](http://www.borgun.is/klubbar)

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA  
Á [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS) OG Í  
VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði





### > Steve Buscemi

Steve lenti eitt sinn í slæmum slagsmálum á bar í Norður-Karólínu og var stunginn í hálsinn, hausinn og handlegginn. Hann fékk djúpt ör í kinnina sem þarf að fela vel fyrir kvikmyndatökur. Vince Vaughn sem var einnig á barnum var handtekinn fyrir að berja einn af árásmönnum Steves mjög illa. Steve leikur í Fargo í Sjónvarpinu kl. 24.00.



# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FYLGIST MEÐ STÓRRI ÁST

## Magnaðir mormónar

Nú fara hlutirnir að gerast. Haustið er komið og þar með lifnar heldur betur yfir sjónvarpsdagskránni. Í vikunni sýndi Stöð 2 fyrsta þáttinn í nýrri þáttaröð um Henrickson-mormónafjölskylduna. Þættirnir, sem heita Big Love, eru úr herbúðum HBO, sem dælir út hverri frábæru þáttaröðinni á fætur annarri. Home Box Office á meðal annars heiðurinn af Six Feet Under, Sex and the City, The Sopranos og Rome, sem hljóta að teljast til vinsælustu þáttaraða seinni tíma. Allar þessar þáttaröðir eiga það sameiginlegt að vera augnandi, bara hvað útlit varðar. Þar að auki virðast handritshöfundarnir sem starfa með stöðinni naskari en aðrir á að skapa einstaklega áhugaverðar persónur, sem verða nánast eins og vinir. Þá er sama hvort um



HENRICKSON-FJÖLSKYLDAN

ræðir tiskubyrsta kvenskörungna, mafíuforingja eða þræla á tímum Rómaveldis.

Í Big Love fær áhorfandinn innsýn í heim sem er okkur flestum jafn framaði og sá sem tilheyrir mafíubrasinu. Þar er fylgst með mormónafjölskyldu; húsbóndanum Bill, eiginkonum hans þremur, þeim Barb, Nicki og Margene og tilheyrandi barnaskara. Fjölskyldudramað, sem er eðli málsins samkvæmt enn flóknara og margþættara en hjá öðrum sjónvarpsfjölskyldum, magnast upp vegna baráttu þeirra við að halda fjölkvæninu leyndu frá umheiminum.

Þar sem sjónvarp virðist stefna í þá áttina að verða sífellt innihaldslausara er ég að minnsta kosti afar þakklát fyrir gæðafni á borð við Big Love og bið spennt eftir næstu fregnum af frúnum þremur.

### EKKI MISSA AF



► **19.40 Danskeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** Sjónvarpið



► **19.15 America's Got Talent** Stöð 2



► **22.00 The General's Daughter** Stöð 2 bíó



► **19.55 Joan of Arcadia** Sírkus



► **22.40 Da Vinci's Inquest** Skjár einn

### SIJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Lítil prinsessa 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.27 Músahús Mikka 08.50 Skordýr í Sólarlaut 09.13 Leyniþátturinn 09.26 Latibær

**09.50 HM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá Ósaka.

**13.30 Kastljós**

**14.00 14-2 e.**

**14.30 Af ferðum túnfisksins e.**

**15.20 Hvað veistu?**

**15.50 Landsleikur í körfubolta** Beint frá landsleik Íslands og Hollands í körfubolta kvenna á Ásvöllum í Hafnarfirði.

**18.00 Tákn málsfréttir**

**18.10 Ófítinn** (5:10)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

► **19.40 Danskeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** Bein útsending frá Danskeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Kynnir er Eva María Jónsdóttir.

**22.00 Lukkuriddarar** (9:13)

**22.25 Tristram Shandy (A Cock and a Bull Story)** Bresk grínmynd frá 2005 með Steve Coogan. Fylgst er með hópi kvikmyndagerðarmanna sem gera vafasama kvikmynd eftir bókinni Tristram Shandy. Aðalhlutverk: Steve Coogan, Rob Brydon.

**00.00 Fargo** Bandarísk bíómynd frá 1996. Leikstjóri er Joel Coen. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 16 ára. e.

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

### BIÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 You Got Served**

**08.00 The Terminal**

**10.05 Triumph of Love**

**12.00 Just My Luck**

**14.00 You Got Served**

**16.00 The Terminal**

**18.05 Triumph of Love**

**20.00 Just My Luck**

► **22.00 The General's Daughter** Spennumynd. Líðsforinginn Brenner fær hrottalegt morðmál til úrlausnar. Aðalhlutverk: John Travolta, Madeleine Stowe.

**00.00 Den of Lions**

**02.00 Van Wilder**

**04.00 The General's Daughter**



**07.00 Refurinn Pablo** **07.05 Fifi and the Flowertots** **1 07.15 Blanche** **07.25 Hlaupin** **07.40 Kalli kanína og félagar** **08.10 Dexter's Laboratory** **08.35 Ginger segir frá** **09.00 Bratz** **09.25 Tutenstein** **09.50 A.T.O.M.**

**10.15 Two Brother**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance** (20.23)

**15.15 Men In Trees** (11.17)

**16.00 Aliens of the Deep**

**16.55 Örlagadagurinn** (13.31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.15 America's Got Talent** (14.15) Stærsta hæfileikakeppni heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titillinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum en hæfileikarnir eru jafn misjafnir og keppendur eru margir. Þátturinn kemur úr smíðju Simons Cowell og í dómarasætinu sitja þau David Hasselhoff, Brandy og Piers Morgan. (14.15) Nú er síðasta tækifæri fyrir keppendur til að sanna sig en það eru milljón dollarar í húfi.

► **20.35 America's Got Talent** (15.15) Nú kemur í ljós hver er hæfileikaríkasta manneskjan í Bandaríkjunum.

**21.20 Pieces of April** Átakanleg kvikmynd með Katie Holmes í aðalhlutverki. April Burns var til stöðugra vandræða þegar hún var yngri og foreldrar hennar eru fyrir löngu búnir að gefast upp á henni. Hún ákveður því að bjóða fjölskyldu sinni í mat á þakkargjörðarhátíðinni en þá fer allt úr skeiðis. Aðalhlutverk: Patricia Clarkson, Katie Holmes, Derek Luke. Leikstjóri: Peter Hedges. 2003.

**22.45 Crimson Rivers 2: Angels of the Apocalypse** Hörkuspennandi trýllir með Jean Reno í aðalhlutverki. Nieman lögregluforingi rannsakar röð dularfullrar morða sem virðast tengjast hættulegum sértrúarsöfnuði. Aðalhlutverk: Christopher Lee, Jean Reno, Benoit Magimel. Leikstjóri: Olivier Dahan. 2004. Stranglega bönnuð bönum.

**00.25 Darkwolf**

**01.55 Lord of the Rings: The Two Towers**

**04.50 Aliens of the Deep**

**05.40 Fréttir**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi**

### SYN besta sætið

**09.10 PGA Tour 2007 - Highlights** (Barclays Classic)

**10.05 Það helsta í PGA mótardöðinni**

**10.30 UEFA Super Cup 2007** (AC Milan - Sevilla)

**12.30 Undankeppni Champions League** (Liverpool - Toulouse)

**14.10 Kraftasport - 2007** (Hálandaleikarnir)

**14.45 Þýski handboltinn**

**15.25 Champions of the World** (Brazil)

**16.20 Kaupþings mótardöðin 2007**

**17.20 Spænski boltinn** Hitað upp fyrir spænska boltann en keppni þar hefst innan tíðar.

**17.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**19.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.50 De La Hoya / Mayweather 24/7** (4.4)

**22.15 Box - Oscar De La Hoya vs. Fl**

**23.50 Box - Miguel Gotto vs. Zab Jud** (Box - Miguel Gotto vs. Zab Judah)

### SYN2

**08.40 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**09.10 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**09.40 PL Classic Matches**

**10.10 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**11.10 Premier League Preview** (Leikir helgarinnar)

**11.40 Coca-Cola Championship**

**13.40 Premier League 2007/2008** Bein útsending frá leik Liverpool og nýliðanna í Derby County.

**16.00 Premier League 2007/2008** Bein útsending frá Old Trafford þar sem Manchester United tekur á móti Sunderland.

**18.10 4 4 2**

**19.30 4 4 2**

**20.50 4 4 2**

**22.10 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

### SKJÁREINN

**10.15 Vörutorg**

**11.15 Dr. Phil** (e)

**14.15 World's Most Amazing Videos** (e)

**15.05 Family Guy** (e)

**15.35 Madonna: I'm Going to Tell You a Secret** (e)

**17.35 Friday Night Lights** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingsería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**19.20 Robin Hood** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (23.26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lygginn líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.

**21.00 Stargate SG-1** (17.22) Afar vandadír þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem Skjár einn sýnir um Jack O'Neill og sérsvit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjómuhlíð“.

**21.50 High School Reunion - Lokapáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

► **22.40 Da Vinci's Inquest** (5.8) Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

**23.30 Sleeper Cell** (e)

**00.20 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.10 3 Lbs** (e)

**02.00 The Black Donnellys** (e)

**02.50 Backpackers** (e)

**03.20 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**05.00 Vörutorg**

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ  
MIÐASALA Í SÍMA 568 8000  
OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS

THEODÓR JÚLISSON

MAGNÚS ÓLAFSSON

KRISTJÓRÐ KJELD

PÉTUR EINHARSSON

HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR

ÓMAR RAGNARSSON

SKAPTI ÓLAFSSON



## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.20  
Pieces of April

Átakanleg kvikmynd með Katie Holmes í aðalhlutverki. April Burns var til stöðugra vandæða þegar hún var yngri og foreldrar hennar eru fyrir löngu búnir að gefast upp á henni. Hún ákveður því að bjóða fjölskyldu sinni í mat á þakargjörðarhátíðinni en þá fer allt úrskeiðis.

▶ VIÐ MÆLUM MED  
Tristram Shandy  
Sjónvarpið kl. 22.25

Bresk grínmynd frá 2005. Fylgst er með hópi kvikmyndagerðarmanna sem gera vafasama kvikmynd eftir bókinni Tristram Shandy. Kærasta aðalleikarans er mætt á svæðið ásamt nýfæddu barni þeirra og hún vill kynlíf, en þau eru alltaf trufluð þegar hæst stendur. Leikstjóri er Michael Winterbottom og með aðalhlutverk fara Steve Coogan, Rob Brydon, Shirley Henderson, Mark Tandy og Jeremy Northam.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn  
07.05 Laugardagur til lukku  
08.05 Músik að morgni dags  
09.03 Út um græna grundu  
10.15 Grannar okkar  
11.00 Vikulokin  
12.00 Hádegisútlit  
12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfregnir  
13.00 Laugardagsþátturinn  
14.00 Leitinn að eldsneytinu  
14.40 Tímakornið  
15.30 Með laugardagskaffinu  
16.10 Ríkiströnd: land elda, sólar og gróður-sældar

17.05 Djassgallerí: Keith Jarrett  
18.00 Kvöldfréttir  
18.25 Auglýsingar  
18.28 Á vængjum yfir flóann  
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar  
19.00 Kríngum kvöldið  
19.30 Stefnumót  
20.10 Byltingin kom með konu  
21.00 Dragspilið dunar  
21.55 Orð kvöldsins  
22.15 Flakk  
23.10 Danslög  
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

14.30 Hollyoaks (1.260) Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

14.50 Hollyoaks (2.260)

15.10 Hollyoaks (3.260)

15.30 Hollyoaks (4.260)

15.50 Hollyoaks (5.260)

16.30 Skífulistinn

17.15 Smallville (7.22) (e)

18.00 Bestu Strákarnir (19.50) (e)

18.30 Fréttir

19.00 Talk Show With Spike Feresten (1.22) (e)

19.30 The George Lopez Show (5.22) (e)

▶ 19.55 Joan of Arcadia (21.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpa Joan er nýflutt til smábæjarinnar Arcadia þegar skrítnar uppkomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir.

20.40 Skins (1.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlýfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.

21.30 The Man From Elysian Fields (e) Aðalhlutverk: Andy Garcia, Mick Jagger, Julianna Margulies. Leikstjóri: George Hickenlooper. Leyfið öllum aldursópum.

23.15 Jake 2.0 (7.16) (e)

00.00 Joan of Arcadia (21.22) (e)

00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## BBC PRIME

12.00 A Week of Dressing Dangerously 12.30 A Week of Dressing Dangerously 13.00 Wedding Stories 14.00 Amazon Abyss 14.30 Massive nature 15.00 Wolf Battlefield 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 Doctor Who 17.45 Doctor Who Confidential 18.00 Strictly Come Dancing - The Story So Far 19.00 Flesh and Blood 20.30 Lenny Henry in Pieces 21.00 The Smoking Room 21.30 French and Saunders 22.00 EastEnders 22.30 EastEnders 23.00 Flesh and Blood 0.30 Lenny Henry in Pieces 1.00 The Smoking Room 1.30 French and Saunders 2.00 Wolf Battlefield 3.00 Cash in the Attic 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Little Robots 5.10 Binka 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

## DR 1

12.10 Olsen-banden går amok 13.45 Familiealbummet 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Johanne i Troldekskoven 16.00 Sonja fra Saxogade 16.30 TV Avisen med vjert 16.55 SportNyt 17.20 Vilde verden 17.50 Huset på Christianshavn 18.15 Robin Hood 19.00 Europæisk Danse Grand Prix 2007 21.15 Inspector Morse 23.00 Med de bare næver 5.30 Mickey's klubhus 5.55 Byggemand Bob

## NK1

13.30 VM roing 2007 14.00 Rally-VM: Rally New Zealand 14.10 Golfstrømmen og den neste istiden 15.05 En musikalsk norgesreise 16.00 Jubalung 16.30 Ikke naken 17.00 Lørdagsrevyen 17.45 Lotto-trekning 17.55 VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasín 18.25 Kompirisen 2007 19.40 Med hjartat på rette staden 20.25 Fakta på lørdag: Ballade for Edvard Grieg 21.20 Kveldsnytt 21.35 VM friidrett Osaka 2007 5.30 Stá opp! 5.50 Mumfie 6.00 Ugler i mosen

## SVT 1

12.25 Niklas mat 12.55 Uppdrag Granskning 13.55 Stjarnoma på Waldbühne i Berlin 16.00 BoliBompa 16.05 Disneydags 16.06 Timon and Pumbaa 16.31 Disney's Classic Cartoons 16.41 Hos musse 17.00 Min vän sheiken i Stureby 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Studio Sumo 19.00 Försvarsadvokaterna 19.45 Den första kejsaren - Mannen som skapade Kina 21.30 Rapport 21.35 Liam 23.05 Sändningar från SVT24 6.00 BoliBompa

FARTÖLVUHÁTÍÐ  
Í DAG Á MILLI 11 & 17

Fríar pylsur og kók  
og fartölvur á tilboði!

## ACER ASPIRE 5103

AMD Turion X2 1.6Ghz - DuoCore

1024MB DDR2 vinnsluminni / 120GB harður diskur



79.900-

## SÉRTILBOÐ

BARA Í DAG

## ACER ASPIRE 3693

Intel Celeron 1.73Ghz

512MB DDR2 minni / 80GB harður diskur



59.900-

Stækkaðu minnið  
í 1024MB fyrir aðeins 3.900-

sva: tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000



## PERSÓNAN



Ásgeir Gunnar Ásgeirsson

Aldur: 27 ára.

Starf: Nemi og knattspyrnumaður.

Fjölskylda: Í sambúð.

Foreldrar: Ásgeir Gunnarsson prentæknir og Guðrún Signý Guðmundsdóttir kennari.

Búseta: Í Hafnarfirðinum, að sjálfsgöðu.

Stjórnumerkir: Tvíburi.

Ásgeir, leikmaður FH í Landsbankadeildinni skoraði þrennu gegn KR á fimmtudag og var í gær valinn í landsliðið.

## Veggspjald Veðramóta bannað í MR

„Við vorum að keyra út plakatið fyrir kvikmyndina Veðramót og höfðum farið í flestalla framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins,“ segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA. „En þegar við komum í MR var okkur meinað að setja plakatið upp sökum þess að á því sést stúlka vera að reykja. Við buðumst til þess að líma yfir sigarettuna en allt kom fyrir ekki, þetta mátti ekki út af sigarettunni,“ segir Halldór sem er sonur Guðnýjar Halldórsdóttur, leikstjóra myndarinnar.

Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík, segir að reglur um þessi mál séu skýrar og að þeim sé hikaust framfylgt. „Hér má ekki hengja upp neinar auglýsingar þar sem auglýst er áfengi eða tóbak,“ segir hann og tekur fram að það gildi einu hvort um sé að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar.



VEGGSPJALDIÐ Kvikmyndin Veðramót verður frumsýnd í byrjun september. Veggspjald myndarinnar er teiknað en á því sést unglingur reykja.

Yngvi Pétursson, rektor MR, segir að reglurnar séu skýrar. „Hér má ekki hengja upp neinar auglýsingar þar sem auglýst er áfengi eða tóbak.“

„Við förum enda eftir gildandi reglugerð sem segir að reykningar séu bannaðar í og við skólann. Þessu fylgjum við stíft eftir.“ Yngvi segir þetta ekki vera í fyrsta skipti sem aðila sé neitað um að hengja upp veggspjald á þessum forsendum. „Auglýsingar og annað verða náttúrulega að vera samkvæmt reglum skólans.“ Hann segist ekki hafa skýringar á því hvers vegna Menntaskólinn í Reykjavík hafi verið eini skólinn sem meinaði Dóra að hengja spjaldið upp. „Nú veit ég ekki hvernig þetta hefur verið útfært annars staðar. Hugsanlega hefur þetta bara verið hengt beint upp og enginn spurður um leyfi.“

REGLURNAR SKÝRAR Yngvi Pétursson, rektor MR, segir að reglurnar séu skýrar. „Hér má ekki hengja upp neinar auglýsingar þar sem auglýst er áfengi eða tóbak.“



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. héldu brott 6. tímaeining 8. krot 9. gras 11. númer 12. tólf 14. arkarbrott 16. samtök 17. stefna 18. sarg 20. bardagi 21. reingslegur gangur.

## LÓÐRÉTT

1. aflast 3. hróp 4. skordýr 5. dýrahljóð 7. sakamálasaga 10. skordýr 13. hamfletta 15. hræðsla 16. for 19. tveir eins.

## LAUSN

16. autr, 19. 88.

LÓÐRÉTT: 1. fást, 3. óp, 4. rántta, 5.

urr, 7. reyfarir, 10. fló, fló, fló, 15. ótti,

11. nr, 12. tvítt, 14. fölló, 16. aa, 17.

18. urg, 20. at, 21. rígs.

LÁRÉTT: 2. fóru, 6. ár, 8. þar, 9. sér,

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Þrjú hundruð vopn.
- 2 Páll Gunnar Pálsson.
- 3 Sextíu hundar.



LEYNILEGT VERKEFNI Þau Kristlaug og Loftur hafa gert súpuna undanfarið ár og hefur hún mælst einstaklega vel fyrir. Loftur er hér byrjaður að brugga hinn magnaða seið en Kristlaug er aldrei langt undan.

KRISTLAUG MARÍA: ÞRÍR POTTAR Á HLÓÐUNUM

## Leynilögreglumaður eldar pylsusúpu á Ljósanótt

Ýmsir viðburðir Ljósanætur í Reykjanesbæ rata ekki í formlega dagskrá hátíðarinnar. Meðal þess er árleg súpu- og pylsugerð leynilögreglumansins Lofts Kristjánssonar og konu hans Kristlaugar Maríu Sigurðardóttur rithöfundar. Þau hjónin gera um 50 lítra af súpunni og eiga von á fjölda fólks í mat.

„Við erum búin að gera þetta í 5-6 ár,“ segir Kristlaug. „Í fyrra komu um 80 manns í gumbó súpuna og flestir komu tvisvar, fyrst í kvöldmat og svo aftur eftir

flugeldasýninguna. Við höldum að við hefðum gert nóg til að eiga afgang daginn eftir en það var ekki hægt að skafa dropa upp úr botni pottanna eftir daginn.“

Uppskriftin að súpunni er ættuð frá New Orleans en það tekur Loft 2-3 daga að útbúa hana. „Loftur fór til New Orleans fyrir 10 árum síðan og lærði súpugerðina af kokki þar,“ segir Kristlaug. „Hann sér alfarið um að gera súpuna, ég er bara aðstoðarkokkur. Reyndar hef ég reynt að gera hana af því að dagsdaglega er ég mun betri kokkur en hann. Ég varð þó að játa mig sigraða hvað súpuna varðar,“ segir Kristlaug og hlær.

Helstu innihaldsefni súpunnar eru kjúklingur, „heilög þrenning“ og svokallaðar anduille pylsur

auglýst er áfengi eða tóbak,“ segir hann og tekur fram að það gildi einu hvort um sé að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar. „Við förum enda eftir gildandi reglugerð sem segir að reykningar séu bannaðar í og við skólann. Þessu fylgjum við stíft eftir.“ Yngvi segir þetta ekki vera í fyrsta skipti sem aðila sé neitað um að hengja upp veggspjald á þessum forsendum. „Auglýsingar og annað verða náttúrulega að vera samkvæmt reglum skólans.“ Hann segist ekki hafa skýringar á því hvers vegna Menntaskólinn í Reykjavík hafi verið eini skólinn sem meinaði Dóra að hengja spjaldið upp. „Nú veit ég ekki hvernig þetta hefur verið útfært annars staðar. Hugsanlega hefur þetta bara verið hengt beint upp og enginn spurður um leyfi.“

„Í þrenningunni er laukur, græn paprika og sellerí sem er sett í roux – smjörbollu sem er við það að brenna. Pylsurnar fást ekki hér á landi svo við þurfum að búa þær til og gerðum það um síðustu helgi. Svo byrjuðum við súpugerðina í fyrradag og ég er með þrjá potta á hlóðunum núna.“

Kristlaug segir að þau Loftur renni blint í sjóinn hvað fjölda gesta varðar. „Fyrir fimm árum síðan komu tíu manns og fjöldinn hefur vaxið ár frá ári. Kannski kemur enginn núna,“ segir hún og hlær. Hún segir að flestir gesta séu ættingjar eða vinir. „Stundum kemur fólk sem við þekkjum ekki neitt. Það eru allir velkomnir!“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tímaritið Herðubreið kom út í gær og af því tilefni blés ritstjórnin til veglegrar veislu á barstofu blaðamanna, Ölstofnuni. Bláðið þykir fersk viðbót í flóru fjölmiðla Íslendinga en í nýjasta tölublaðinu er meðal annars farið yfir feril Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna. Fremstur í flokki veislugesta fór að sjálfsgöðu ritstjórnin sjálfur, Karl Th. Birgisson, en með honum var Guðmundur Andri Thorsson sem flutti Herðubreiðarvísur fyrir viðstadda. Flosi Eiríksson lét sitt ekki eftir liggja og reyndi að selja áskriftir í gríð og erg.



Ari Sigvaldason, fyrrum fréttamaður á RÚV og núverandi ljósmyndari, var síðan með myndavélina á lofti og þykir það nú heyra til tíðinda þegar slíkur gjörningur er leyfður á annars myndavélalausri Ölstofu.

Sérstaka athygli vakti hin heilaga þrenning sem skegggræddi atburði líðandi viku en þetta voru þeir Kristján Guy Burges og Örn Úlfar Sævarsson almannatengill sem töluðu um nýlegan frænda þriðja mannsins, Guðmundar Steingrímssonar, en eins og kunnugt er var nýlega staðfest að Lúðvík

Gizurarson var Hermannsson og þar af leiðandi náskyldur varapringmanninum. Þá mátti einnig sjá glitta í Kristján Kristjánsson, upplýsingaullrúa FL Group og Skúla Helgason auk leikstjórans Friðriks Þórs Friðrikssonar og Róberts Marshall.



## Unnið að komu Pearl Jam

Rokkarinn Chris Cornell hyggst nýta væntanlega Íslandsferð sína vel en hann heldur tónleika í Laugardalshöll laugardaginn 8. september. Rokkarinn kemur hingað ásamt eiginkonu sinni, Vicky Karayiannis, á fimmtudaginn og fer ekki fyrr en á sunnudeginum. Til stendur að fara með skötuhjúin á snjósléða og fjórhjól og má fastlega gera ráð fyrir að hann ætli einnig að ná ferðabreytunni úr sér í Bláa lóninu. Jafnframt verður blásið til mikillar veislu strax eftir tónleikana á laugardegnum á skemmtistaðnum REX en hann hefur hýst flestöll teiti þeirra stórstjarna sem leggja leið sína hingað.

Með Cornell í för verður einnig umboðsmaður hans og til stórtíðinda gæti því dregið í íslensku tónleikahaldi. Sá sér víst einnig um að binda alla lausa hnúta hjá grunge-rokksveitinni Pearl Jam og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann í hyggju að skoða hér aðstæður fyrir Eddie Vedder og félagi. Fjölmarginir tónleikahaldarar

hafa reynt að fá Pearl Jam til landsins og heimildir Fréttablaðsins herma að nú sé hafið vinnuferli sem miðar að því að fá

rokkgoðsagnirnar hingað til lands, fyrr en seinna. „Ég get ekkert tjáð mig um þetta mál,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Concert, og var þögull sem grófin þegar Fréttablaðið bar þetta undir hann.

Chris Cornell og Pearl Jam eru hins vegar bundin miklum vinaþöndum og hefur verið töluverður samgangur þar á milli. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að starfsmenn Concert muni því leggja sig enn meira fram við að gera allt sem best úr garði.

GOÐSAGNIR Pearl Jam á sér dyggan aðdáendahóp hér á landi sem myndi væntanlega fylla eina tónleikahöll eða svo.



MEIRA FYRIR NÁMSMENN

150 fríar FÆRSLUR

Landsbankinn

Náman | námsmannabjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is





# BARNASTARF KIRKJUNNAR

## FYRIR ALLA KRAKKA!

### REYKJAVÍK, KÓPAVOGUR, SOLTJARNARNES

#### Árbæjarkirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.arbaejarkirkja.is](http://www.arbaejarkirkja.is)

#### Áskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 9. september  
Nánar á [www.askirkja.is](http://www.askirkja.is)

#### Breiðholtskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)

#### Bústaðakirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.kirkja.is](http://www.kirkja.is)

#### Digraneskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.digraneskirkja.is](http://www.digraneskirkja.is)

#### Dómkirkjan

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.domkirkjan.is](http://www.domkirkjan.is)

#### Fella- og Hólakirkja

Sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.fellaogholakirkja.is](http://www.fellaogholakirkja.is)

#### Grafarvogskirkja

Alla sunnudaga í Grafarvogskirkju kl. 11:00  
á neðri hæð kirkjunnar og í Borgarholtsskóla  
kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

#### Grafarholtssókn

Alla sunnudaga kl. 11 í Ingunnarskóla  
frá 9. september  
Nánar á [www.grafarholt.is](http://www.grafarholt.is)

#### Grensáskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.kirkjan.is/grensaskirkja](http://www.kirkjan.is/grensaskirkja)

#### Hallgrímskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)

#### Háteigskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is)

#### Hjallakirkja

Alla sunnudaga kl. 13 frá 2. september  
Nánar á [www.hjallakirkja.is](http://www.hjallakirkja.is)

#### Kópavogskirkja

Alla sunnudaga kl. 12:30 í kirkjunni  
frá 2. september  
Nánar á [www.kopavogskirkja.is](http://www.kopavogskirkja.is)

#### Laugarneskirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.laugarneskirkja.is](http://www.laugarneskirkja.is)

#### Langholtskirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.langholtskirkja.is](http://www.langholtskirkja.is)

#### Lindasókn í Kópavogi

Sunnudagaskóli í Salaskóla alla sunnudaga  
kl. 11 frá 9. september.  
Nánar á [www.lindakirkja.is](http://www.lindakirkja.is)

#### Neskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.neskirkja.is](http://www.neskirkja.is)

#### Kirkja óháða safnaðarins

Barnastarf annan og fjórða sunnudag mánaðarins  
kl. 14:00 frá 9. september  
Nánar á [www.ohadisofnudurinn.is](http://www.ohadisofnudurinn.is)

#### Seltjarnarneskirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.seltjarnarneskirkja.is](http://www.seltjarnarneskirkja.is)

#### Seljakirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 9. september  
Nánar á [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

### GARÐABÆR OG HAFNARFJÖRÐUR

#### Vidalínskirkja

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.gardasokn.is](http://www.gardasokn.is)

#### Bessastaðasókn

Alla sunnudaga kl. 11 í sal Álfthanesskóla,  
frá 16. september

#### Fríkirkjan í Hafnarfirði

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 2. september  
Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is)

#### Hafnarfjarðarkirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 9. september  
Einnig í Hvaleyrarskóla kl. 11:00  
Nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)

#### Víðistaðakirkja

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 9. september  
Nánar á [www.vidistadakirkja.is](http://www.vidistadakirkja.is)

### MOSEFELLSBÆR

#### Lágafellskirkja

Alla sunnudaga kl. 13:00 frá 9. september  
Nánar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)

### VESTMANNAEYJAR

#### Landakirkja í Vestmannaeyjum

Alla sunnudaga kl. 11 frá 2. september  
Nánar á [www.landakirkja.is](http://www.landakirkja.is)







## BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

### Góðir

### Stakkfirðingar

Örnefni eru vandmeðfarin því fólk tekur við þau ástfóstri, eins og dæmin sanna. Ekki er langt síðan lá við borgarastyrjöld norður í landi vegna ágreinings um heiti á fjalli. Við sameiningu íslenskra sveitarfélaga komu upp svipuð vandamál. Sumir Keflvíkingar harðneituðu að vera annað en Keflvíkingar áfram og Njarðvíkingar tóku í svipaðan streng. Niðurstaðan var hið afleita nafn Reykjanesbær.

**NAFNID** er í fyrsta lagi afleitt vegna hrokans sem það lýsir. Þessu má líkja við að Ísafjörður héti skyndilega Vestfjarðabær – af fullkomnu tillitsleysi við Bolvíkinga, Þingeyringa, Tálknfirðinga og aðra Vestfirðinga.

Í öðru lagi er það afleitt vegna þess hve óþjált og tilgerðarlegt það er. Enginn tekur ástfóstri við svona örnefni, sem er í raun aðeins pólitísk þrautalending án tengsla við sögu, land eða lýð. Enda hafa Keflvíkingar þurkunarlaust haldið áfram að vera Keflvíkingar og Njarðvíkingar Njarðvíkingar. Þannig skila orðin „Keflvíkingur“ og „Keflvíkingar“ 13.460 niðurstöðum séu þau „gúgluð“, „Njarðvíkingur“ og „Njarðvíkingar“ 5.250 niðurstöðum en „Reykjanesbæingur“ og „Reykjanesbæingar“ samtals 27. Nafnið er ónothæft. Fyrir vikið er sungið „Ó, Keflavík“ á Ljósanótt, en ekki „Ó, Njarðvík“ eða „Ó, Reykjanesbær“. (Hvernig skyldu Siglfirðingar taka því ef Fjallabyggðarlagið héti „Ó, Ólafsfjörður“?)

**LOKS** er það ekki annað en hvítleið meinloka og lýti á landakortum að sveitarfélög verði að heita „bær“ eða „byggð“. Um árabíl hefur verið hægt að segjast vera í Hafnarfirði án þess að nokkur vaði í þeirri villu að ekki sé átt við bæinn heldur fjörðinn sem bærinn er kenndur við.

**STAKKSFIJÖRÐUR** er fallett örnefni með merkilega sögu. Þetta er breiður og djúpur fjörður sem gengur suður úr Faxaflóa og afmarkast að austan af Keilisnesi en af Stakksnípu í Hólmsbergi á Rosmhvalanesi að vestan. Hann dregur nafn sitt af stökum klettadrangi, Stakki, sem er undan Hólmsbergi. Inn úr Stakksfirði ganga tvær vikur, Keflavík og Njarðvík. Því má færa rök fyrir því að bæði Keflvíkingar og Njarðvíkingar séu Stakksfirðingar. Það gerir þá ekki að minni Keflvíkingum eða Njarðvíkingum.

**ÉG** óska öllum Stakksfirðingum til hamingju með hátíðahöld helgarnar og byggð í Stakksfirði blómlegra daga um alla framtíð.

# skapaðu ÞÉR RÝMI



HEDDA púðaver  
50x50 cm 495,-



IKEA STOCKHOLM  
hægindastóll Blad marglitað  
60x80x71 cm 24.900,-



LACK hliðarborð 55x55x45 cm ýmsir litir




LERSTA les-/gólf lampi  
Ø16, H131 cm 1.490,-

# 1.490,-



BJURSTA skenkur  
155x40x68 cm svarbrúnn 19.950,-



HEDDA RAK púðaver  
50x50 cm 895,-/2 í pk.



KNAPPA TULPAN borð lampi  
Ø32, H75 cm 2.490,-



HEDDA motta  
140x200 cm 15.990,-



ARILD 3ja sæta leðursófi 207x94x81 cm 99.900,-



TRÄBY sófaborð  
118x70x43 cm 8.990,-



LINNARP bókaskápur  
115x37x178 cm 19.950,-



BESTÅ ENÖN sjónvarpshirsla  
120x40x128 cm 12.950,-

Kjúklingalæri  
með kartöflum, sósu  
og gulrótum



540,-

NÝR  
VÖRULISTI



Opið virka daga 10.00 - 20.00  
Opið laugardaga 10.00 - 18.00  
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is